
**NYTJASTOFNAR SJÁVAR
2010/2011**

**AFLAHORFUR
FISKVEIÐIÁRIÐ 2011/2012**

State of Marine Stocks in
Icelandic Waters 2010/2011

Prospects for the
Quota Year 2011/2012

Ritstjórar: Þorsteinn Sigurðsson og Árni Magnússon.

Þessi skýrsla er unnin í umsjá sérstakrar verkefnisstjórnar um veiðiráðgjöf. Formaður verkefnisstjórnar er Björn Ævarr Steinarsson. Aðrir í verkefnisstjórn eru Árni Magnússon, Ásta Guðmundsdóttir, Einar Hjörleifsson, Einar Jónsson, Guðmundur Þórðarson, Höskuldur Björnsson, Ingibjörg Jónsdóttir, Sigurður Þ. Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson. Eftirtaldir sérfræðingar hafa einnig unnið í náinni samvinnu við verkefnisstjórn að gerð skýrslunnar: Ásgeir Gunnarsson, Ástþór Gíslason, Gísli A. Víkingsson, Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur J. Óskarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir, Gunnar Pétursson, Héðinn Valdimarsson, Hrafnkell Eiríksson, Jacob M. Kasper, Jón Sólmundsson, Jónas P. Jónasson, Jónbjörn Pálsson, Kristján Kristinsson, Sveinn Sveinbjörnsson og Þorvaldur Gunnlaugsson. Myndlistarmanninum Jóni Baldri Hlíðberg eru þökkuð afnot af teikningum í skýrslunni.

Helga Lilja Bergmann og Birkir Bárðarson önnuðust útgáfu skýrslunnar ásamt ritstjórum.

Efnisyfirlit *Contents*

Formáli (<i>Foreword</i>)	5
Ágrip (<i>Summary in Icelandic</i>)	7
1. Umhverfispættir (<i>Environmental conditions</i>)	15
2. Ástand nytjastofna (<i>State of marine stocks</i>)	17
2.1 Þorskur (<i>Cod</i>)	17
2.2 Ýsa (<i>Haddock</i>)	23
2.3 Ufsi (<i>Saithe</i>)	26
2.4 Gullkarfi og litli karfi (<i>Golden redfish and S. viviparus</i>)	29
2.5 Djúpkarfi (<i>Deep-sea redfish</i>)	32
2.6 Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	37
2.7 Lúða (<i>Halibut</i>)	39
2.8 Skarkoli (<i>Plaice</i>)	40
2.9 Sandkoli (<i>Dab</i>)	42
2.10 Skrápflúra (<i>Long rough dab</i>)	44
2.11 Langlúra (<i>Witch</i>)	46
2.12 Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>)	48
2.13 Stórkjafta (<i>Megrim</i>)	50
2.14 Steinbítur (<i>Wolffish</i>)	51
2.15 Blálanga (<i>Blue ling</i>)	53
2.16 Langa (<i>Ling</i>)	54
2.17 Keila (<i>Tusk</i>)	56
2.18 Skötuselur (<i>Anglerfish</i>)	58
2.19 Hrognkelsi (<i>Lumpsucker</i>)	60
2.20 Síld (<i>Herring</i>)	62
2.21 Loðna (<i>Capelin</i>)	66
2.22 Kolmunni (<i>Blue whiting</i>)	69
2.23 Makrill (<i>Mackerel</i>)	71
2.24 Norræna gulldepla (<i>Pearlside</i>)	73
2.25 Gulllax (<i>Greater silver smelt</i>)	74
2.26 Humar (<i>Nephrops</i>)	75
2.27 Rækja (<i>Northern shrimp</i>)	78
2.28 Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	83
2.29 Kúfsskel (<i>Ocean quahog</i>)	84
2.30 Beitukóngur (<i>Whelk</i>)	85
2.31 Sæbjúga (<i>Sea cucumber</i>)	86
2.32 Ígulker (<i>Sea urchin</i>)	87
2.33 Hvalir (<i>Whales</i>)	88
2.34 Selir (<i>Seals</i>)	91
3. Tölur (<i>Tables</i>)	93
4. English abstract	169
5. Viðaukar (<i>Appendices</i>)	175



Formáli

Í þessari skýrslu um ástand nytjastofna sjávar fiskveiðiárið 2010/2011 og aflahorfur 2011/2012 er að finna hefðbundið yfirlit yfir ástand einstakra nytjastofna, þróun veiða, stofnstærð og tillögur um hámarksafla, sem miðast við áætlað veiðiþol þeirra og varúðarsjónarmið þar sem það á við. Jafnframt er í skýrslunni stuttur kafli um mikilvæga umhverfisþætti og áhrif þeirra á lífríki sjávar.

Sem fyrr byggir skýrslan á framlagi fjölmargra starfsmanna Hafrannsóknastofnunarinnar og samstarfsaðila hennar á sjó og landi sem hér með er þakkað mikið og vel unnið starf undir stjórn Björns Ævars Steinarssonar og ritstjórn skýrslunnar undir forystu Þorsteins Sigurðssonar. Eins og jafnan hefur einnig verið fjallað um flesta mikilvægustu fiskistofnana við landið í vinnunefndum og Ráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og er lesendum sérstaklega bent á vefslóð ráðsins www.ices.dk þar sem er að finna ítarlegt efni um þessa stofna.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu hefur veiðidánartala þorsks lækkað úr 0.7 árið 2000 í 0.3 árið 2010 og veiðihlutfallið (hlutfall afla af stærð viðmiðunarstofns) hefur á sama tíma lækkað úr 35–40% í um 22%. Þessi þróun hefur haft í för með sér að árgangar endast betur í stofninum og hann fer nú vaxandi. Hlutdeild eldri fisks í afla hefur aukist þrátt fyrir að frekar lélegir árgangar séu uppistaða veiðistofns nú. Stofnstærð þorsks er talin hafa verið um 970 þúsund tonn í byrjun þessa árs sem er nokkuð hærra en áætlað var fyrir ári síðan og helgast það að stærstum hluta af því að meðalþyngdir í afla árið 2010 voru hærri en spáð hafði verið. Eftir röð slakra árganga árin 2001–2007 eru árgangar 2008 og 2009 metnir vera rétt um meðalstórir. Þeir koma í veiðistofninn á árunum 2012 og 2013. Horfur eru því á að stofninn muni áfram styrkjast ef nýting hans verður með sama hætti og nú er, þrátt fyrir að árgangur 2010 virðist lélegur samkvæmt fyrstu mælingum.

Sjómenn hafa í ræðu og riti gagnrýnt mat Hafrannsóknastofnunarinnar á stærð þorskstofnsins og telja að ástand stofnsins hafi verið mun betra undanfarin ár en niðurstöður stofnmats hafa bent til. Eins og fram kemur í þessari skýrslu hefur mikil aukning orðið í fjölda 8 ára og eldri þorsks í stofninum. Áhrif þessa gætir í verulega auknum afla á úthaldseiningu og meiri hagkvæmni við að ná í úthlutaðar aflaheimildir. Segja má að þetta séu dæmigerð einkenni þess að stjórn veiðanna og ástand stofnsins séu að færast í betra horf.

Því ber eðlilega að fagna að árangur náist í uppbyggingu þorskstofnsins eftir áralangar aðgerðir til að auka afrakstur þessarar gjöfulu auðlindar. Fyrir starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar sýnir þetta að mikilvægt er að halda á lofti faglegum sjónarmiðum varðandi skynsamlega nýtingu fiskistofnanna. Afleiðingar efnahagshrunsins á síðustu árum eru rík áminning um að sjónarmið stundarhagsmuna séu ekki látin ráða um of heldur þurfi staðfesta og sjálfbærni að ráða ferð líkt og verið hefur varðandi nýtingu fiskistofnanna á undanförunum árum.

Í þrengingum síðustu ára og missera er krafan um auknar aflaheimildir í þorskveiðunum hávæ. Víst er að strangt til tekið og til skamms tíma litið væri unnt að auka lítilsháttar aflaheimildir í þorski umfram ráðgjöf án þess að stór skaði hlytist af. Þó er ljóst að slíkt myndi draga úr líkum á að árangur næðist varðandi langtíma afrakstur stofnsins. Það er þess vegna mikilvæg niðurstaða í nýrri skýrslu samráðsvettvangs sjávarútvegsráðherra um nýtingu fiskistofna að ekki séu næg rök fyrir því að bregða út af varðaðri leið stjórnvalda um aflareglu sem ákveðin var á vormánuðum 2009. Í niðurstöðu skýrslunnar segir einnig að til að auka á festu við úthlutun aflmarks og tryggja langtíma sýn á nýtingu fiskistofnanna sé afar

brýnt að stjórnvöld, í samvinnu við atvinnugreinina og sérfræðinga, móti langtíma nýtingarstefnu og aflareglur fyrir sem flesta fiskistofna við landið. Á það er líka bent að slík stefnumótun sé í samræmi við alþjóðleg viðmið um sjálfbæra nýtingu og sé einnig skýr krafa markaðarins í dag.

Eins og greint var frá á síðasta ári hefur Hafrannsóknastofnunin unnið að fræðilegum undirbúningi setningu aflareglu fyrir ufsa og ýsu, m.a. á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Er nú ekkert því til fyrirstöðu að stjórnvöld móti nýtingarstefnu og kalli saman aðila úr atvinnugreininni ásamt sérfræðingum á sviði nýtingu fiskistofna til að gera tillögur um aflareglur fyrir þessar tvær mikilvægu fisktegundir. Jafnframt verður áfram unnið að mótun tillagna fyrir aðra fiskistofna.

Síðasta áratuginn hefur ríkt óvissa um ástand nokkurra mikilvægustu uppsjávarstofna við landið, en nú eru vonir bundnar við að ástand þeirra stofna sem hrygna við Ísland batni á næstu árum. Þannig eru nú loks merki um að sýkingin í sumargotssíldinni sé að minnka. Jafnframt sýna mælingar að loðnustofninn sé í auknum mæli aðgengilegur sem fæða fyrir aðra nytjastofna og eru horfur á að næsta loðnuvertíð geti orðið betri en verið hefur undanfarin ár. Óvíst er um orsakir þessa eða hvort hér verði um varanlegar breytingar að ræða, en leitt hefur verið að því líkum að ríkjandi hlýsjór á Norðurmiðum hafi stuðlað að veikri stöðu loðnustofnsins á árunum eftir aldamótin síðustu. Engin merki eru hins vegar um að hlýsjávarástand á Íslandsmiðum sé á undanhaldi.

Reykjavík, 8. júní 2011
Jóhann Sigurjónsson

Ágrip af skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar um nytjastofna sjávar 2010/2011 og aflahorfur fiskveiðiárið 2011/2012

2.1. Þorskur

Þorskaflí árið 2010 var 169 þús. tonn samanborið við 182 þús. tonn árið 2009. Aflamark fiskveiðiárið 2009/2010 var samkvæmt aflareglu stjórnvalda 150 þús. tonn en vegna ýmissa viðbótarheimilda og tilfærslu milli fiskveiðiára varð aflinn 168 þús. tonn. Meðalþyngd í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) og í afla hefur hækkað undanfarin ár og er á árinu 2011 um og yfir meðaltalinu frá 1985.

Heildarvísitala í SMB hefur hækkað nokkuð síðustu 4 ár, mest vegna aukningar 80 cm og stærri fisks. Fjöldavísitölur fisks undir veiðanlegri stærð hafa hins vegar breyst lítið og eru mun lægri en á árunum 1985–1989. Stofnmæling að hausti (SMH) bendir til meiri aukningar stofnstærðar á undanförunum árum en SMB.

Samkvæmt stofnmæti er viðmiðunarstofninn 2011 metinn um 970 þús. tonn og hrygningarstofninn 362 þús. tonn, vel yfir ofan bæði gát- og hættumörk. Hrygningarstofninn er nú vel yfir tvöfaldri lágmarksstærð árunna 1992–1994. Viðmiðunarstofninn er nú talinn stærri en verið hefur undanfarna tvo áratugi. Á síðustu tíu árum hefur veiðihlutfallið fallið úr 34–40% í um 22% á síðustu þremur árum og veiðidánartalan úr 0.76 árið 2000 í 0.33 árið 2010.

Meðalstærð árganga 2001–2007 sem eru uppistaðan í hrygningar- og viðmiðunarstofninum nú er 120 milljónir 3 ára nýliða, 68% af meðaltali árganga 1955–2007 sem er 175 milljónir. Árgangar 2008 og 2009 eru metnir nálægt meðallagi en árgangur 2010 lítill eða um 60% af meðaltali.

Þar sem nýliðun á undangengnum áratug hefur verið slök þá er stækkun stofnsins á undanförunum árum afleiðing af minni sókn. Samkvæmt aflareglu sem er í gildi verður aflamark fiskveiðiárið 2011/12 177 þús. tonn og ef aflareglunni er fylgt eru líkur á að afli vaxi í 200–250 þús. tonn á komandi árum. Meiri afla er ekki hægt að búast við nema nýliðun verði betri en verið hefur á undanförunum árum.

Hafrannsóknastofnunin vekur athygli á að áður en kemur að úthlutun aflahlutdeildar þarf að taka mið af væntanlegum afla sem nú er utan aflamarks. Að öllu óbreyttu er áætlað að þessi afli gæti verið um 6 þús. tonn á næsta fiskveiðiári. Auk þess leggur stofnunin til að núverandi reglur um hámarksstöskvastærð og lokanir á hrygningarslóð verði í gildi enn um sinn.

2.2. Ýsa

Ýsuaflinn á árinu 2010 var 64 þús. tonn eða 22% minni en árið 2009. Fyrir fiskveiðiárið 2010/2011 lagði Hafrannsóknastofnunin til 45 þús. tonna aflahámark en úthlutað var 50 þús. tonnum.

Nýliðun ýsu var mjög góð á árunum 1998–2003, árgangar 2004–2006 eru nærri meðallagi, árgangur

2007 fremur stór en árgangar 2008–2010 mjög litlir. Stórir árgangar frá 1998–2000 leiddu til mikillar stækkunar ýsustofnsins frá 2001–2004. Ýsustofninn hefur minnkað hratt undanfarin ár þar sem þeir árgangar sem koma í stofninn eru allir mjög litlir.

Viðmiðunarstofn ýsu þriggja ára og eldri í upphafi árs 2011 er metinn 145 þús. tonn. Meðalveiðidánartala árið 2010 er metin 0.46 en áætlað er að hún verði um 0.37 árið 2011 miðað við 50 þús. tonna afla. Framreikningar sýna að ýsustofninn mun halda áfram að minnka á næstu árum þegar stóru árgangarnir hverfa úr honum, hve hratt hann minnkar fer eftir veiðiálagi. Töluverð óvissa er um stærð stofnsins sem endurspeglast í því að líkön byggð á stofnmælingum botnfiska að hausti benda til rúmlega 20% stærri stofns en líkön byggð á stofnmælingunni í mars. Forsendur um vöxt eru einnig stór óvissuþáttur í mati á þróun stofnsins á næstu árum. Vöxtur hefur verið mjög hægur undanfarin ár en batnaði verulega árið 2010 og í ljósi sögunnar má búast við að einstaklingsvöxtur batni enn frekar á næstu árum með minnkandi stofnstærð.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að hámarksafli ýsu á fiskveiðiarinu 2011/2012 fari ekki yfir 37 þús. tonn sem svarar til að veiðidánartala sé 0.30. Við það veiðiálag eru litlar líkur á að stærð hrygningarstofnsins fari á næstu árum niður fyrir sögulegt lágmark.

2.3. Ufsi

Ufsaaflinn árið 2010 var rúm 54 þús. tonn sem er um 12% samdráttur frá árinu 2009. Meðalþyngd ufsa eftir aldri var lág 2005–2008 en hefur aukist eftir það og mælist nú nálægt langtímameðaltali.

Hrygningarstofn í ársbyrjun 2011 er metinn 88 þús. tonn og veiðidánartala árið 2010 er metin 0.37. Undanfarin ár hefur sókn í smáufsa aukist, en það dregur úr afrakstursgetu stofnsins. Í framreikningum er gert ráð fyrir að afli ársins 2011 verði 50 þús. tonn. Hrygningarstofn árið 2012 er áætlaður jafn stór og í ársbyrjun 2011, en veiðistofn um 15 þús. tonnum stærri eða 199 þús. tonn.

Í upphafi árs 2010 starfaði rýnihópur á vegum ICES sem fór yfir stofnmat ufsans við Ísland. Vinna hópsins leiddi til þess að sú veiðidánartala sem gefur hámarksafrakstur til lengri tíma hefur verið metin sem 0.28. Ennfremur var tillaga að 20% aflareglu prófuð.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að við úthlutun aflamarks verði miðað við að meðalveiðidánartala 4–9 ára ufsa verði ekki hærri en 0.28, sem þýðir að ufsaafl á fiskveiðiarinu 2011/2012 fari ekki yfir 45 þús. tonn.

2.4. Gullkarfi og litli karfi

Afli **gullkarfa** á Íslandsmiðum var áætlaður um 36 þús. tonn árið 2010 sem er rúmlega 2 000 tonnum minni afli en árið áður. Samkvæmt fjölstofnalíkani hefur veiðistofninn stækkað frá árinu 1995, eftir mikla minnkun áratuginn þar á undan. Veiðistofninn er nú metinn rúmlega 80% af því sem hann var árið 1985. Árgangar frá árunum 1996–2001 eru nú metnir stærri en áður var talið og koma í auknum mæli inn í veiðistofninn. Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í stofninn verði takmörkuð við þann fiskveiðidauða sem gefur hámarksafurkastur til lengri tíma og að gullkarfaafli á fiskveiðiárinu 2011/2012 fari ekki yfir 40 þús. tonn.

Tilraunaveiðar á **litla karfa** hófust við landið árið 1997 og var aflinn það ár tæp 1 200 tonn en minnkaði hratt til ársins 2000. Frá þeim tíma og allt til ársins 2009 var aflinn óverulegur. Beinar veiðar hófust að nýju árið 2010 og var aflinn um 2 600 tonn. Þar sem rannsóknir á þessari tegund hafa verið takmarkaðar til þessa er lítið vitað um stofnstærð hans og veiðipól. Í varúðarskyni leggur Hafrannsóknastofnunin til að sókn í stofn litla karfa verði takmörkuð þangað til frekari vitneskja um veiðipól hans liggur fyrir og að hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012 fari ekki yfir 1 500 tonn.

2.5. Djúpkarfastofnar

Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur frá árinu 2009 lagt til að stjórnunareiningar djúpkarfa verði þrjár: veiðar í Norðaustur-Grænlandshafi (neðri stofn úthafskarfa), veiðar í Suðvestur-Grænlandshafi (efri stofn) og veiðar í landgrunnshlíðum Íslands.

Áætlað er að tæp 18 þús. tonn hafi veiðst af **djúpkarfa í landgrunnshlíðum Íslands** árið 2010 sem er um 2 þús. tonna minnkun frá árinu áður. Niðurstöður úr SMH benda til þess að veiðistofninn sé lítill en stöðugur. Hafrannsóknastofnunin og Alþjóðahafrannsóknaráðið leggja til að djúpkarfaafli í landgrunnshlíðum Íslands á fiskveiðiárinu 2011/2012 fari ekki yfir 10 þús. tonn.

Efri stofn úthafskarfa hefur að mestu veiðst suður og suðaustur af Grænlandi. Litlar veiðar voru stundaðar á þessu svæði árið 2010 en aflinn varð rúm 2 000 tonn sem er svipað og árin 2008 og 2009. Árlegur afli fór hæst í um 100 þús. tonn á árunum 1993–1995. Íslensk skip hafa lítið veitt úr þessum stofni síðastliðin ár. Vegna mjög neikvæðrar þróunar stofnstærðar hefur Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðlagt að engar veiðar verði stundaðar úr efri stofni úthafskarfa.

Veiðisvæði **neðri stofns úthafskarfa** er að mestu vestan við Reykjanes hrygg, við íslensku og grænensku lögsögurnar og innan þeirrar íslensku. Skráður afli allra veiðipjóða var áætlaður tæp 62 þús. tonn árið 2010 samanborið við 52 þús. tonn árið 2009. Aflinn var á bilinu 80–140 þús. tonn árin 1995–2004. Afli Íslendinga árið 2010 var tæp 15 þús. tonn líkt og árið 2009.

Alþjóðahafrannsóknaráðið mun í október 2011 veita ráðgjöf um veiðar á stofnum úthafskarfa fyrir árið 2012. Mun þar m.a. verða byggt á niðurstöðum sameiginlegra mælinga Íslendinga, Þjóðverja og Rússa sem fram fer í júní–júlí 2011.

2.6. Grálúða

Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera af sama stofni. Heildaraflí grálúðu á þessu svæði var 26 þús. tonn árið 2010. Afli Íslendinga árið 2010 var rúm 13 þús. tonn. Afli á sóknareiningu á Íslandsmiðum hefur verið í sögulegu lágmarki síðustu ár og er þróun stofnvísitölu grálúðu árin 1996–2010 í samræmi við þróun í aflabrögðum.

Á síðustu þremur árum lögðu Alþjóðahafrannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin til mjög lítinn afli sem upphafsskref í sameiginlegri stjórnunaráætlun um nýtingu grálúðustofnsins á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. Í ljósi þess að ekkert samkomulag er um stjórn veiðanna hefur Alþjóðahafrannsóknaráðið lagt til að engar beinar veiðar verði stundaðar árið 2012. Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í grálúðu takmarkist við þá sókn sem gefur hámarksafurkastur til lengri tíma lítið. Samkvæmt bráðabirgðaútreikningum samsvarar það því að heildaraflí grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar fari ekki yfir 12 þús. tonn fiskveiðiárið 2011/2012.

2.7. Lúða

Árið 2010 var landaður lúðuafli á Íslandsmiðum um 580 tonn. Frá árinu 1996 hefur aflinn verið innan við 1 000 tonn og er það minnsti afli á svo löngu tímabili frá því að skráning hófst árið 1905. Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars hafa minnkað mikið á seinni árum og virðist ástand lúðustofnsins vera afar slæmt. Engar vísibendingar eru um aukna nýliðun í hrygningarstofninn á næstu árum.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur, í samræmi við ítrekaðar tillögur Hafrannsóknastofnunar, gefið út reglugerð um bann við beinum lúðuveiðum. Er það mikilvægt skref til verndunar stofnsins.

2.8. Skarkoli

Skarkolaafli árið 2010 var um 6 000 tonn sem er um 300 tonnum minna en árið 2009. Aldursskiptar vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars benda til þess að nýliðun hafi batnað nokkuð á undanförunum árum. Vísibendingar eru um að stofnstærð sé vaxandi og fiskveiðidánartala hafi lækkað umtalsvert á síðustu árum.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að aflamark fiskveiðiárið 2011/2012 fari ekki yfir 6 500 tonn. Auk þess leggur stofnunin til áframhaldandi friðun á hrygningarstöðvum við suður-, suðvestur- og vesturströndina á hrygningartíma.

2.9. Sandkoli

Sandkolaafli var mestur árin 1996 og 1997 eða tæp 8 000 tonn en hefur minnkað síðan og var um 610 tonn árið 2010. Afli á sóknareiningu er nú í sögulegu lágmarki. Fyrstu vísbendingar fengnar frá aflasýnum benda til þess að ekki sé að vænta góðrar nýliðunar á næstunni. Hafrannsóknastofnunin leggur til að aflamark fyrir sandkóla fiskveiðiárið 2011/2012 verði ekki hærra en sem nemur þeim sandkólaafli sem ætla má að fáið sem meðafli við aðrar veiðar. Miðað við ástand stofnsins gæti sá afli numið um 500 tonnum á fiskveiðiárinu 2011/2012.

2.10. Skrápflúra

Árið 2010 var landaður skrápflúruafli um 220 tonn en var mestur 6 400 tonn árið 1996. Vísitölur veiðistofns í stofnmælingu botnfiska hafa farið lækkandi undanfarin ár og afli á sóknareiningu var í sögulegu lágmarki á síðasta ári. Í ljósi slæms ástands stofnsins leggur Hafrannsóknastofnunin til að afli fiskveiðiárið 2011/2012 verði ekki meiri en sem nemur þeim skrápflúruafli sem ætla má að fáið sem meðafli við aðrar veiðar. Miðað við ástand stofnsins má áætla að sá afli gæti numið um 200 tonnum á fiskveiðiárinu 2011/2012.

2.11. Langlúra

Frá 1988 hefur langlúruafli verið á bilinu 900–3 000 tonn og var um 1 300 tonn árið 2010. Vísitala veiðistofns (stærri en 30 cm) náði hámarki árið 2005 en hefur lækkað síðan þá. Afli á sóknareiningu meira en tvöfaldaðist frá 1998 til 2006, en hefur minnkað síðan. Töluverð óvissa er um stofnstærð langlúru, en veiðistofninn virðist heldur hafa minnkað síðustu ár og slök nýliðun bendir til að hann muni enn minnka á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin leggur til að aflamark langlúru á fiskveiðiárinu 2011/2012 fari ekki yfir 1 100 tonn.

2.12. Þykkvalúra

Árið 2010 var þykkvalúruafli tæp 2 000 tonn. Afli á sóknareiningu hefur tvöfaldað frá því sem hann var 1993–1998. Vísitölur veiðistofns hafa haldist háar og nýliðun virðist hafa verið góð undanfarin ár. Stofnmat bendir til þess að veiðidánartölur séu mjög háar. Því er æskilegt að minnka sóknina frá því sem verið hefur. Hafrannsóknastofnunin leggur til að hámarksafli þykkvalúru fiskveiðiárið 2011/2012 verði 1 800 tonn.

2.13. Stórkjafur

Stórkjafur veiðist sem meðafli, einkum í dragnót og humarvörpu. Landaður afli 2010 var um 252 tonn. Stofnstærð og veiðiþol eru óþekkt. Hafrannsóknastofnunin gerir ekki tillögu um hámarksafli stórkjöftu fyrir fiskveiðiárið 2011/2012.

2.14. Steinbítur

Steinbítur á árinu 2010 var um 12 600 tonn, eða um 2 500 tonnum minni en árið áður. Nýliðunarvísitala steinbítur er nú í sögulegu lágmarki og vísitala

veiðistofns hefur farið lækkandi. Samkvæmt stofnmati hefur veiðistofninn farið minnkandi frá árinu 2006. Hafrannsóknastofnunin leggur til að steinbítur miðist við hámarksafkastur sem samsvarar 7 500 tonna heildarafla á fiskveiðiárinu 2011/2012. Einnig ítrekar stofnunin að steinbítur á hrygningarslóð á Látragrunni verði áfram friðaður á hrygningar- og klaktíma.

2.15. Blálanga

Blálönguafli árið 2010 var 6 900 tonn sem er mesti afli síðan 1993. Blálanga hefur um árabil aðallega veiðst sem aukaafli í botnvörpu. Á árunum 2008 til 2010 jókst hlutdeild línu í heildarafla blálöngu vegna aukinnar beinnar sóknar. Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga batnaði ástand blálöngu mikið eftir 2005 en niðurstöður haustmælinga 2010 og vormælinga 2011 benda til að stofninn kunnir nú að fara minnkandi.

Þar sem veiðiþol stofnsins er lítt þekkt og litlar rannsóknir stundaðar á tegundinni ber að fara varlega við nýtingu hans. Hafrannsóknastofnunin telur að sú mikla aflaaugning sem verið hefur undanfarið sé umfram afrakstursgetu tegundarinnar og leggur til að afli á komandi fiskveiðiári fari ekki yfir 4 000 tonn sem mun leiða til svipaðs veiðihlutfalls og var á árunum 2006 til 2009. Jafnframt að þekktum hrygningarsvæðum suður af Vestmannaeyjum og á Franshól verði áfram lokað á hrygningartíma frá 15. febrúar til 30. apríl ár hvert.

2.16. Langa

Lönguafli ársins 2010 var rúm 11 þús. tonn og hefur aflinn aukist árlega frá árinu 2001. Vísitala veiðistofns hefur verið nokkuð svipuð frá 2008 til 2011 og há í sögulegu samhengi. Frá árinu 2007 hefur vísitala veiðihlutfalls (afli/stofnvísitölu) aukist og var árið 2010 svipuð og þegar hún var hvað hæst 1994–2003.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að lönguafli fiskveiðiárið 2011/2012 fari ekki yfir 8 800 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa sem verið hefur um 1 400 tonn á undanförunum tveimur árum. Ráðgjöfin byggir á að veiðihlutfall verði svipað og á árunum 2004 til 2008 auk þess sem að frumniðurstöður stofnmats benda til að það veiðihlutfall sé nálægt kjörsókn ($F_{0.1}$).

2.17. Keila

Keiluaflinn árið 2010 var tæp 9 000 tonn og er það mesti afli frá árinu 1992. Stærstur hluti aflans er veiddur á línu. Vísitala veiðistofns fór hækkandi árin 2001 til 2005 og hefur verið stöðug síðan þá. Vísitala ungfisks hefur hinsvegar lækkað mikið síðan 2006 og er nú nálægt sögulegu lágmarki. Stofnmat og ráðgjöf keilu byggist á Gadget líkaninu í samræmi við niðurstöður Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Hafrannsóknastofnunin leggur til að heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2011/2012 fari ekki yfir 6 900 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa, sem hefur að jafnaði verið fjórðungur aflans á undanförunum árum.

Ráðgjöfin byggir á að hámarka afrakstur til lengri tíma lítið. Jafnframt er lagt til áframhaldandi veiðibann á uppvaxtarsvæðum við Suðaustur- og Suðurland til verndar smákeilu.

2.18. Skötuselur

Skötuselsaflinn á árinu 2010 var tæp 3 300 tonn sem er næstmesti afli sem fengist hefur á Íslands-miðum. Þar sem skötuselur vex mjög hratt fyrstu árin má auka afraksturinn með því að draga úr sókn í ungfisk sem veiðist yfirleitt sem aukaafli, sérstaklega við humarveiðar. Niðurstöður úr stofnmælingum og afli á sóknareiningu benda til að veiðistofninn sé enn í tiltölulega góðu ástandi enda nýliðun mjög góð frá 1998 til 2007. Árgangar 2008, 2009 og 2010 eru hinsvegar taldir slakir miðað við áratugin þar á undan. Þessir lélegu árgangar munu bætast í veiðistofninn á næstu árum og því fyrirsjáanlegt að stofninn minnki verulega verði sókn í veiðistofninn svipuð og undanfarin ár. Hafrannsóknastofnunin leggur til að hámarksafli skötusels fiskveiðiárið 2011/2012 verði 2 500 tonn og að leitað verði leiða til að draga úr meðafli ungs skötusels við togveiðar.

2.19. Hrognkelsi

Á árinu 2010 veiddust 8 700 tonn af grásleppu við Ísland, eða næstum helmingi meira en meðaltal árána 1971–2019, sem er 6 100 tonn. Veiðarnar einkennast af miklum breytingum í afla frá ári til árs og ráða markaðsaðstæður nokkru um. Sókn og fjöldi leyfa til grásleppuveiða hafa aukist síðustu þrjú ár. Lækkun stofnvísitölu grásleppu, hækkun vísitölu veiðihlutfalls og lækkun fjöldavísitölu rauðmaga benda til þess að gæta þurfi aukinnar varúðar við hrognkelsaveiðarnar. Hafrannsóknastofnunin mælir með því að á fiskveiðiárinu 2011/2012 verði veiðar á grásleppu takmarkaðar við 3 700 tonn, sem miðar að því að vísitala veiðihlutfalls (afli/stofnvísitölu) verði ekki hærri en meðaltal árána 1985–2010. Þessi ráðgjöf verður endurskoðuð að lokinni stofnmælingu í mars 2012. Jafnframt er lagt til að leyft verði að sleppa öllum lifandi hrygndum grásleppum, þar sem verðmæti þeirra er lítið, og að áhersla verði lögð á skráningu og efiirlit með rauðmagaveiðum og hrognkelsum sem aukaafli við aðrar veiðar.

2.20. Síld

Á vertíðinni 2010/2011 varð afli úr stofni **íslensku sumargotssíldarinnar** tæp 44 þús. tonn. Hrygningarstofninn árið 2011 er metinn 218 þús. tonn í byrjun vertíðar 2011/2012. Á vertíðinni 2010/2011 herjaði *Ichthyophonus* sýking á stofninn þriðja árið í röð og er talið að rúm 30% veiðistofnsins hafi drepist af völdum hennar veturinn 2010/2011. Rannsóknir á hlutfalli sýkingar og áhrifum hennar á væntanlega þróun stofnstærðar verða gerðar í leið-öngurum í júlí og aftur eins snemma og mögulegt er í haust. Hafrannsóknastofnunin mælir með 10 þús. tonna bráðabirgðaafلامarki til sýnatöku og mun veita endanlega ráðgjöf um hámarksafli fyrir fiskveiðiárið 2011/2012 í haust.

Árið 2010 veiddu Íslendingar um 206 þús. tonn úr **norsk-íslenska síldarstofninum**. Heildarveiðin er áætluð um 1,5 milljón tonna. Fyrir árið 2011 hefur Alþjóðahafrannsóknaráðið lagt til 988 þús. tonna aflamark og samkvæmt samkomulagi eru aflaheimildir Íslendinga árið 2011 rúm 143 þús. tonn. Alþjóðahafrannsóknaráðið veitir ráðgjöf um hámarksafli fyrir árið 2012 í október 2011.

2.21. Loðna

Fyrir loðnuvertíðina 2010/2011 var úthlutað 390 þús. tonna aflamarki að loknum mælingum á veiðistofninum í febrúar 2011 og varð heildaraflinn 390 þús. tonn en afli íslenskra skipa varð 327 þús. tonn. Veiðistofninn hefur verið í mikilli lægð síðustu ár. Afli á vertíðinni 2011/2012 byggist á kynþroska hluta árgangsins frá 2009 auk hluta árgangsins frá 2008 sem ekki hrygndi veturinn 2011. Töluvert mældist af ókynþroska loðnu haustið 2010 og eru því forsendur til að leggja til upphafsafلامark fyrir vertíðina 2011/2012. Hafrannsóknastofnunin leggur til aukna varúð við ákvörðun upphafskvóta og að hann verði 50% af reiknuðum kvóta í stað 67% áður. Það samsvarar 366 þús. tonna upphafskvóta. Endanlegt aflamark verði síðan ákveðið að loknum mælingum á stofninum haust/vetur 2011/2012 að teknu tilliti til þess að 400 þús. tonn verði skilin eftir til hrygningar vorið 2012. Ennfremur leggur Hafrannsóknastofnunin til að veiðar á vertíðinni 2011/2012 hefjist ekki fyrr en í október, að loknum aðal vaxtartíma loðnunnar.

2.22. Kolmunni

Árið 2010 veiddu Íslendingar um 88 þús. tonn af kolmunna og heildaraflinn í Norður-Atlantshafi er talinn hafa verið um 540 þús. tonn. Í mars–apríl 2011 mældist stofninn á hrygningarslóð vestan Bretlandseyja um 45% stærri en árið 2010. Samkvæmt stofnmæti sem gert var árið 2010 minnkaði hrygningarstofn kolmunna um 80% á tímabilinu 2003–2010.

Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur lagt til að ekki verði veitt meira en 40 þús. tonn árið 2011 og á aðalfundi Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðiráðsins (NEAFC) í október 2010 var samþykkt að veiðar úr stofninum árið 2011 yrðu ekki meiri en 44 þús. tonn. Hlutur Íslendinga er samkvæmt því um 6 500 tonn árið 2011. Alþjóðahafrannsóknaráðið veitir ráðgjöf um hámarksafli fyrir árið 2012 í október 2011.

2.23. Makrill

Undanfarin fjögur sumur hefur makrillgengd aukist á miðunum austur, suður og vestur af landinu og er það talið tengjast hlýnun sjávar. Í júlí og ágúst 2006 og 2007 fékkst makrill sem meðafli (4 þús. og 36 þús. tonn) í veiðum á norsk-íslenskri síld fyrir Austurlandi og sumrin 2008–2010 voru miklar makrillveiðar stundaðar þar. Samkvæmt stofnmæti sem gert var í október 2010 fór hrygningarstofninn stækkandi á árunum 2003–2010 og er metinn tæpar

3 millj. tonna árið 2011. Gert er ráð fyrir að aflinn á árinu 2010 hafi orðið verið yfir 900 þús. tonn sem er verulega umfram ráðgjöf. Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til að heildaraflinn árið 2011 yrði á bilinu 592–646 þús. tonn. Ekki hefur náðst samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr stofninum um skiptingu aflans. Alþjóðahafrannsóknaráðið veitir ráðgjöf um hámarksafla fyrir árið 2012 í október 2011.

2.24. Gulldepla

Tilraunaveiðar með flotvörpu á norrænu gulldeplu hófust í desember 2008 en aðeins veiddust nokkur tonn. Aflinn árið 2009 var um 46 þús. tonn og tæp 18 þús. tonn árið 2010. Hafrannsóknastofnunin leggur til að varlega verði farið í nýtingu stofnsins og hámarksafl fiskveiðiárið 2011/2012 verði 30 þús. tonn.

2.25. Gulllax

Aflinn árið 2010 var í sögulegu hámarki eða rúm 16 þús. tonn og hefur aukist ár frá ári síðan 2007 er hann var ríflega 4 000 tonn. Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga að hausti lækkaði vísitala veiðistofns gulllax um 40% frá 2009 til 2010.

Upplýsingar um afrakstursetu stofnsins eru takmarkaðar. Hafrannsóknastofnunin leggur til að afli fari ekki yfir 6 000 tonn fiskveiðiárið 2011/2012. Ráðgjöfin byggir á lækun stofnvísitalna og að veiðihlutfall verði svipað og var á árunum 2007 til 2009 er stofninn virtist vera í jafnvægi. Þá er ítrekuð fyrri ráðgjöf um að varúðar sé þörf við nýtingu stofnsins og stjórn veiðanna.

2.26. Humar

Humaraflinn árið 2010 var 2 540 tonn, samanborið við 2 464 tonn árið 2009. Stofnvísitalan hefur farið lakkandi frá árinu 2008 en mælist enn yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs. Afli á sóknareiningu árið 2010 var 74 kg, nokkru minni en 2007–2009. Veiðistofn humars (6 ára og eldri) árið 2011 er nú metinn rúm 16 þús. tonn eða heldur minni en áætlað var á síðasta ári. Stofninn minnkaði í sögulegt lágmark um 1995 sökum fremur slakrar nýliðunar og mikillar sóknar á Suðausturmiðum árin 1991–1994. Stækkun stofnsins á síðustu árum má rekja til stærri árganga frá og með árunum eftir 1994–1995 og hóflegar sóknar í stofninn. Hafrannsóknastofnunin leggur sem fyrr til að aflinn miðist við kjörsókn, og að humarafl fiskveiðiárið 2011/2012 fari ekki yfir 2 000 tonn.

2.27. Rækja

Engar rækjuveiðar hafa verið leyfðar á grunnslóð undanfarin ár að undanskildum miðunum við Snæfellsnes og í Arnarfirði. Hafrannsóknastofnunin leggur til að upphafsafli fyrir veiðisvæðið við Snæfellsnes verði 850 tonn á komandi fiskveiðiári. Þá er lagt er til að engar veiðar verði stundaðar á öðrum grunnslóðarsvæðum nema kannanir haustið 2011 gefi tilefni til.

Rækjuafli á djúpslóð var 6 404 tonn árið 2010 en var um 65 þús. tonn árið 1997. Stofnvísitala rækju var líkt og undanfarin ár nærri sögulegu lágmarki. Slök nýliðun rækju undanfarin sex ár bendir til að stofnstærð úthafs rækju muni ekki aukast í bráð. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að aflamark úthafs rækju fyrir fiskveiðiárið 2011/2012 verði 7 000 tonn.

2.28. Hörpudiskur

Engar hörpudisksveiðar voru heimilaðar fiskveiðiárið 2010/2011. Stærð veiðistofnsins í Breiðafirði hefur minnkað ört frá því sem var á árunum 1993–2000 og stofninn mælist nú aðeins um 14% (í þyngd) af því sem hann var þá. Hnignun stofnsins má rekja til stóraukinna dauðsfalla á skelmiðum Breiðafjarðar vegna frumdýrasýkingar. Auk þess virðast árgangar frá 2004–2009 vera óvenju slakir. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að veiðar á hörpudiski verði ekki heimilaðar fiskveiðiárið 2011/2012, niunda árið í röð.

2.29. Kúfiskel

Veiðar á kúfiskel til manneldis hafa verið stundaðar með hléum síðan 1987 og hefur ársafli verið mjög breytilegur en var mestur rúm 14 þús. tonn árið 2003. Árið 2009 lögðust allar veiðar með vatnsþrýstiplógi af og var landaður afli árið 2010 aðeins 1 tonn. Hafrannsóknastofnunin leggur til að aflamark verði bundið við ákveðin veiðisvæði. Í varúðarskyni leggur stofnunin einnig til að afli á tilteknu tímabili (4–7 ár) verði að jafnaði ekki meiri en 2,5% af áætlaðri stofnstærð eða samtals 31 500 tonn fiskveiðiárið 2011/2012 fyrir svæðið frá Garðskaga réttisælis að Ingólfshöfða.

2.30. Beitukóngur

Gildruveiðar á beitukóngi hófust í Breiðafirði árið 1996. Aflinn var 142 tonn árið 2010 samanborið við 116 tonn árið 2009. Lítið er vitað um stofnstærð beitukóns við Ísland og því ber að fara varlega í nýtingu stofnsins.

2.31. Sæbjúga

Tilraunaveiðar á sæbjúgum til manneldis hófust 2003 en landaður afli var litill sem enginn til ársins 2008, þegar hann var 998 tonn. Árið 2010 var aflinn 2 246 tonn. Lítið er vitað um útbreiðslu og stofnstærð sæbjúgna við landið. Við stjórnun veiðanna hefur verið miðað við að níu bátar stundi veiðarnar á þremur undirsvæðum við landið og Hafrannsóknastofnunin leggur til að afli fari ekki yfir 10% af áætlaðri stofnstærð á hverri veiðislóð innan hvers svæðis fyrir sig.

2.32. Ígulker

Veiðar á ígulkerum hófust hér við land árið 1993 og náðu hámarki um 1 500 tonnum árið 1994. Mikill samdráttur varð í veiðum og lögðust þær að mestu niður á árunum 1997–2003. Helsta veiðisvæðið hefur

frá upphafi verið Breiðafjörður og hófust veiðar þar að nýju árið 2004 og árin 2007 og 2008 voru veidd um 130 tonn hvort ár, 140 tonn 2009 og 146 tonn árið 2010. Afli á sóknareiningu var 405 kg á togtíma árið 2010 en hefur sveiflast á bilinu 380–480 kg frá árinu 2006. Svæði með ígulkerum af viðunandi gæðum eru mjög afmörkuð að stærð og því ber að fara varlega í nýtingu þeirra.

2.33. Hvalir

Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni. Árið 2006 hófust atvinnuveiðar að nýju með veiðum á hrefnu og langreyði.

Samkvæmt úttektum vísindanefnda IWC og NAMMCO er ástand **hrefnustofnsins** við Ísland gott og stofnstærðin metin nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Á grundvelli nýrra úttekta á vegum IWC og NAMMCO mælir Hafrannsóknastofnunin með að árlegar veiðar nemi að hámarki 216 hrefnum á íslenska landgrunns-
svæðinu og auk þess 121 hrefnu á svokölluðu Jan Mayen undirsvæði (CM), sem að hluta til er innan íslenskrar lögsögu. Ráðgjöf þessi gildir fyrir almanaksárin 2011 og 2012.

Niðurstöður talninga á **langreyði** frá 2007 benda til að heildarstofninn á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/JM (EGI) sé um 21 þús. dýr, sem er svipað og niðurstöður úr talningum frá 1995 og 2001. Á grundvelli nýrra úttekta á vegum IWC og NAMMCO mælir Hafrannsóknastofnunin með að árlegar veiðar á hefðbundnum hvalveiðimiðum vestan Íslands nemi að hámarki 154 langreyðum almanaksárin 2011 og 2012. Ráðgjöfin byggir á sjónarmiðum um sjálfbærni og varúðarnálgun.

2.34. Selir

Alls bárust upplýsingar um veiðar á 451 sel við Ísland árið 2010, þar af voru 190 landselir, 147 útselir, 35 vöðuselir, einn kampselur, einn blöðruselur og 77 selir af óþekktum tegundum. Samkvæmt talningum í ágúst 2006 var stofnstærð landsels metin um 12 þús. dýr og hefur stofninn minnkað verulega síðan árið 1980 er hann var metinn um 34 þús. dýr. Haustin 2008 og 2009 voru útselskópar taldir og stofninn metinn um 6 100 dýr sem er svipað og niðurstöður frá 2005. Því virðist útselsstofninn vera að ná sér á ný eftir stöðuga minnkun á árunum 1990 til 2002 þegar hann fór úr um 12 þús. dýrum í um 5 500 dýr.

Tafla 1.

Tillögur um hámarksafla fiskveiðiarin 2011/2012 og 2010/2011, ásamt aflamarki samkvæmt ákvörðun stjórnvalda fiskveiðiárið 2010/2011 (þús. tonn).

TACs recommended by the Marine Research Institute for the quota years 2011/2012 and 2010/2011, and national TACs for the quota year 2010/2011 (thous. tonnes).

Tegund <i>Species</i>	Tillaga 2011/2012 <i>Recomm. TAC 2011/2012</i>	Tillaga 2010/2011 <i>Recomm. TAC 2010/2011</i>	Aflamark 2010/2011 <i>National TAC 2010/2011</i>
Þorskur (<i>Cod</i>)	177 ¹⁾	160 ¹⁾	160
Ýsa (<i>Haddock</i>)	37	45	50
Ufsi (<i>Saithe</i>)	45	40	50
Gullkarfi (<i>Golden redfish</i>)	40	30	37.5
Litli karfi (<i>Sebastes viviparus</i>)	1.5	-	-
Djúpkarfi (<i>Deep-sea redfish</i>)	10	10	12.5
Úthafskarfi (<i>Pelagic redfish</i>)	- ²⁾	20 ³⁾	60 (11.8) ⁴⁾
Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	12 ³⁾	5 ³⁾	25 (13) ⁴⁾
Skarkoli (<i>Plaice</i>)	6.5	6.5	6.5
Sandkoli (<i>Dab</i>)	0.5 ⁵⁾	0.5 ⁵⁾	0.5
Skráplúra (<i>Long rough dab</i>)	0.2 ⁵⁾	0.2 ⁵⁾	0.2
Langlúra (<i>Witch</i>)	1.1	1.3	1.3
Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>)	1.8	1.8	1.8
Steinbítur (<i>Wolffish</i>)	7.5	8.5	12
Íslensk sumargotssild (<i>Herring</i>)	10 ⁶⁾	40	40
Norsk-íslensk vorgotssild (<i>Atlanto-Scandian herring</i>)	- ²⁾	988	988 (143) ⁴⁾
Loðna (<i>Capelin</i>)	366 ⁷⁾	390	390
Kolmunnur (<i>Blue whiting</i>)	- ²⁾	40	44 (6) ⁴⁾
Makrill (<i>Mackerel</i>)	- ²⁾	592–646	864 (155) ⁴⁾
Gulldepla (<i>Pearlside</i>)	30	-	-
Blálanga (<i>Blue ling</i>)	4	-	-
Langa (<i>Ling</i>)	8.8	7.5	7.5
Keila (<i>Tusk</i>)	6.9	6	6
Gulllax (<i>Argentines</i>)	6	8	-
Skötuselur (<i>Anglerfish</i>)	2.5	2.5	3.6
Hrognkelsi (<i>Lumpsucker</i>)	3.7	-	-
Humar (<i>Nephrops</i>)	2.0	2.1	2.1
Rækja á grunnsli (<i>Inshore shrimp</i>)	0.85 ^{7),8)}	0.85	0.4
Rækja á djúpsli (<i>Offshore shrimp</i>)	7	7	-
Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	0	0	0
Kúfiskel (<i>Ocean quahog</i>)	31.5	31.5	-
Hrefna (<i>Common minke whale</i>) ⁹⁾	216	216	200
Langreyður (<i>Fin whale</i>) ⁹⁾	154	154	154

1) Samkvæmt aflareglu. *According to management plan.*2) Ráðgjöf fyrir almanaksárið 2012 verður veitt í október 2011. *Recommended TAC for calendar year 2012 will be given in October 2012.*3) Aflamark á öllu útbreiðslusvæði stofns fyrir almanaksár. *TAC for the total area of distribution for calendar year.*4) Samanlagt heildaraflamark allra veiðipjóða og aflamark ákveðið fyrir Ísland (í sviga). *Total TAC and national TAC within parenthesis.*5) Aflamark verði ekki hærra en sem nemi þeim afla er ætla má að fáist sem aukaafli við aðrar veiðar. *Recommended TAC not to exceed expected bycatch levels caught in other fishing operations.*6) Bráðabirgðaafllamark til að tryggja sýnatöku úr afla. Endurskoðað í haust. *Provisional TAC to ensure samples from the stock. Advice will be given in autumn.*7) Tillaga um afla í upphafi vertíðar. *Provisional TAC.*8) Svæðið við Snæfellsnes. *Snæfellsnes area.*9) Fjöldi dýra innan íslenska landgrunnins. *Number of animals within the Icelandic shelf area.*

Tafla 2.

Aðrar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir fiskveiðiárið 2011/2012.

Additional advice for the quota year 2011/2012.

Borskur – Við úthlutun aflamarks til íslenskra skipa verði tekið mið af afla erlendra skipa og annars afla sem nú er utan aflamarks. Þá er lagt til að svæðalokanir á hrygningarslóð og reglur um hámarks möskvastærð neta verði áfram í gildi enn um sinn.

Lúða – Bann við beinni sókn og gripið verði til frekari aðgerða til verndunar smálúðu.

Skarkoli – Áframhaldandi friðun á hrygningarstöðvum við suður-, suðvestur- og vesturströndina á hrygningartíma.

Sandkoli – Engar beinar veiðar.

Skrápflúra – Engar beinar veiðar.

Steinbítur – Áframhaldandi friðun á hrygningarsvæðum á Látragrunni á hrygningar- og klaktíma.

Blálanga – Þekktum hrygningarsvæðum verði áfram lokað á hrygningartíma.

Langa – Við úthlutun aflamarks til íslenskra skipa verði tekið mið af afla erlendra skipa. Varað við veiðum langt umfram aflamark.

Keila – Við úthlutun aflamarks til íslenskra skipa verði tekið mið af afla erlendra skipa. Áframhaldandi veiðibann á afmörkuðum uppvaltarsvæðum við Suður- og Suðausturland til verndar smákeilu.

Skötuselur – Leitað verði leiða til að draga úr meðafla ungs skötusels við togveiðar.

Hrognkelsi – Leyft verði að sleppa öllum lifandi, hrygndum grásleppum.

Kúfskel – Aflamarki verði úthlutað eftir svæðum með tilliti til stofnstærðar á hverju svæði.

Sæbjúga – Afli fari ekki yfir 10% af áætlaðri stofnstærð hvernar veiðislóðar.

Cod – Expected catches by foreign vessels and other catches not subject to TAC be subtracted from the TAC before allocation of quota to Icelandic vessels. Regulation act on the closure of spawning areas during spawning season and minimum legal mesh size of gillnets to be still in effect.

Atlantic halibut – Ban on directed halibut fishery and implementation of conservation act in order to protect juveniles.

Plaice – Continuing closure of the spawning areas off the south, southwest and west coast of Iceland during the spawning season.

Dab – No targeted fishery.

Long rough dab – No targeted fishery.

Atlantic wolffish – Continuing closure of the spawning areas off the west coast of Iceland (Látragrunn) during spawning season.

Blue ling – Continuing closure of known spawning areas during spawning time.

Ling – Subtract expected catches by foreign vessels from TAC before allocation of quota to Icelandic vessels and constrain catches to TAC.

Tusk – Subtract expected catches by foreign vessels from TAC before allocation of quota to Icelandic vessels. Continuing ban on fishery in nursery areas in South and Southeast Icelandic waters in order to protect juveniles.

Anglerfish – Effort should be made to reduce bycatch of juveniles in trawl fisheries.

Lumpsucker – All living, spent females be released alive.

Ocean quahog – TAC should be divided by areas according to stock size in each area.

Sea cucumber – Annual catch not exceeding 10% of estimated biomass within each fishing area.

1. UMHVERFISÞÆTTIR *Environmental conditions*

Mat á árferði í sjónum við Ísland hefur að hluta verið byggt á gögnum sem safnað er í vorleiðangri sem farinn er í maí/júní á hverju ári. Í þeim leiðangri er farið um miðin umhverfis landið til þess að athuga almennt ástand sjávar, gróðurs og átu. Áhersla er lögð á sambærilega gagnasöfnun frá ári til árs til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða í sjónum við landið. Endurteknar athuganir hafa einnig verið gerðar á sömu stöðum á öðrum árstímum en í skemmri tíma.

Niðurstöður sýna að ástand sjávar er mjög breytilegt á hinum ýmsu svæðum við landið frá ári til árs. Rannsóknir undanfarinna ára benda til þess að hlýsjór á Norðurmiðum stuðli oftast að aukinni heildarframleiðni, en flókið samspil margra mismunandi umhverfisþátta hefur áhrif á fæðukeðjuna og afrakstur nytjastofna á Íslandsmiðum. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um árferðið í sjónum við Ísland undanfarin ár. Ítarlegri upplýsingar er að finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, *Þættir úr vistfræði sjávar*, Hafrannsóknir nr. 158 (2011).

1.1. Hiti og selta við Norðurland


Á hverju vori í meira en hálfá öld hafa hiti og selta verið mæld út af Siglunesi (mynd 1.1). Þessar athuganir virðast góður mælikvarði á almennt ástand sjávar á Norðurmiðum og innflæði hlýs og selturíks Atlantssjávar inn á hafsvæðið. Eftir hlýviðrisskeið á norðanverðu Norður-Atlantshafi tók að kólna á sjöunda áratugnum. Svonefnd hafísár 1965–1971 tóku við með köldum og seltulitlum pólsjó í Íslandshafi. Eins og sjá má hafa skipst á hlý og köld ár síðan


árið 1971 og voru árin 1979 og 1995 köldustu árin eftir hafísárin. Niðurstöður mælinga síðustu áratuga sýna að heldur hlýnaði á Norðurmiðum eftir 1995. Síðan 1998 hafa hiti og selta verið um eða yfir meðallagi. Vorin 2006 til 2008 voru hiti og selta yfirborðslaga (0–50 m) nærri meðallagi en vel yfir meðallagi árin 2009 til 2011. Á meira dýpi hafa hiti og selta oftast verið yfir meðallagi síðasta áratuginn og endurspeglar það hærri hita og seltu í hlýsjónum sunnan og vestan við landið undanfarin ár (mynd 1.2).

1.2. Botnhiti

Hiti sjávar við botn á Íslandsmiðum endurspeglar jafnan hitadreifingu í efri lögum sjávar. Botnhitinn er að jafnaði lægri fyrir norðan og austan landið vegna áhrifa kaldsjávar úr norðri en hærri fyrir sunnan og vestan land vegna áhrifa hlýsjávar úr suðri. Á mynd 1.2 má sjá meðalhita úr vatnssúlunni 50–100 m yfir botni á nokkrum stöðum umhverfis landið. Nema fyrir Norðurlandi þar sem meðaltalið er reiknað fyrir 150–300 m dýpi.

Botnhiti á landgrunninu er yfirleitt lægstur í febrúar–mars og hæstur í ágúst–september eða jafnvel síðar á árinu. Árssveifla er mest þar sem grynnt er við landið, en minnkar með vaxandi dýpi. Utan við landgrunnsbrúna norðan og austan lands er botnhiti alltaf undir 0°C (djúpsjór Norðurhafa). Úti fyrir miðju Norðurlandi (í Eyjafjarðarál, dýpi allt að 700 m) nær kaldur djúpsjórinn nálægt landi og skiptir Norðurmiðum í vestari og eystri hluta. Í landgrunnshlíðunum sunnan og vestan lands fer botnhiti einnig lækkandi með vaxandi dýpi en þó fer hann





Mynd 1.2. Frávik frá meðalhita yfir botni (°C) árána 1971–2011 á mismunandi svæðum umhverfis Ísland í maí/júní.

Fig. 1.2. Temperature anomalies (°C) near bottom in Icelandic waters in May/June for the years 1971 to 2011.

ekki mikið niður fyrir 4°C.


Hiti hefur að jafnaði verið yfir meðallagi síðasta áratuginn (mynd 1.2) allt í kringum landið. Mælingar ársins 2011 sýna botnhita að vori áfram við eða yfir meðallagi.

1.3. Dýrasvif

Átan gegnir mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar, því auk þess að vera fæða uppsjávarfiskistofna eins og sildar og loðnu er hún aðalfæða allra fiskistofna á meðan þeir eru á lirfu- og seiddastigi. Talið er að það geti skipt sköpum fyrir afkomu fisklirfa að nóg sé af átu þegar þær eru að byrja að afla sér fæðu. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar hafa sýnt tengsl á milli átumagns að vorlagi fyrir suðvestan landið annars vegar og fjölda þorskeiða í ágúst og nýliðunar þorsks hins vegar. Þótt þessi tengsl séu veik, eru þau vísbending um vistfræðilegt sambandi á milli vaxtar og viðgangs lífvera í lægstu þrepum fæðukeðjunnar og þeirra sem ofar eru.

Árlegar sveiflur í átumagni fyrir sunnan og norðan landið eru nokkum veginn í takt. Á mynd 1.3 eru sýndar niðurstöður mælinga fyrir Norðurlandi á átumagni (á Siglunessniði) en þar er lengsta tímaröðin.

Árið 2010 var átumagnið fyrir Norðurlandi yfir langtímameðaltali, en bráðabirgðaniðurstöður benda til að átumagn í maí 2011 sé undir meðallagi.



Mynd 1.3. Átumagn (g þurrvigt m^{-2} , 0–50 m) að vorlagi á Siglunessniði árin 1961–2011. Súlurnar sýna meðaltöl allra stöðva á sniðinu. Gildið fyrir árið 2011 er bráðabirgðatala sem getur breyst við endanlega úrvinnslu.

Fig. 1.3. Zooplankton biomass (g dry weight m^{-2} , 0–50 m) in spring at Siglunes section in 1961–2011. The columns show means for all stations at the section. Provisional value for 2011.

2. Ástand nytjastofna


2.1. ÞORSKUR *Gadus morhua*



2.1.1. Afli, sókn og árgangaskipan í veiðum

Heildarafli úr íslenska þorskstofninum árið 2010 var 169 þús. tonn samanborið við 182 þús. tonn árið 2009 (tafla 3.1.1 og mynd 2.1.1). Aflamark fiskveiðiárið 2009/2010 var samkvæmt aflareglu stjórnvalda 150 þús. tonn en heildarafli varð 168 þús. tonn. Af þessum afla umfram aflareglu voru rúm 11 þús. tonn fyrir séð (strandveiðar, undirmál, VS-afli, afli útlendinga) en auk þess var flutningur á aflaheimildum milli fiskveiðarára tæp 6 000 tonn. Heildarafلامark og afli eftir fiskveiðiarum eru sýnd í töflu 2.1.1 ásamt afla erlendra skipa.

Á árinu 2010 voru 42% aflans veidd í botnvörpu, 32% á línu, 11% í net, 6% á handfæri og 6% í dragnót (mynd 2.1.1). Mesta breytingin á undanförunum árum er vaxandi hlutdeild línu síðan 2005 og minnkandi hlutdeild neta. Árið 2010 var hlutdeild



ÞORSKUR. Veiðisvæði við Ísland árið 2010 (tonn/sjm²). Veiðisvæði mismunandi veiðarfæra eru sýnd í viðauka 5.2.

COD. Fishing grounds in 2010 (tonnes/nmi²). Further information by gear type are given in Appendix 5.2.

TAFLA 2.1.1
ÞORSKUR. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildarafلامark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonna) árin 1984–1991 og fiskveiðiarin 1991/1992–2010/2011.

COD. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–1991 and the quota years 1991/1992–2010/2011.

Ár Year	Tillaga Rec. TAC	Heildarafلامark National TAC	Aflamark Færeyinga Quota (Faroes) ¹⁾	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others) ¹⁾	Afli alls Total catch
1984 ¹⁾	200	242 ²⁾	2.0	281	2.0	283
1985 ¹⁾	200	263 ²⁾	2.0	323	3.0	326
1986 ¹⁾	300	300 ²⁾	2.0	365	3.0	369
1987 ¹⁾	300	330 ²⁾	2.0	390	2.0	392
1988 ¹⁾	300	350	2.0	376	2.0	378
1989 ¹⁾	300	325	2.0	354	2.0	356
1990 ¹⁾	250	300	2.0	333	2.0	335
1991 ³⁾	240	245	1.5	243	2.0	244
1991/92 ⁴⁾	250	265	1.0	273	1.9	275
1992/93 ⁴⁾	190	205	0.7	240	0.8	241
1993/94 ⁴⁾	150	165	0.7	196	0.9	197
1994/95 ⁴⁾	130	155	0.7	164	0.7	165
1995/96 ⁴⁾	Aflaregla	155 ⁵⁾	0.7	169	0.6	170
1996/97 ⁴⁾	Aflaregla	186 ⁵⁾	0.7	201	0.4	202
1997/98 ⁴⁾	Aflaregla	218 ⁵⁾	0.7	227	1.1	228
1998/99 ⁴⁾	Aflaregla	250 ⁵⁾	1.0	253	1.4	254
1999/00 ⁴⁾	Aflaregla	250 ⁵⁾	1.0	256	1.3	257
2000/01 ⁴⁾	Aflaregla	220 ⁶⁾	1.0	222	1.3	223
2001/02 ⁴⁾	Aflaregla	190 ⁶⁾	1.0	217	1.3	218
2002/03 ⁴⁾	Aflaregla	179 ⁶⁾	1.0	197	7.1	204
2003/04 ⁴⁾	Aflaregla	209 ⁶⁾	1.0	219	7.5	226
2004/05 ⁴⁾	Aflaregla	205 ⁶⁾	1.0	207	5.6	214
2005/06 ⁴⁾	Lækka veiðihlutfall	198 ⁶⁾	1.0	202	2.9	205
2006/07 ⁴⁾	Lækka veiðihlutfall	193 ⁶⁾	1.0	187	3.7	191
2007/08 ⁴⁾	20% aflaregla (130)	130	1.0	138	3.0	141
2008/09 ⁴⁾	20% aflaregla (124)	160	1.0	168	1.1	169
2009/10 ⁴⁾	20% aflaregla (150)	155	1.0	166	1.5	168
2010/11 ⁴⁾	20% aflaregla (160)	160				

¹⁾ Almanaksár. Calendar year.

²⁾ Í reglugerðum um stjórn botnfiskveiða 1984–87 var umframafli ekki áætlaður vegna ákvæða um heimildir sóknarmarkskipa, tilfærslu milli fisktegunda, flutnings milli ára og afla smábáta. Quota allocation in 1984–1987 did not take into account additional landings from boats outside the system and quota transfers between years.


³⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. January–August 1991.

⁴⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. Quota year September–August.

⁵⁾ Samkvæmt aflareglu. According to catch rule.


⁶⁾ Samkvæmt endurskodaðri aflareglu (2000 og 2006). According to amended catch rule (2000 and 2006).

⁷⁾ An sveiflujöfnar. Without oscillation buffer.




Mynd 2.1.1. ÞORSKUR. Heildarflá (þús. tonna) eftir veiðarfærum árin 1955–2010.

Fig. 2.1.1. COD. Total landings (thous. tonnes) 1955–2010 by gear type.



Mynd 2.1.2. ÞORSKUR. Aldursdreifing afla (% af fjölda) 2010, ásamt spá frá 2010 og meðalaldursdreifingu árunna 2001–2009.

Fig. 2.1.2. COD. Age distribution in the 2010 catch (% by number), compared to last year's prediction. Mean age distribution is also shown.



Mynd 2.1.3. ÞORSKUR. Þorskaflá á sóknareiningu eftir veiðarfærum árin 1991–2010 (miðað við 100 árið 1991).

Fig. 2.1.3. COD. Relative changes in CPUE by fishing gear during 1991–2010 (1991=100).

neta 11% sem er sögulegt lágmark, aðeins helmingur af meðaltali síðustu 30 ára.

Aldurssamsetning aflans árið 2010 var í nokkuð góðu samræmi við það sem búist var við (mynd 2.1.2). Uppistaða aflans var 4–7 ára fiskur en borið saman við undanfarinn áratug var mun meira af 7 ára og eldri fiski í aflanum, þrátt fyrir að hlutdeild neta sem veiða stærsta fiskinn sé í sögulegu lágmarki.

Hátt hlutfall þorsks sem merktur var á grænenska landgrunninu 2007 og 2008 endurheimtist á

Íslandsmiðum árin 2008–2011. Benda greiningar gagna til að þess að nokkurt magn fisks úr 2003 árganginum hafi gengið á Íslandsmið. Er áætlað að gangan hafi komið árið 2009 en þá var afli úr árganginum mun meiri en gert var ráð fyrir. Afli 7 ára fisks árið 2010 er hins vegar í samræmi við afla 6 ára fisks árið áður sem bendir til að ekki hafi verið um viðbótargöngu að ræða árið 2010.

Afli á sóknareiningu var hár í öll veiðarfæri árið 2010 (mynd 2.1.3). Túlkun þessara gagna sem vísbendingu um þróun stofnstærðar er erfið. Er það meðal annars vegna bættrar veiðitækni og þess að erfitt er að greina milli beinnar sóknar og þess þegar verið er að forðast of hátt hlutfall þorsks í veiðinni.

2.1.2. Meðalþyngdir og fæða

Meðalþyngd fjögurra ára og eldri þorsks í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) hefur hækkað undanfarin 3–4 ár og var árið 2011 um og yfir meðaltali tímabilsins frá 1985. Meðalþyngd tveggja og þriggja ára þorsks í SMB er hinsvegar enn nálægt sögulegu lágmarki. Meðalþyngd í afla hefur vaxið undanfarin ár, en var þó um 10% lægri árið 2010 en meðaltal tímabilsins frá 1985–2009 (tafla 3.1.2). Byggt á þyngdum í stofnmælingu er áætlað að þyngdir í afla árið 2011 verði um og yfir meðaltali.

Lág meðalþyngd þorsks á undanförunum árum hefur verið tengd minnkandi magni loðnu á íslenska landgrunninu. Loðna er mikilvægasta fæða þorsks á Íslandsmiðum og er át þorsks á loðnu einkum talið eiga sér stað frá október fram að hrygningu í mars. Magasýnum hefur verið safnað í stofnmælingu að hausti (SMH) síðan 1995 og sýna þau gögn verulega minni loðnu í mögum uppúr 2002. Fæðugögnum úr SMB er safnað um eða eftir hrygningartíma loðunnar og geta niðurstöður verið breytilegar frá ári til árs, meðal annars eftir því hvar loðnan hrygnir. Megin þróunin á árunum 1993–2008 sýnir minnkandi magn loðnu, en frá árinu 2008 hefur magnið aukist og árið 2011 var loðna í þorskmögum með mesta móti og fannst allt í kringum land.

Mun minna er vitað um fæðu þorsks á sumrin heldur en veturna og var sérstöku verkefni um magasöfnun um borð í fiskiskipum komið á til að bæta úr því. Niðurstöður verkefnisins hafa staðfest að vægi loðnu er mun minna á sumrin en á veturna og fæðuval þorsks fjölbreyttara. Á eftir loðnu er sandsíli mikilvægasta fæða þorsksins samkvæmt þessum gögnum, einkum að sumarlagi og seint að hausti. Eftir árið 2004 hefur sést mjög lítið af síli í þorskmögum. Er það í samræmi við aðrar athuganir sem benda til nýliðunarbrests hjá síli eftir 2004. Niðurstöður verkefnisins hafa einnig sýnt verulega minnkandi loðnu eftir veturinn 2001/2002 og var magnið í lágmarki 2008.

Samkvæmt sýnum úr afla fiskiskipa eru ljósáta, síld, kolmunnur og ísrækja einnig meðal mikilvægur fæðu þorsks. Lítið er af rækju borið saman við fæðusýni úr stofnmælingum.

2.1.3. Stofnvísitölur


Heildarvísitölur þorsks í SMB og SMH hafa hækkað mikið á undanförunum árum, sérstaklega vísitölurnar úr SMH (mynd 2.1.4). Stór hluti aukningarinnar er í 80 cm og stærrí þorski en vísitala þess hluta stofnsins er nú í sögulegu hámarki í báðum stofnmælingum, það er síðan 1985 og 1996. Vísitölur þorsks undir veiðistærð (u.þ.b. 55 cm) í SMB hafa hins vegar breyst lítið síðustu ár og eru mun lægri en á árunum 1985–1989.

Allir aldursflokkar þorsks koma fram í stofnmælingunum og eru vísitölur 1–10 ára þorsks nýttar í stofnmati sem mælikvarði á þróun stofnstærðar. Vísitölur fyrir 2–8 ára þorsk eru nákvæmari mælikvarði á stofnstærð en vísitölur eins árs og níu ára og eldri þorsks. Hjá eins árs þorski eru breytileg náttúruleg afföll stór skekkjuvaldur og hjá níu ára og eldri þorski veldur takmarkaður fjöldi aldursgreindra fiska ónákvæmni. Vísitölur árganga eftir 2001 í SMB benda til að þeir hafi verið um eða undir meðallagi við 1–4 ára aldur (tafla 3.1.10). Árið 2011 eru árgangar 2001–2005 (6–10 ára) hinsvegar metnir yfir meðallagi.

2.1.4. Stofnmat og forsendur

Mat á stærð þorskstofnsins er byggt á aldursgreindum afla (tafla 3.1.5) og aldurskiptum vísitölum úr SMB og SMH (tafla 3.1.10). Gert er ráð fyrir að náttúrulegur dauði sé fasti (0.2 í öllum aldursflokkum þriggja ára og eldri). Eins og á síðustu árum er mat á stærð þorskstofnsins byggt á niðurstöðum ADCAM líkansins og nokkrum öðrum reiknilíkönnum sem byggja á svipuðum grunni en hafa þó nokkuð ólíkar forsendur varðandi ýmsa skekkjuliði (sjá Viðauka 5.1).

Mat á fjölda fiska í hverjum aldurshópi er umreiknað yfir í stofnstærð með því að leggja saman margfeldi af fjölda fiska og meðalþyngd. Birtar eru tvær mismunandi stofnstærðir, viðmiðunarstofn og hrygningarstofn. Viðmiðunarstofn (fjögurra ára og eldri) hefur verið notaður til að reikna út aflamark samkvæmt aflareglu og byggist á meðalþyngd eftir



Mynd 2.1.4. ÞORSKUR. Þyngdarvísitölur úr stofnmælingu í mars og að hausti. Skyggða svæðið og lóðréttu línurnar sýna staðalfrávik í mati á vísitölum.

Fig. 2.1.4. COD. Biomass indices from spring and autumn ground-fish surveys. Shaded area and vertical lines show one standard deviation in the estimates.

aldri í afla. Meðalþyngd eftir aldri í hrygningarstofni er byggð á gögnum úr SMB fyrir sjö ára og yngri fisk en gögnum úr afla fyrir átta ára og eldri fisk.

Á síðasta ári voru gát- ($B_{trigger}$) og hættumörk (B_{lim}) fyrir íslenska þorskstofninn skilgreind. Þessi mörk miðast við hrygningarstofn og eru hættumörkin skilgreind við 125 þús. tonn sem er lægsta sögulega gildi hrygningarstofns og gátmörkin 220 þús. tonn. Samkvæmt aflareglu er dregið úr veiðihlutfalli ef stofninn fer undir gátmörk.


Við útreikninga á aflamarki næsta fiskveiðiárs þarf að áætla meðalþyngd eftir aldri í afla á úttekta-árinu. Meðalþyngd eftir aldri í afla árið 2011 og 2012 er áætluð út frá meðalþyngdum í stofnmælingu í mars 2011.

2.1.5. Ástand og horfur

Meðalstærð árganga 2001–2007, sem nú eru uppistaðan í hrygningar- og viðmiðunarstofninum, er 120 milljónir þriggja ára nýliða (mynd 2.1.5 og tafla 3.1.8), 68% af meðaltali árganga 1955–2007 sem er 175 milljónir. Árgangar 2008 og 2009 eru metnir nálægt langtíma meðaltali (175 milljónir) en árgangur 2010 um 105 milljónir nýliða eða 60% af meðaltali. Stofnmatið bendir til að í upphafi árs 2011 hafi viðmiðunarstofninn verið 969 þús. tonn og hrygningarstofninn 362 þús. tonn (mynd 2.1.6 og tafla 3.1.8). Hrygningarstofninn er nú vel yfir tvöfaldri lágmarksstærð árunum 1992–1994 og telst ofan við bæði gát- og hættumörk. Viðmiðunarstofninn er nú talinn stærrí en hann hefur verið undanfarna tvo áratugi.

Veiðihlutfall (aflí sem hlutfall af stærð viðmiðunarstofns) og meðalveiðidánartala 5–10 ára fisks eru mælikvarðar á sókn í stofninn. Veiðihlutfall lýsir heildarsókn í stofninn meðan veiðidánartalan er fremur mælikvarði á sókn í eldri fisk. Þegar netaveiði er lítil eins og á undanförunum árum má búast við að veiðidánartala sé fremur lág miðað við veiðihlutfall. Á síðustu tíu árum hefur veiðihlutfallið fallið úr um 35–40% í um 22% á síðustu þremur árum og veiðidánartalan úr 0.7 árið 2000 í 0.3 árið 2010 (mynd 2.1.7).

Þar sem nýliðun á undangengnum áratug hefur verið slök til lengri tíma lítið þá er stækkun stofnsins



Mynd 2.1.5. ÞORSKUR. Áætluð stærð þorskárganganna 1952–2010. Fjöldi við þriggja ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.1.5. COD. Estimated year class size 1952–2010 at age 3 (in millions).

á undanförunum árum afleiðing minni sóknar. Lítil sókn leiðir til þess að árgangar endast mun betur í stofni og í veiði. Í samræmi við það er hlutfall stórs (gamals) þorsks hærra nú en á undangengum áratug. Kemur hækkað hlutfall eldri þorsks einnig fram í því að hrygningarstofninn hefur vaxið hlutfallslega meira en viðmiðunarstofninn (mynd 2.1.6).

Í úttektinni árið 2010 var áætlað að viðmiðunarstofn í upphafi árs 2010 væri um 790 þús. tonn (nú metinn um 840 þús. tonn) og hrygningarstofn um 250 þús. tonn (nú 300 þús. tonn). Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af því að meðalþyngdir í afla árið 2010 voru hærri en spáð hafði verið.


Mat á stærð viðmiðunarstofns árið 2011 sem byggir á aldursgreindum afla og SMH er um 20% hærra en þegar byggt er á aldursgreindum afla og SMB. Þegar báðar vísitölur eru notaðar fellur stofnmatið mitt á milli. Þessi munur á stofnmælingunum hefur sést í nokkur ár og hefur ekki verið skýrður. Hann er í hærri kantinum miðað við metin skekkjumörk úr líkönunum.

Stofnmæling með netum (SMN) hefur farið fram síðan 1996 og mæld vísitala ætti að vera mælikvarði á hrygningarstofn þó hún sé ekki nýtt til samstillingar í stofnmati. Enda þótt þróun aflabragða samkvæmt SMN sé nokkuð frábrugðin mati á stærð hrygningarstofns, sýna þær báðar vöxt í hrygningarstofninum á undanförunum árum (mynd 2.1.10).

Í framreikningum kemur óvissa í þróun meðalþyngda til viðbótar við aðra skekkjuliði. Framreikningar eru sýndir til ársins 2015 en fram að þeim tíma liggur fyrir mæling í stofnmælingum á stærð helstu árganga sem stofninn samanstendur af.


Framreikningar benda til að ef aflareglu er fylgt muni bæði hrygningar- og viðmiðunarstofn líklegast stækka á komandi árum (tafla 2.1.2, mynd 2.1.8). Óvissan er hinsvegar töluverð og einhverjar líkur á að stofninn minnki frá því sem nú er (mynd 2.1.9). Aflamark mun líklega hækka og verða tæp 250 þús. tonn árið 2015.

Sú nýliðun sem framreikningar til 2015 byggja á eru miðlungs og lélegir árgangar, þar sem meðalnýliðun úr árgöngum 2005–2010 er metin um 140



Mynd 2.1.6. ÞORSKUR. Stærð viðmiðunarstofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns á hrygningartíma árin 1965–2011 í þús. tonna.

Fig. 2.1.6. COD. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass at spawning time during the period 1965–2011 (thous. tonnes).




Mynd 2.1.7. ÞORSKUR. Veiðihlutfall og veiðidánarstuðlar (F_{5-10}) frá árinu 1955.

Fig. 2.1.7. COD. Harvest ratio and fishing mortality (F_{5-10}) since 1955.

milljónir. Afrakstur á nýliða hefur verið á bilinu 1,5–1,9 kg eftir vexti einstaklinga þannig að hámarksafrakstur úr þessum árgöngum er á bilinu 210–265 þús. tonn á ári.

Á næstu árum er gert ráð fyrir því að eldri fiskur verði stærri hluti aflans en verið hefur (mynd 2.1.8). Er búist við að hlutdeild 10 ára og eldri fisks í afla komist yfir 10% en svo hátt hlutfall hefur ekki sést síðan 1983 þegar hlutdeild neta í afla var þreföld á við það sem hún er í dag. Hlutfall 10 ára fisks og eldri var þó mun hærra þegar farið er lengra aftur í tímann.




Mynd 2.1.8. ÞORSKUR. Spá um hlutfallslega aldrsdreifingu í aflanum í þyngd (A) og í fjölda (B) árin 2011–2012 ásamt meðal aldrsdreifingu áruna 2000–2010.

Fig. 2.1.8. COD. Prognosis of percentage age distribution by weight (A) and by numbers (B) in the 2011 and 2012 catches. Mean age distribution during the period 2000–2010 is also shown.

TAFLA 2.1.2
ÞORSKUR. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonna) árið 2013.
COD. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2013 for different management strategies.


2011				2012				2013	
Áætlaður afli <i>Pred. landings</i>	Stofn 4+ <i>Stock 4+</i>	Hrygn. stofn <i>Spawn.stock</i>	$F^{1)}$	Aflhámark <i>TAC</i>	Stofn 4+ <i>Stock 4+</i>	Hrygn. stofn <i>Spawn.stock</i>	$F^{1)}$	Stofn 4+ <i>Stock 4+</i>	Hrygn. stofn <i>Spawn.stock</i>
177	969	362	0.29	100	1081	420	0.14	1309	533
				177 ²⁾	1081	396	0.27	1219	449
				250	1081	375	0.31	1135	375

1) Meðalveiðidánartala 5–10 ára þorsks. *Average fishing mortality of age groups 5–10.*
 2) Aflaregla. *Catch rule.*



Mynd 2.1.9. ÞORSKUR. Stærð hrygningar- og viðmiðunarstofns frá árinu 1975 ásamt framreikningum til ársins 2015 miðað við að afli verði samkvæmt aflareglu.

Fig 2.1.9. COD. Spawning- and reference stock size from 1975 and projection to 2015 based on catch being decided according to the catch rule.



Mynd 2.1.10. ÞORSKUR. Stærð hrygningarstofns samkvæmt stofnmæti og þróun aflabragða í stofnmælingu með netum 1996–2011.

Fig. 2.1.10. COD. Spawning stock biomass and average catches in the gillnet survey 1996–2011.


2.1.7 Ráðgjöf

Samkvæmt fyrirbyggjandi stofnmæti gefur 20% aflaregla, þar sem tekið er tillit til aflamarks yfirstandandi fiskveiðárs, 177 þús. tonn á fiskveiðiárinu 2011/2012 (tafla 2.1.2). Hafrannsóknastofnunin vekur athygli á að áður en kemur að úthlutun aflahlutdeildar þarf að taka mið af væntanlegum afla sem nú er utan aflamarks. Að öllu óbreyttu er áætlað að þessi afli gæti verið um 6 þús. tonn á næsta fiskveiðiári. Auk þess leggur stofnunin til að núverandi reglur um hámarksstöskvastærð og lokanir á hrygningarslóð verði í gildi enn um sinn.

2.1.8. Þorsstofninn í Barentshafi

Afli úr þorsstofninum í Barentshafi frá síðari heimsstyrjöld fram til 1980 var að meðaltali um 800 þús. tonn (mynd 2.1.11). Á níunda áratugnum var aflinn einungis um 350 þús. tonn að meðaltali þrátt fyrir mikla sókn. Frá tíunda áratug síðustu aldar hefur aflinn hinsvegar verið um 570 þús. tonn að jafnaði. Íslendingar stunduðu þorsveiðar í Barentshafi og við Svalbarða á fyrri hluta tuttugustu aldar. Veiðar lágu hinsvegar niðri um langt árabíl eða til 1993. Á tímabilinu 1998–2010 hefur afli íslenskra skipa aukist úr um 1 500 í rúm 11 þús. tonn.

Nýliðun hefur verið nálægt meðaltali á síðustu árum, veiðidauði hefur fallið í um 0.3 og stofnstærðin aukist talsvert. Alþjóðahafrannsóknaráðið leggur til að veitt verði samkvæmt aflareglu árið 2012. Samkvæmt því verður aflamark 751 þús. tonn, sem samsvarar veiðidauða upp á 0.35.




Mynd 2.1.11. ÞORSKUR Í BARENTSHAFI. Heildaraflí (þús. tonna) og veiðidánartölur (F) 5–10 ára árin 1946–2010.

Fig. 2.1.11. *Northeast Arctic Cod*. Annual landings (thous. tonnes) 1946–2010 and mean F_{5-10} during the same period.

2.1.9. Þorsstofninn við Grænland

Þorsveiðar á landgrunninu við Grænland hófust að marki upp úr 1925 og var aflinn árið 1931 um 120 þús. tonn. Eftir tiltölulega litlar veiðar frá 1940–1945 jókst aflinn jafnt og þétt og náði hámarki árið 1962, í um 450 þús. tonnum. Aflinn hélst á bilinu 350–430 þús. tonn til ársins 1968, en minnkaði mjög hratt og var kominn undir 100 þús. tonn árið 1973 (mynd 2.1.12). Síðan þá hefur afli verið mjög lítill ef undanskilin eru árin um og eftir 1980 og 1988–1990 en þá náði aflinn yfir 50 þús. tonnum sum ár. Aflaukninguna á þessum árum má að mestu rekja til stóru árganganna frá 1973, 1984 og 1985. Frá 1990 til 2001 var aflinn óverulegur, oft undir 1000 tonnum. Á árunum 1998–2008 jókst aflinn árlega og náði hámarki árið 2008 í tæpum 25 þús. tonnum en um 12 þús. tonnum var landað árin 2009 og 2010. Þessa aukningu í afla fram til ársins 2008 má að hluta til rekja til árgangsins frá 2003, en hann hefur verið metinn sem þriðjungur af stærð 1984 árgangsins við þriggja ára aldur. Stofnmælingar við Grænland árið 2010 benda til að magn árgangsins hafi minnkað umtalsvert við Grænland.

Alþjóðahafrannsóknaráðið leggur til að þorsveiðar við Grænland verði áfram mjög takmarkaðar.



Mynd 2.1.12. ÞORSKUR VIÐ GRÆNLAND. Heildaraflí (þús. tonna) árin 1924–2010.

Fig. 2.1.12. *GREENLAND COD (OFFSHORE)*. Total landings (thous. tonnes) since 1924.

2.2. ÝSA *Melanogrammus aeglefinus*




2.2.1. Afli, sókn og árgangaskipan í afla

Ýsuaflinn á árinu 2010 var um 64 þús. tonn eða um 22% minni en árið 2009. Fyrir fiskveiðiárið 2010/2011 lagði Hafrannsóknastofnunin til 45 þús. tonna aflahámark en úthlutað heildaraflamark var 50 þús. tonn (tafla 2.2.1). Á fyrstu sjö mánuðum yfirstandandi fiskveiðiárs var landaður afli 22% minni en á sama tímabili á síðasta fiskveiðiári, eða 33 þús. tonn.

Mynd 2.2.1 sýnir ýsuafla áranna 1982–2010 eftir veiðarfærum og aflinn frá árinu 1950 er tilgreindur í töflu 3.2.1. Síðustu sex ár hefur hlutfall ýsu sem veidd var á línu og í dragnót verið hátt miðað við árin þar á undan. Ýsuaflí ársins 2010 skiptist þannig að 45% aflans veiddist í botnvörpu, 37% á línu, 16% í dragnót en minna en 1% í net.

Aldursdreifing aflans árið 2010 er sýnd á mynd 2.2.2 og skipting aflans í fjölda eftir aldri í töflu 3.2.5. Árgangurinn frá 2003 var um 46% ýsuaflans í þyngd borið saman við 60% árin 2008 og 2009. Árgangar 2004 og 2005 voru 15% og 10% af þyngd í



ÝSA. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

HADDOCK. Fishing grounds in 2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

afla en hlutdeild annara árganga var lægri.

Niðurstöður athugana á brottkasti ýsu benda til þess að á árunum 1991–1998 hafi brottkastið verið 8–20% af fjölda landaðra fiska en 2–6% síðustu 10 árin. Brottkast árið 2010 var talið hlutfallslega lítið eins og undanfarin ár.


2.2.2. Meðalþyngd og kynþroski

Meðalþyngd ýsu eftir aldri (tafla 3.2.3) er reiknuð út frá gögnum úr stofnmælingu í mars (SMB). Meðalþyngdin hefur verið mjög lág á undanförunum árum en hækkaði töluvert frá 2010 til 2011. Meðalþyngd flestra aldursflokka er samt enn fremur lág, einkum þeirra eldri. Meðalþyngdin hefur verið nokkuð breytileg og yfirleitt verið lægri hjá stórum árgöngum. Árgangur 2003 var mjög stór og í samræmi við það mjög léttur eftir aldri. Yngstu árgangar ýsu eru metnir litlir og í samræmi við það er meðalþyngd þeirra hærri en verið hefur undanfarin ár. Lág meðalþyngd stórra árganga sést strax við eins til tveggja ára aldur en eftir það hefur vöxtur oft verið svipaður og hjá minni árgöngum. Árin 2005–


TAFLA 2.2.1.
ÝSA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonna) 1984–2010/2011.
 HADDOCK. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–2010/2011.

Ár Year	Tillaga Rec. TAC	Heildar- aflamark National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra Landings (others) ¹⁾	Afli alls Total landings
1984 ¹⁾	55	60	47	1	48
1985 ¹⁾	45	60	50	1	51
1986 ¹⁾	50	60	47	1	48
1987 ¹⁾	50	60	40	1	41
1988 ¹⁾	60	65	53	1	54
1989 ¹⁾	60	65	62	1	63
1990 ¹⁾	60	65	66	1	67
1991 ²⁾	38	48	40	1	41
1991/92 ³⁾	50	50	47	1	48
1992/93 ³⁾	60	65	47	1	48
1993/94 ³⁾	65	65	56	1	57
1994/95 ³⁾	65	65	60	1	61
1995/96 ³⁾	55	60	53	1	54
1996/97 ³⁾	40	45	50	1	51
1997/98 ³⁾	40	45	37	1	38
1998/99 ³⁾	35	35	45	1	46
1999/00 ³⁾	35	35	41	1	40
2000/01 ³⁾	30	30	39	1	40
2001/02 ³⁾	30	41	44	1	45
2002/03 ³⁾	55	55	55	1	56
2003/04 ³⁾	75	75	78	1	79
2004/05 ³⁾	90	90	96	1	97
2005/06 ³⁾	105	105	97	1	98
2006/07 ³⁾	95	105	100	2	102
2007/08 ³⁾	95	100	110	1	111
2008/09 ³⁾	83	93	89	1	90
2009/10 ³⁾	57	63	68	1	69
2010/11 ³⁾	45	50			

¹⁾ Almanaksár. Calendar year.
²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. January–August 1991.
³⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. Quota year September–August.



Mynd 2.2.1. ÝSA. Afli í þús. tonna eftir veiðarfærum árin 1982–2010. Fig. 2.2.1 HADDOCK. Total landings (thous. tonnes) 1982–2010 by gear type.



2009 var vöxtur allra árganga í stofninum hægur, en ýsustofninn var þá mjög stór. Á árinu 2010 virðist vaxtarhraði hafa aukist verulega.

Meðalþyngd í afla eftir aldri (tafla 3.2.2) fylgir meðalþyngd í stofnmælingum nokkuð vel (tafla 3.2.3). Meðalþyngd yngstu aldursflokkananna er þó mun hærri en í stofnmælingum enda beinast veidar nær eingöngu að ýsu sem hefur náð tiltekinni stærð.

Kynþroski eftir aldri er metinn út frá gögnum úr SMB (tafla 3.2.4). Kynþroskahlutfall var mun lægra á árunum 1985–1990 heldur en síðar, jafnvel þó meðalþyngd hafi að öllu jöfnu verið há á sama tíma. Kynþroskahlutfall eftir lengd hefur breyst lítið á undanförunum árum en kynþroskahlutfall eftir aldri hefur fylgt vexti, og er lægra hjá hægvaхта árgöngum.

2.2.3. Stofnmælingar


Allir aldursflokkar ýsu koma vel fram í stofnmælingunum þannig að marktækt mat á stærð árgangs liggur fyrir strax á fyrsta aldursári.

Aldursgreindar vísitölur úr stofnmælingum eru sýndar í töflum 3.2.10 og 3.2.11. Í stofnmælingu að vori mældust árgangar 1998–2000, 2002, 2003 og 2007 stórir, árgangar 2001, 2008, 2009 og 2010 litlir en árgangar 2004–2006 nærri meðallagi. Heildarvísitölur úr stofnmælingunum (mynd 2.2.3) hækkuðu mikið á árunum 2001–2003 þegar lífþyngd stóru árganganna frá 1998–2000 jókst hratt. Heildarvísitölur voru mjög háar árin 2004–2006 og hlutfallsleg mæliskekka lítil vegna jafnrar útbreiðslu ýsunnar. Vísitölurnar hafa lækkað hratt síðan 2005.

2.2.4. Forsendur stofnmats

Við mat á stærð ýsustofnsins var stuðst við nokkur mismunandi líkön sem öll byggja á aldursgreindum afla og aldursgreindum vísitölum úr stofnmælingum í mars og/eða október.

Gert var ráð fyrir að dánarstuðull af öðrum orsökum en veiða (þ.e. skráðs afla) væru 0.2 fyrir allt tímabilið. Í framreikningum er gert ráð fyrir að árið 2011 verði vöxtur svipaður og árið 2010 þegar



vöxtur ýsu var nærri meðaltali árunum 1985–2009. Þar er einnig tekið tillit til þess að hægvaхта árgangar koma seinna inn í veiðina en ella.

Gert er ráð fyrir að afli ársins 2011 verði 50 þús. tonn. Sá afli er fenginn með því að margfalda afla ársins 2010 með hlutfalli afla fyrstu þriggja mánaða árunum 2011 og 2010.

2.2.5. Ástand stofnsins og horfur



Öll stofnmatslíkön sýna að ýsustofninn fer minnkandi enda stórir árgangar að hverfa úr stofninum og minni árgangar að taka við. Nokkur munur er þó á niðurstöðum líkana sem byggja á SMB annars vegar og stofnmælingunni að hausti (SMH) hins vegar. Líkön byggð á SMB benda til nokkuð minni stofns enda hafa vísitölur úr SMB lækkað hraðar en úr SMH. Ráðgjöfin nú (líkt og undanfarin ár) er byggð á líkani sem nýtir báðar stofnmælingarnar til samstillingar.

Stofnstærð þriggja ára og eldri ýsu í upphafi árs 2011 er nú metin 145 þús. tonn (mynd 2.2.4 og tafla 3.2.6). Meðalveiðidánartala 4–7 ára ýsu árið 2010 (mynd 2.2.4 og tafla 3.2.7) er metin um 0.46 sem er verulega yfir því marki sem stefnt var að. Veiðidánartala á árinu 2011 er áætluð um 0.37 að því gefnu að afli verði 50 þús. tonn.

Gert er ráð fyrir að árgangur 2003 verði 28% aflans árið 2011 í þyngd og 17% árið 2012 en í fjölda er gert ráð fyrir að hlutfeldin verði 21% og um 14% (mynd 2.6.2). Árgangurinn frá 2007 mun hinsvegar vega mest í aflanum, 38% í fjölda og 29% í þyngd árið 2011 en 46% og 42% árið 2012.

Árgangar 2008–2010 eru allir metnir mjög slakir (mynd 2.2.5), að meðaltali um 20 milljónir tveggja ára nýliða. Sá fjöldi svarar til um 16 þús. tonna heildarafla að hámarki úr hverjum þeirra miðað við að afrakstur á nýliða verði um 800 grömm líkt og verið hefur úr árgöngum af svipaðri stærð á undanförunum áratugum.

Undanfarin ár hefur mat á vexti verið mesti óvissuþátturinn í stofnmati ýsu. Töluverð óvissa er um vöxt á næstu árum en einnig um fjöldatölur í




árgöngum sem kemur meðal annars fram í rúmlega 20% mun á stofnmati byggðu á SMB borið saman við sambærilegt mat byggt á niðurstöðum í SMH.

2.2.6. Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.2.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvarðanir stjórnvalda og ýsuaflla frá árinu 1984 og tafla 2.2.2 sýnir áætluð áhrif mismunandi aflamarks á stofnstærð á næstu árum.

Á árunum 2006–2009 lagði Hafrannsóknastofnunin til að meðalfiskveiðidauði 4–7 ára ýsu færi ekki yfir 0.35. Ástæða þess var að slakur vöxtur undanfarinna ára leiddi til þess að árgangar komu hægar inn í veiðina en áður og hafði það áhrif á veiðimynstrið og veiðidánartölu.

Að ósk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur Hafrannsóknastofnunin á undanförunum mánuðum unnið að tillögum um nýtingarstefnu og aflareglu fyrir ýsu. Þeirri vinnu er ekki lokið þar sem í hermunum er tæknilega flókið að taka tillit til þéttleikaháðs vaxtar og þess breytileika sem ein-kennir nýliðun í ýsustofninum. Bráðabirgðahermanir benda til þess að edlilegt sé að skilgreina hættumörk (B_{lim}) hrygningarstofns við sögulegt lágmark eða 45 þús. tonn og að fiskveiðidánartala á bilinu 0.3–0.4 gefi hámarksafrakstur úr stofninum. Neðri mörk þess fiskveiðidauða gildi þegar um hægan vöxt er að ræða en efri mörkin við hraðari vöxt.



Ýsustofninn mun áfram minnka á komandi árum og þegar lélegu árgangarnir frá 2008–2010 koma inn í hrygningarstofninn er hætta á að hann fari niður fyrir sögulegt lágmark árin 2013–2014. Til að forðast að það gerist leggur Hafrannsóknastofnunin til að veiðidánartala á næstu árum verði takmörkuð við 0.3 og að hámarksafla ýsu á fiskveiðiárinu 2011/2012 verði 37 þús. tonn.

TAFLA 2.2.2.
ÝSA. Áætluð áhrif mismunandi aflahámarks á stofnstærð (þús. tonn) árið 2013.
HADDOCK. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2013 for different management strategies.

2011				2012				2013	
Áætlaður afli Pred. landings	3+ stofn 3+ stock	Hr. stofn Sp. stock	F ¹⁾	Aflahámark TAC	3+ stofn 3+ stock	Hr. stofn Sp. stock	F ¹⁾	3+ stofn 3+ stock	Hr. stofn Sp. stock
50	145	97	0.37	30	128	103	0.24	116	99
				37	128	103	0.30	110	93
				42	128	103	0.35	105	89
				50	128	103	0.43	97	82

¹⁾ F=Veiðidánartala 4–7 ára ýsu. F=Fishing mortality of age groups 4–7.

2.3. UFSI *Pollachius virens*




2.3.1. Afli og árgangaskipan

Ufsaflinn árið 2010 var rúm 54 þús. tonn, tæpum 9 þús. tonnum minni en 2009 (mynd 2.3.1 og tafla 3.3.1). Á síðustu áratugum náði afli ufsa á Íslandsmiðum lágmarki á árunum 1998–2001, í rúmlega 30 þús. tonnum. Frá 2001 jókst aflinn og var 76 þús. tonn árið 2006, en hefur minnkað síðan. Afli á fiskveiðiarinu 2009/2010 var um 58 þús. tonn, talsvert meiri en heildaraflamarkið sem var 50 þús. tonn.

Hlutdeild botnvörpu í heildarafla árið 2010 var 79% á meðan 8% veiddust í net, sem eru svipuð hlutföll og meðaltalið frá 2000. Áberandi breyting á hlutdeild ufsafla eftir veiðarfærum átti sér stað á tíunda áratugnum, þar sem hlutdeild neta var að meðaltali 26% á árunum 1982–1996, en að jafnaði innan við 10% eftir það.

Aldurssamsetning aflans 2010 er sýnd á mynd 2.3.2 ásamt spá sem gerð var við úttekt vorið 2010. Skipting ufsaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1980–2010 er sýnd í töflu 3.3.5. Árið 2010 var hlutdeild 3 ára ufsa 12% og 4 ára um 35%. Meira veiddist af þriggja ára ufsa en spáð var og einnig af elsta fiskinum en hlutdeild 4–6 ára reyndist að sama skapi minni.




Mynd 2.3.1. UFSI. Heildaraflí (þús. tonn) árin 1982–2010 eftir veiðarfærum.

Fig. 2.3.1. SAITHE. Total landings (thous. tonnes) 1980–2010 by gear type.

2.3.2. Stofnmælingar

Ufsi mælist fremur illa í stofnmælingum með botnvörpu, enda er hann torfufiskur sem gjarnan heldur sig talsvert ofan við botn. Þetta kemur fram í vísitölum stofnmælinga sem sýna miklar breytingar frá einu ári til annars, sér í lagi fyrir 1995 (mynd 2.3.3). Breytileiki í stofnvísitölum er einn helsti óvissuþátturinn í stofnmælingum. Þrátt fyrir að ufsi mælist fremur illa í stofnmælingum er hægt að nýta vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) við mat á stofnstærð (tafla 3.3.10 og mynd 2.3.3). Vísitölur SMB og stofnmælingu að hausti (SMH)



UFSI. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Öll veiðarfæri sýnd. Dekkstu svæðin sýna mesta veiði (tonn/sjm²).


SAITHE. Fishing grounds in 2010. All gear. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

benda til að ufsastofninn hafi verið stór á árunum 2004–2006 en minnkað verulega síðan. Gögn um afla á sóknareiningu gefa svipaða mynd af þróun stofnsins og stofnmælingarnar.

2.3.3. Vöxtur og kynþroski


Meðalþyngd ufsa eftir aldri var mjög lág árin 2005–2008 en hefur aukist eftir það og mælist nú nálægt langtímameðaltali hjá 3–7 ára ufsa. Hjá ufsa er neikvætt samband milli árgangastærðar og meðalþyngdar. Einnig eru dæmi þess að meðalþyngd árgangs standi nánast í stað eða minnki með aldri. Slíkar breytingar hafa verið túlkaðar sem vísbendingar um að umtalsverður fjöldi hægvaxta ufsa hafi gengið inn á íslenskt hafsvæði. Erfitt er þó að greina á milli þess hvort þéttleiki dragi úr vexti eða meðalþyngd minnki vegna göngu ufsa af öðrum hafsvæðum.

Meðalþyngd ufsa í SMB sýnir svipaða þróun og þyngd í lönduðum afla (töflur 3.3.2 og 3.3.3). Í stofnmælingunni er þó mun meiri breytileiki í meðal-



Mynd 2.3.2. UFSI. Aldursdreifing í afla 2010 (% af fjölda). Spá frá í maí 2010 og áætlun ári síðar byggð á gögnum úr afla.

Fig. 2.3.2. SAITHE. Age distribution in the 2010 catch (% by number). Prognosis in May 2010 and estimate in 2011 based on samples from landings.




þyngd hvers aldurshóps en í afla. Við úttekt er stærð veiði- og hrygningarstofns reiknuð út frá þyngdum aldurshópa í afla en ekki í SMB.

Í framreikningum er meðalþyngdum 4–9 ára ufsa spáð með líkani sem notar þyngd sama árgangs ári fyrr í afla, þyngd sama árs í stofnmælingu og áráþátt sem skýribreytur. Í spánni er gert ráð fyrir að vöxtur 2011–2012 verði svipaður og 2010. Meðalþyngdir þriggja ára og 10–14 ára ufsa eru áætlaðar út frá meðaltali í afla 2008–2010.

Upplýsingar um kynþroskahlutfall fást úr stofnmælingum og sýnum úr lönduðum afla. Töluverður breytileiki er í kynþroskahlutfalli frá ári til árs. Það stafar að nokkru leyti af því hversu erfitt er að fá sýni úr afla og breytileika í því hvar ufsi fæst í stofnmælingum. Þrátt fyrir breytileikann er sýnataka í stofnmælingu talinn vera mælikvarði á kynþroska í stofninum. Kynþroski er metinn með líkani sem nýtir gögn úr stofnmælingunni í mars og í framreikningum eru notuð gildi líkansins fyrir árið 2010.

2.3.4. Ástand stofnsins og horfur

Við mat á stærð stofnsins er notað aldurs-aflalíkan sem byggir á aldursgreindum afla og er



líkanið samstillt með aldursskiptum fjöldavísitölum úr SMB. Gert er ráð fyrir föstu veiðimynstri innan þriggja tímabila, árin 1980–1996, 1997–2003 og loks frá og með 2004. Upphaf annars tímabilsins miðast við minnkaða hlutdeild neta frá 1997. Upphaf þriðja tímabilsins miðast við vísbendingar í gögnum um að veiðar hafi færst í auknum mæli í smáfisk á síðustu árum. Í úttektinni er gert ráð fyrir göngu 7 ára ufsa inn á íslenskt hafsvæði árið 1991.


Stofnmatið bendir til að hrygningarstofninn í ársbyrjun 2011 hafi verið um 88 þús. tonn og veiðistofninn (4 ára og eldri) 184 þús. tonn (mynd 2.3.4). Bæði veiði- og hrygningarstofn hafa minnkað verulega frá árinu 2006. Áætlað er að veiðidánartala hafi verið um 0.37 árið 2010.

Sterkir árgangar 1998–2000 og 2002 urðu til þess að veiðistofninn var tiltölulega stór 2003–2006, aflinn fór yfir 50 þús. tonn og veiðidánartalan var nálægt 0.30 árin 2003–2007. Eftir því sem þessir árgangar hurfu úr stofninum var hins vegar ekki dregið jafn hratt úr veiðum, með þeim afleiðingum að veiðidánartalan varð mun hærri 2008 og 2009 en árin á undan, í kringum 0.40. Staðan nú er því svipuð og árin upp úr 1990 þegar árgangar 1983–1985 voru að hverfa úr stofninum, en þá jókst veiðidánartalan á sama tíma og afli minnkaði.

Mynd 2.3.5 sýnir áætlaða stærð ufsaárganga við þriggja ára aldur. Þar sést að árgangar 1998–2000 og 2002 voru stórir, en nýliðun í meðallagi eftir það. Hafa ber í huga að óvissa í mati á yngstu árgöngunum er mikil.

Í framreikningum er gert ráð fyrir að afli árið 2011 verði 50 þús. tonn sem er byggt á gangi veiða á þessu almanaksári borið saman við árið 2010. Stærð 2009 árgangsins er sett nálægt margfeldismeðaltali nýliðunar, rúmlega 30 milljón þriggja ára nýliða. Framreikningar benda til að hrygningarstofninn í ársbyrjun 2012 verði 88 þús. tonn, jafn stór og í ársbyrjun 2011 og að veiðistofninn stækki úr 184 í 199 þús. tonn.

Miðað við framangreindar forsendur eru áhrif mismunandi afla á ufsastofninn sýnd í töflu 2.3.2.



TAFLA 2.3.2.									
UFSI. Áhrif mismunandi aflamarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonna) árið 2013.									
Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2013 for different management strategies.									
2011					2012			2013	
Stofn 4+	Hrygn. stofn	F ¹⁾	Afli Catch	Aflamark TAC	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn. stofn
Stock 4+	Spawn. stock				Stock 4+	Spawn. stock		Stock 4+	Spawn. stock
184	88	0.33	50	45	199	88	0.28	201	94
				50	199	88	0.31	196	91
				55	199	88	0.35	190	88
				60	199	88	0.39	184	84

¹⁾ F = Meðalveiðidánartala 4–9 ára ufsa. Mean fishing mortality of age groups 4–9.

Stærð ufsastofnsins í fjölda á árunum 1980–2010 og veiðidánartölur eftir aldri 1980–2009 eru sýndar í töflum 3.3.6 og 3.3.7. Samantekt um fjölda þriggja ára nýliða, stærð hrygningarstofns, þyngd veiðistofns, veiðidánartölu, og ufsaafla við Ísland er sýnd í töflu 3.3.8.

2.3.5. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.3.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflamark, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og ufsaafla síðan árið 1984.


Í upphafi árs 2010 fór fram vinna á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) til að meta viðmiðunarmörk og veiðidánartölu sem gefur hámarksafur af 4–9 ára ufsa á Íslandsmiðum. Hættumörk hrygningarstofns (B_{lim}) voru skilgreind sem lægsta þekkta stærð hans, 65 þús. tonn. Niðurstöður sýna að meðalveiðidánartala 0.28 fyrir 4–9 ára ufsa gefur hámarksafur af 4–9 ára ufsa til lengri tíma litið og að óverulegar líkur eru á að hrygningarstofn fari niður fyrir svokölluð gátmörk ($B_{trigger}$) sem eru skilgreind við 80 þús. tonn. Einnig var prófuð sama aflaregla og nú er í gildi fyrir þorskveiðar þ.e.a.s. aflamark reiknist sem meðaltal af aflamarki yfirstandandi fiskveiðiárs og 20% af veiðistofni í byrjun árs, en þó þannig að veiðihlutfallið lækki ef hrygningarstofn fer niður fyrir gátmörk. Niðurstöður sýndu að slík aflaregla gefur mjög svipaða útkomu og ef miðað væri við meðalveiðidánartölu 0.28. Nýtingarstefna sem felur í sér að beita slíkri aflareglu eða að miða við meðalveiðidánartölu 0.28 er samkvæmt mati Alþjóðahafrannsóknaráðsins í samræmi við alþjóðleg varúðarsjónarmið sem og stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og hámarksafur til lengri tíma litið. Framan- greindar niðurstöður hafa verið kynntar stjórnvöldum til frekari umræðu og skoðunar.

Þar til að nýtingarstefna og aflaregla fyrir ufsa liggja fyrir leggur Hafrannsóknastofnunin til að meðalveiðidánartala 4–9 ára ufsa verði takmörkuð við 0.28, sem svarar til þess að afli fari ekki yfir 45 þús. tonn á fiskveiðiárinu 2011/2012.

TAFLA 2.3.1.					
UFSI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonna) 1984–2010/11.					
SAITHE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984–2010/11.					
Ár	Tillaga	Heildar- aflamark	Afli Íslendinga	Afli annarra	Afli alls
Year	Rec. TAC	National TAC	Landings (Iceland)	Landings (others) ¹⁾	Total landings
1984 ¹⁾	65	70	60	2	63
1985 ¹⁾	60	70	55	2	57
1986 ¹⁾	60	70	64	1	65
1987 ¹⁾	65	70	78	2	81
1988 ¹⁾	75	80	74	3	77
1989 ¹⁾	80	80	80	3	82
1990 ¹⁾	90	90	95	3	98
1991 ²⁾	65	65	69	2	71
1991/92 ³⁾	70	75	86	2	88
1992/93 ³⁾	80	92	76	2	78
1993/94 ³⁾	75	85	67	2	69
1994/95 ³⁾	70	75	50	1	61
1995/96 ³⁾	65	70	40	1	41
1996/97 ³⁾	50	50	37	1	38
1997/98 ³⁾	30	30	32	1	33
1998/99 ³⁾	30	30	31	1	32
1999/00 ³⁾	25	30	30	0	30
2000/01 ³⁾	25	30	32	0	32
2001/02 ³⁾	25 ⁴⁾	37 ⁵⁾	36	0	36
2002/03 ³⁾	35	45 ⁶⁾	47	0	47
2003/04 ³⁾	50	50	56	0	56
2004/05 ³⁾	70	70	70	1	71
2005/06 ³⁾	80	80	78	0	78
2006/07 ³⁾	80	80	66	0	66
2007/08 ³⁾	60	80	68	0	68
2008/09 ³⁾	50	65	62	0	62
2009/10 ³⁾	35	50	58	0	58
2010/11 ³⁾	40	50			

¹⁾ Almanaksárið. Calendar year.
²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. January–August 1991.
³⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. Quota year September–August.
⁴⁾ Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til ýmsar friðunaraðgerðir og að bein sókn í ufsa yrði bönnuð. ICES recommended area closures and no directed saithe fishing.
⁵⁾ Heildaraflamark hækkað úr 30 í 37 við lok ársins 2001. National TAC increased from 30 to 37 thous. tonnes at end of 2001.
⁶⁾ Heildaraflamark hækkað úr 37 í 45 í upphafi árs 2003. National TAC increased from 37 to 45 thous. tonnes at beginning of 2003.

2.4. GULLKARFI *Sebastes marinus* LITLI KARFI *Sebastes viviparus*



2.4.1. Gullkarfi


2.4.1.1. Afli, sókn og árgangaskipan í veiðum

Gullkarfi á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar er talinn af sama stofni. Heildarafli gullkarfa á þessu svæði frá árinu 1978 er sýndur í töflu 3.4.1 og mynd 2.4.1. Síðustu tvo áratugina hafa 90–98% aflans verið veidd á Íslandsmiðum. Heildarafliinn var mestur árið 1982 eða 130 þús. tonn. Frá árinu 1982 minnkaði árlegur afli jafnt og þétt og á tímabilinu 1993–2010 var hann á bilinu 33–51 þús. tonn. Heildarafliinn árið 2010 var 39 þús. tonn og var yfir 93% aflans veiddur á Íslandsmiðum. Afli við Austur-Grænland jókst úr rúmlega 200 tonnum árið 2009 í tæp 1 700 tonn árið 2010. Við Færeyjar hefur gullkarfaafli minnkað mikið á undanförunum árum og var á árunum 2006–2010 um 600 tonn sem er minnsti afli frá 1978.

Gullkarfaafli á Íslandsmiðum minnkaði nokkuð stöðugt úr 98 þús. tonnum árið 1982 í 34 þús. tonn árið 1996 en síðan þá hefur afliinn verið á bilinu 32–49 þús. tonn. Afliinn var um 36 þús. tonn árið 2010.


Mestur hluti þess gullkarfa sem veiddur er á Íslandsmiðum veiðist í botnvörpu. Afli á sóknareiningu í botnvörpu minnkaði verulega á árunum 1992–1999, en jókst frá árinu 2000 fram til ársins 2004 þegar hann var sá mesti síðan í upphafi níunda áratugar síðustu aldar (mynd 2.4.1). Á árunum 2005 og 2006 minnkaði afli á sóknareiningu talsvert en hefur síðan þá aukist og er nú svipaður og var á árunum 1983–1991.

Tveir sterkir árgangar, frá 1985 og 1990 voru megin uppistaða veiðanna árin 1995–2008. Var hvor árgangur á bilinu 25–40% af árlegum afla í fjölda. Á undanförunum árum hefur hlutdeild þessara árganga farið minnkandi. Er áætlað að 4% aflans árið 2010 í fjölda hafi verið af árganginum frá 1985, þá 25 ára, en 10% af árganginum frá 1990 (mynd 2.4.2). Megin



Mynd 2.4.1. GULLKARFI. Afli á Íslandsmiðum, heildarafli á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar 1978–2010 og vísitala afla á togtíma árin 1978–2010.

Fig. 2.4.1. GOLDEN REDFISH. Landings from Icelandic grounds 1978–2009, total landings from East Greenland, Icelandic and Faroese waters and CPUE index during 1978–2010.



GULLKARFI. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn á sjm²).


GOLDEN REDFISH. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

uppistaða veiðanna árið 2010 séu árgangarnir frá 1996–2001 og eru þó áætlað að samtals 64% aflans hafi verið úr þeim árgöngum (mynd 2.4.2).

2.4.1.2. Ástand stofnsins


Heildarvísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) og úr stofnmælingu botnfiska að haustlagi (SMH) eru sýndar á mynd 2.4.3. Vísitalan sem nú er birt er frábrugðin þeirri sem notuð hefur verið undanfarin ár að því leyti að svæðaskipting hefur verið endurskoðuð. Það var gert til að ná betur yfir útbreiðslu gullkarfa.

Heildarvísitala úr SMB sýnir að stofninn minnkaði hratt frá 1985 til 1995 (mynd 2.4.3). Þróun í aflabrógðum botnvörpuflotans (mynd 2.4.1) á sama tímabili er í góðu samræmi við stofnmælinguna. Frá árinu 1996 hefur stofnvísitala gullkarfa vaxið þó mikill breytileiki sé oft á milli ára. Frá árinu 2003 hefur vísitalan verið svipuð og hún mældist á árunum 1985–1990 og árið 2011 mældist hún sú hæsta frá upphafi.



Mynd 2.4.2. GULLKARFI. Aldursdreifing afla (% af fjölda) 2010.

Fig. 2.4.2. GOLDEN REDFISH. Age distribution in the 2010 catch (% by number).




Mynd 2.4.3. GULLKARFI. Heildarvísitölur (í þyngd) úr stofnmælingum botnfiska í mars 1985–2011 og október 1996–2010. Skyggða svæðið og lóðréttu línurnar sýna eitt staðalfrávik í mati á vísitölum.

Fig. 2.4.3. GOLDEN REDFISH. Total biomass indices in the Icelandic groundfish surveys in March 1985–2011 and October 1996–2010. Shaded area and vertical lines show one standard deviation in the estimate.

Vísitölur úr SMH ná yfir styttra tímabil en SMB og heildarvísitölur í SMH frá árinu 1996–2010 benda ekki til að breytingar hafi orðið í stofnstærð en talsverður breytileiki er þó á milli ára. Mæliskekkjan er mun meiri í SMH en í SMB þar sem stöðvanetið er mun gisnara.

Aldursgreindar vísitölur úr SMH gefa til kynna að árgangarnir frá 1996–2001 séu yfir meðalstærð og eru þeir að koma í auknum mæli inn í veiðina. Ólíkt því sem var með sterku árgangana frá 1985 og 1990 hafa áragangar 1996–2001 ekki mælst sterkir sem ungfiskur í stofnmælingum sem bendir til þess að aukning í veiðistofni sé vegna gangna frá öðrum hafsvæðum.

Vísitala veiðistofns (35 cm og stærri) í SMB mældist hæst árið 1987 (mynd 2.4.4). Eftir það lækkaði hún stöðugt og náði lágmarki árið 1995, en hækkaði síðan fram til ársins 2003 þegar hún var rúmlega 60% af hæsta gildi sem mælst hefur í stofnmælingunni. Á næstu árum lækkaði vísitalan en



Mynd 2.4.4. GULLKARFI. Stærð veiðistofns metinn með Gadget líkani ásamt framreikningum til ársins 2015 miðað við mismunandi ársafli (0-50 000 tonn) eftir 2011. Einnig er sýnd vísitala veiðistofns (35 cm og stærri) í SMB 1985–2011.

Fig. 2.4.4. GOLDEN REDFISH. Development of the fishable biomass according to the Gadget model using different catch options (0-50 000 t) after 2011. Also shown is the index of the fishable biomass (35 cm and larger) in the Icelandic groundfish survey in March 1985–2011.

hefur frá árinu 2008 hækkað og var árið 2011 um 80% af hæsta gildinu.

Á undanföllum árum hefur aldurs- og lengdarháð stofnlíkan (Gadget) verið notað við mat á þróun í stofnstærð gullkarfa og áhrifum mismunandi veiðiálags á komandi árum. Niðurstöður líkansins í ár benda til jákvæðari þróunar stofnsins en metið var á síðasta ári. Ástæðan er fyrst og fremst sú að í fyrra voru ekki taldar nægar vísbendingar í aldursgreindum afla um stækkandi stofn þar sem ekki höfðu mælst uppvaðandi árgangar á undanföllum árum. Vaxandi stofnstærð við A-Grænland gefur vísbendingar um að nýliðun hafi orðið í stofninum frá því hafsvæði. Að teknu tilliti til þessa eru niðurstöður þær að veiðistofn gullkarfa muni verða af svipaðri stærð og nú er á næstu fimm árum við ársafli allt að 40 þús. tonnum. Jafnframt sýna niðurstöður líkansins að sá fiskveiðidauði sem gefur hámarksafurkastur til lengri tíma er nálægt 0.15. Það samsvarar um 40 þús. tonna afla fiskveiðiárið 2011/2012. Ítarlega verður farið yfir þessar niðurstöður á rýnisfundi á vegum Alþjóða-hafrannsóknaráðsins í upphafi næsta árs.

2.4.1.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.4.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark fyrir gullkarfa, ákvarðanir stjórnvalda um aflamark og heildarafla á Íslands-miðum frá fiskveiðiárinu 1994/1995. Fram til fiskveiðiársins 2009/2010 gáfu stjórnvöld sameiginlegt heildaraflamark fyrir gullkarfa og djúpkarfa sem veiðist í landgrunnskantinum.

TAFLA 2.4.1 GULLKARFI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affli (þús. tonn) 1994/1995–2010/2011. GOLDEN REDFISH. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1994/1995–2010/2011.					
Ár Year	Tillaga gullkarfi Rec. TAC <i>S. marinus</i>	Heildar- aflamark National TAC	Afli Íslandinga Landings (Iceland)	Aðrar þjóðir Landings (others)	Heildar- affli Total landings
1994/95	25	77 ¹⁾	40	-	40
1995/96	25	65 ¹⁾	37	-	37
1996/97	30	65 ¹⁾	36	-	36
1997/98	35	65 ¹⁾	35	-	35
1998/99	35	65 ¹⁾	41	-	41
1999/00	35	60 ¹⁾	37	-	37
2000/01	35	57 ¹⁾	37	-	37
2001/02	30	65 ¹⁾	46	-	46
2002/03	35	60 ¹⁾	42	-	42
2003/04	35	57 ¹⁾	30	-	30
2004/05	35	57 ¹⁾	40	-	40
2005/06	35	57 ¹⁾	38	-	38
2006/07	35	57 ¹⁾	42	-	42
2007/08	35	57 ¹⁾	36	-	36
2008/09	30	50 ¹⁾	43	-	43
2009/10	30	50 ¹⁾			
2010/11	30	37.5			

¹⁾ Sameiginlega fyrir gull- og djúpkarfa. Both *Sebastes marinus* and demersal *S. mentella*.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í gullkarfa verði takmörkuð við þann fiskveiðidauda sem gefur hámarksafurkastur til lengri tíma (F_{MSY}). Það samsvarar því að afli fari ekki yfir 40 þús. tonn á fiskveiðiárinu 2011/2012.

2.4.2. Litli karfi (*Sebastes viviparus*)

2.4.2.1 Veiðar og afli


Litli karfi er smæstur karfategunda við Ísland og nær sjaldnast meira en 30 cm lengd. Hann finnst einkum suður og suðvestur af landinu og veiðist oft sem meðafli við gullkarfaveiðar. Lítið er vitað um almenna líffræði litla karfa en þó er vitað að hann vex hægt og getur náð háum aldri líkt og aðrar karfategundir.

Á árunum 1997–1999 voru stundaðar tilrauna-veiðar á litla karfa fyrir Suðurlandi. Aflinn var tæplega 1 200 tonn árið 1997 en minnkaði hratt og var einungis rúm 200 tonn árið 2000 (mynd 2.4.5). Landaður afli var mjög lítill á árunum 2001–2009 en á árinu 2010 hófust beinar veiðar að nýju og var landaður afli 2 600 tonn, sem er mesti afli til þessa.

Litli karfi sem veiddist árið 2010 var mest á stærðarbilinu 18–30 cm og meðallengdin rúmir 23 cm.


2.4.2.2. Stofnmælingar

Litli karfi fæst víða í stofnmælingu botnfiska (SMB) og er algeng lengd hans á milli 15 og 25 cm. Mestur afli fæst yfirleitt við Suðausturland en dreifingin er oft frekar ójöfn sem endurspeglast í mikilli óvissu í vísitölum (mynd 2.4.6). Heildarvísitala litla karfa hækkaði ört frá 2008–2010 en skekkjumörk í mælingunni voru víð. Vísitalan árið 2011 er hinsvegar nálægt meðaltali og mæliskekki á óvissan minni en árin á undan.




Mynd 2.4.5. LITLI KARFI. Landaður afli á Íslandsmiðum árin 1996–2010.

Fig. 2.4.5. *SEBASTES VIVIPARUS*. Landings from Icelandic grounds 1996–2010.



LITLI KARFI. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

SEBASTES VIVIPARUS. Fishing grounds in 2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).



Mynd 2.4.6. LITLI KARFI. Heildarvísitölur (í þyngd) úr stofnmælingum botnfiska í mars 1985–2011. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölum.

Fig. 2.4.6. *SEBASTES VIVIPARUS*. Total biomass indices in the Icelandic groundfish surveys in March 1985–2011. Shaded area shows one standard deviation in the estimate.

2.4.2.3. Ástand stofnsins og tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012

Þar sem rannsóknir og veiðar á þessari tegund hafa verið takmarkaðar til þessa er lítið vitað um stofnstærð hans og veiðipól. Líkt og hjá öðrum karfastofnum við Ísland er litli karfi hægvoxta og langlífur og því mikilvægt að sóknin sé takmörkuð. Jafnframt er ekkert vitað um nýliðun í stofninn. Í varúðarskyni leggur Hafrannsóknastofnunin því til að sókn í stofn litla karfa verði takmörkuð þangað til frekari vitneskja um veiðipól hans liggur fyrir og að hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012 fari ekki yfir 1 500 tonn.

2.5. DJÚPKARFI OG ÚTHAFSKARFI *Sebastes mentella*



2.5.1. Stofngerð

Djúpkarfi í landgrunnshlíðum Grænlands, Íslands og Færeyja og úthafskarfi í Grænlandshafi og nærliggjandi hafsvæðum eru taldir til sömu tegundar. Veidar á djúpkarfa hafa verið stundaðar frá byrjun sjötta áratugar síðustu aldar en veiðar á úthafskarfa hófust árið 1982. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) hefur frá árinu 2009 skilgreint djúpkarfa við Ísland og úthafskarfa í Grænlandshafi og aðliggjandi hafsvæðum sem þrjá líffræðilega aðgreinda stofna:

1. Djúpkarfi í landgrunnshlíðum Íslands.
2. Úthafskarfi í Grænlandshafi, á minna en 500 metra dýpi.
3. Úthafskarfi í Grænlandshafi, á meira en 500 metra dýpi.

Landgrunn og landgrunnshlíðar Grænlands eru talin vera uppeldissvæði karfa sem finnst á öllum ofangreindum svæðum.


Ekki er talið að hægt sé að stjórna djúpkarfa-veiðunum m.t.t. dýpis og því verði að byggja á svæðastjórnun. Því hefur ráðgjafanefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins lagt til að stjórnunareiningar við veiðar á djúpkarfa verði þrjár:

1. Í landgrunnshlíðum Íslands.
2. Suðvestur-Grænlandshaf.
3. Norðaustur-Grænlandshaf.

Ofangreind svæðastjórnun í Grænlandshafi byggir á því að veiðar á karfa í Norðaustur-Grænlandshafi eru að stærstum hluta á meira en 500 m dýpi en veiðar í Suðvestur-Grænlandshafi að mestu leyti á minna en 500 m dýpi.

Veiðar á úthafskarfa eru stundaðar á alþjóðlegum hluta Grænlandshafs og í fiskveiðilögsögum Grænlands og Íslands. Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin (NEAFC) fer með stjórnun veiðanna en Alþjóðahafrannsóknaráðið veitir ráðgjöf.

Í þessum kafla er fjallað um hvern þessara þriggja stofna fyrir sig, þ.e. djúpkarfa í landgrunnshlíðum



DJÚPKARFI. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn á sjm²).

DEEP-SEA REDFISH. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

hlíðum Íslands, úthafskarfa sem er að finna á minna en 500 m dýpi (efri stofn) og úthafskarfa sem er að finna á meira en 500 m dýpi (neðri stofn).

2.5.2. Djúpkarfi í landgrunnshlíðum Íslands

Á Íslandsmiðum finnst nær einungis stór djúpkarfi og er talið að uppeldissvæði hans sé við strendur Grænlands. Djúpkarfi hefur lengst af verið veiddur í botnvörpu. Á tíunda áratug síðustu aldar voru þó umtalsverðar flotvörpuveiðar sem hafa lagst af. Helstu veiðisvæðin eru í landgrunnshlíðunum á um 450–600 m dýpi, frá Víkurál vestur af Vestfjörðum, suður og austur um að Rósagarðinum sem er í vesturkanti Færeyjahryggs.

2.5.2.1. Afli og sókn


Áætlaður djúpkarfaafli árið 2010 var tæp 18 þús. tonn sem er um 2 000 tonna minnkun frá árinu áður (tafla 3.5.1 og mynd 2.5.1). Afllinn náði hámarki árið 1994 og var þá um 57 þús. tonn, en var á bilinu 29–38 þús. tonn árin 1996–2000. Frá árinu 2001 hefur afllinn verið á bilinu 17–28 þús. tonn.

Afli á sóknareiningu í botnvörpu minnkaði hratt á árunum 1986–1994 en jókst lítillega til ársins 2000 (mynd 2.5.1). Á árunum 2000–2009 breyttist afli á sóknareiningu lítið en var árið 2010 sá hæsti síðan 1991.

2.5.2.2. Ástand djúpkarfastofnsins

Vísitala veiðistofns djúpkarfa í stofnmælingu botnfiska að haustlagi (SMH) er sýnd á mynd 2.5.2. Hún var hæst 2001 en lækkaði talsvert til ársins 2003. Vísitalan hefur verið nokkuð svipuð síðan þá en töluverður breytileiki er þó á milli ára. Smáum djúpkarfa (minni en 30 cm) hefur einnig fækkað mikið á tímabilinu sem gefur til kynna að lítil nýliðun hafi verið í veiðistofninum.


Á árunum 1995–1998 og 2003–2005 mældist mikið af smáum djúpkarfa, 20–30 cm að lengd, í



Mynd 2.5.1. **DJÚPKARFI.** Afli á Íslandsmiðum 1970–2010 og vísitala afla á togtíma árin 1978–2010.

Fig. 2.5.1. **DEMERSAL DEEP SEA REDFISH.** Landings from Icelandic grounds 1970–2010 and CPUE index during 1978–2010.

stofnmælingum Þjóðverja við Austur-Grænland. Á undanförunum fjórum árum hefur djúpkarfa á stærðarbilinu 20–30 cm fækkað en 30 cm og stærrí fjölgað. Landgrunnið við Austur-Grænland er einnig talið vera uppvaxtarsvæði úthafskarfastofnanna og því óvíst hversu stór hluti karfa frá þessu svæði skilar sér í veiðistofn djúpkarfa á Íslandsmiðum komandi ár.



Mynd 2.5.2. DJÚPKARFI. Stofnvisitala (þyngd) samkvæmt stofnmælingu botnfiska að hausti 2000–2010. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölu veiðistofns.

Fig. 2.5.2. DEMERSAL DEEP SEA REDFISH. Total biomass indices 2000–2010. Shaded area shows one standard deviation in the estimate of the fishable stock.

2.5.2.3. Tillögur um hámarksafli djúpkarfa fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.5.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar og Alþjóðahafrannsóknaráðsins um aflhámark fyrir djúpkarfa (sem lengst af hafa miðast við svæðið Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar en hafa frá fiskveiðiarinu 2010/2011 miðast við Íslandsmið), ákvarðanir stjórnvalda um aflamark fyrir Ísland og heildarafla á Íslandsmiðum frá fiskveiðiarinu 1994/1995.

Veiðistofn djúpkarfa við landgrunnshlíðar Íslands er talinn lítill miðað við það sem var á níunda áratug síðustu aldar

Djúpkarfi er langlíf og hægvaxta fisktegund sem verður seint kynþroska. Slíkum tegundum er sérstaklega hætt við ofveiði og er talið líklegt að langan tíma þurfi til að ná viðsnúningi í stofnþróun eftir ofveiði. Einnig er sóknarþungi sem gefur hámarksafur til lengri tíma lítið mun minni en í skammlífar tegundum. Því er mikilvægt að varlega verði farið í nýtingu stofnsins.

Alþjóðahafrannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin leggja til að sókn í djúpkarfa við Ísland verði takmörkuð þannig að hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012 fari ekki yfir 10 þús. tonn.

2.5.3. Úthafskarfi, efri stofn

2.5.3.1. Afli og sókn

Veiðar á úthafskarfastofninum sem er á grynna en 500 m dýpi eru að mestu stundaðar í hinum alþjóðlega hluta Grænlandshafs og í fiskveiðilögsögu Grænlands, en einnig lítilllega í lögsögu Íslands.

TAFLA 2.5.1.

DJÚPKARFI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflhámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1994/1995–2010/2011.

DEMERSAL REDFISH (S. MENTELLA). TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1994/1995–2010/2011.

Ár Year	Tillaga djúpkarfi Rec. TAC <i>S.mentella</i>	Heildar-aflamark National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
1994/95 ²⁾	40	77 ¹⁾	52	1	53
1995/96 ²⁾	35	65 ¹⁾	41	1	42
1996/97 ²⁾	35	65 ¹⁾	38	1	39
1997/98 ²⁾	30	65 ¹⁾	33	1	33
1998/99 ²⁾	30	65 ¹⁾	32	1	33
1999/00 ²⁾	25	60 ¹⁾	25	2	27
2000/01 ²⁾	22	57 ¹⁾	22	2	24
2001/02 ²⁾	30	65 ¹⁾	20	1	21
2002/03 ²⁾	25	60 ¹⁾	23	2	25
2003/04 ²⁾	22	57 ¹⁾	20	1	21
2004/05 ²⁾	22	57 ¹⁾	21	1	22
2005/06 ²⁾	22	57 ¹⁾	17	1	18
2006/07 ²⁾	22	57 ¹⁾	18	1	19
2007/08 ²⁾	22	57 ¹⁾	17	-	17
2008/09 ²⁾	10	50 ¹⁾	22	-	22
2009/10	10	50 ¹⁾	18	-	18
2010/11	10	12.5			


¹⁾ Sameiginlega fyrir gull- og djúpkarfa. *Both Sebastes marinus and demersal S. mentella.*

²⁾ Tillögur um aflhámark fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. *TAC recommendation applied to East Greenland/Iceland/Faeroes.*

Fyrrum Sovétrikin hófu veiðar úr þessum stofni árið 1982 en fljótlega bættust fleiri þjóðir við. Íslendingar hófu veiðar árið 1989.


Veiðar úr þessum stofni hafa um langt árabil verið suðaustur og suður af Hvarfi, syðsta odda Grænlands. Veiðarnar eru að mestu stundaðar frá júlí til október á minna en 400 m dýpi og er mest um 35–37 cm karfa í veiðinni.

Mynd 2.5.3 sýnir heildarafla frá árinu 1982, tafla 3.5.2 aflann eftir svæðum og tafla 3.5.3 sýnir aflu helstu veiðiþjóða. Fyrstu fimm árin var aflinn á



ÚTHAFSKARFI, EFRI STOFN. Veiðisvæði íslenskra skipa árin 2001–2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²). Skilgreint veiðisvæði neðri stofns úthafskarfa er afmarkað á myndinni.

SHALLOW PELAGIC REDFISH. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2001–2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²). The polygon indicates the region for the deep pelagic management unit.





bilinu 60–105 þús. tonn en á árunum 1989–1991 dróst afli verulega saman vegna minni sóknar. Árlegur afli jókst síðan aftur í um 100 þús. tonn á árunum 1993–1995. Á árunum 1996–2005 var aflinn 25–55 þús. tonn og er þessi minnkun meðal annars vegna aukinnar sóknar í neðri úthafskarafstofninn (sjá kafla 2.5.4). Á undanföllum fimm árum hefur dregið verulega úr veiði úr þessum stofni og hefur aflinn síðustu þrjú árin verið innan við 3 000 tonn.

Afli Íslendinga jókst úr tæpum 4 000 tonnum árið 1989 í rúm 12 þús. tonn árið 1992 tonn (tafla 3.5.3 og mynd 2.5.3). Árin 1997–2002 var afli Íslendinga 2–15 þús. tonn en hann hefur dregist verulega saman á undanföllum árum og var aðeins um 200 tonn árið 2010.

2.5.3.2. Ástand stofnsins

Stofnstærð efri stofns úthafskarfa í Grænlandshafi var mæld sumarið 2009 í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga og Þjóðverja. Niðurstöður bergmálmælinga gáfu til kynna að stofnstærð hafði minnkað úr 2,2 milljónum tonna árið 1994 í um 110 þús. tonn árið 2009 (mynd 2.5.4). Mest mældist suður og suðvestur af Hvarfi líkt og í fyrri mælingum. Næsti leiðangur verður sumarið 2011.




2.5.3.3 Tillögur um hámarksafli árið 2012

Tafla 2.5.2 sýnir tillögur Alþjóðahafrannsóknarráðsins um samantlagt aflhámark fyrir báða úthafskarafstofnana frá árinu 1989, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um aflamark fyrir Ísland frá árinu 1996, afli Íslendinga og heildarafla frá árinu 1989. Við úthlutun aflaheimilda frá 2000 hafa íslensk stjórnvöld haft aðskilið aflamark fyrir Norður- og Suðursvæði.

Vegna mjög neikvæðrar þróunar á stofnstærð efri stofns úthafskarfa hefur Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðlagt frá árinu 2010 að engar veiðar skyldu stundaðar úr efri stofni úthafskarfa. Ráðgjafanefnd Alþjóðahafrannsóknarráðsins mun veita ráðgjöf um aflhámark ársins 2012 úr efri úthafskarafstofninum í október 2011. Mun þar m.a. verða byggt á niðurstöðum mælinga á stofnstærð karfa í Grænlandshafi og nærliggjandi hafsvæðum í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga, Þjóðverja og Rússa í júní–júlí 2011.

NEAFC ákvað á fundi sínum í Reykjavík í mars síðastliðnum hvernig stjórn veiðanna skyldi háttað út árið 2014. Samkomulagið var á milli Íslands, Græn-



TAFLA 2.5.2.
ÚTHAFSKARFI, EFRI OG NEÐRI STOFNAR. Tillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins um aflahámark, heildaraflamark Íslenskra skipa samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1989–2011.
SHALLOW AND DEEP PELAGIC REDFISH. TAC recommended by ICES, national TAC and landings (thous. tonnes) 1989–2011.

Ár Year	Tillaga Rec. TAC	Heildaraflamark fyrir Ísland National TAC	Úthafskarfi, efri stofn Shallow pelagic S. mentella			Úthafskarfi, neðri stofn Deep pelagic S. mentella		
			Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
1989	90-100		3.8	35.0	38.8	0.0	0.0	0.0
1990	90-100		4.5	27.4	31.9	0.0	0.0	0.0
1991	66.0		8.7	18.5	27.2	0.1	0.0	0.1
1992	-		12.1	50.5	62.6	3.4	0.0	3.4
1993	50.0		10.2	90.6	100.8	12.7	2.3	15.1
1994	100.0		5.9	91.0	96.9	47.4	4.4	51.8
1995	100.0		8.7	91.4	100.1	25.9	49.8	75.7
1996	-	45.0	5.8	36.0	41.8	57.1	81.4	138.6
1997	-	45.0	4.4	23.3	27.7	36.8	58.2	95.1
1998	-	45.0	2.0	22.2	24.2	46.5	46.3	92.8
1999	-	45.0	3.7	21.8	25.5	40.3	43.9	84.2
2000	85.0	45.0 (13.0 ²)	3.8	29.5	33.2	41.5	51.6	93.1
2001	<85.0	45.0 (13.0 ²)	14.7	27.1	41.8	27.7	59.3	87
2002	<85.0	45.0 (10.0 ²)	5.2	38.0	43.2	39.3	63.9	103.2
2003	119.0	55.0 (10.0 ²)	4.3	52.4	56.7	44.6	59.7	104.3
2004	120.0	55.0 (10.0 ²)	5.7	28.2	33.9	31.1	60.9	92.0
2005	41.0	34.5 (6.3 ²)	3.1	25.1	28.2	12.9	32.6	45.5
2006	41.0	28.6 (5.2 ²)	1.3	14.4	15.7	20.9	46.3	67.3
2007	0.0	21.1 (3.8 ²)	0.1	6.1	6.1	18.1	40.4	58.5
2008	20.0	21.1 (7.4 ²)	0.1	1.9	2.0	6.7	23.3	30.0
2009	20.0	21.1 (6.3 ²)	0.4	2.3	2.7	15.1	37.3	52.5
2010	20.0 (0 ¹)	21.1 (6.3 ²)	0.2	2.2	2.4	14.6	47.4	62.0
2011	20.0 (0 ¹)	11.8 (0 ²)						

¹⁾ Tillaga Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir efri stofn úthafskarfa. Recommendation from ICES for shallow pelagic stock.

²⁾ Úthlutað aflamark fyrir Suðursvæði. TAC for Southern fishing area.

lands, Færeyja, Evrópusambandsins og Noregs. Samkomulagið felur í sér að engin veiði verður úr efri stofni úthafskarfans þar sem ástand stofnsins er talið slæmt. Rússar mættu ekki til fundarins og hafa mótmælt samkomulaginu. Þeir hafa sett sér einhliða aflamark sem nær til beggja stofna úthafskarfa.

2.5.4 Úthafskarfi, neðri stofn

2.5.4.1. Afli og sókn

Á árunum 1992–1994 þróuðust veiðar á úthafskarfa í þá veru að sífellt stærri hluti aflans var veiddur úr neðri stofninum á meira en 500 m dýpi vestan við Reykjanes hrygg við íslensku og grænlandsku lögsögurnar og innan þeirrar íslensku. Þetta er nú aðalveiðisvæði neðri stofns úthafskarfa og er jafnan nefnt Norðursvæði. Veiðarnar eru að mestu stundaðar á tímabilinu apríl–júlí. Veiðist þá aðallega karfi stærri en 40 cm sem er stærri karfi en veiðst úr efri stofni úthafskarfa. Frá árinu 1996 hefur úthafskarfaafli íslenska flotans aðallega verið úr þessum stofni.

Tafla 3.5.2 og mynd 2.5.5 sýna áætlaðan heildarafla frá árinu 1991 og tafla 3.5.4 sýnir afla helstu veiðipjóða. Aflinn var á bilinu 75–140 þús. tonn 1995–2004, mestur árið 1996. Frá árinu 2005 hefur aflinn dregist verulega saman og verið á bilinu 30–67

þús. tonn. Aflinn árið 2010 er áætlaður um 62 þús. tonn sem er um 10 þús. tonna aukning frá árinu 2009. Í ofangreindum aflatölum er ekki meðtalin óskráður afli skipa er stunduðu veiðar án heimilda NEAFC.

Afli Íslendinga jókst úr tæpum 3 þús. tonnum árið 1992 í tæp 58 þús. tonn árið 1996 (tafla 3.5.4 og mynd 2.5.4). Árin 1997–2004 var afli Íslendinga 28–47 þús. tonn. Líkt og hjá öðrum þjóðum hefur afli Íslendinga dregist verulega saman á undanföllum árum. Aflinn árið 2010 var tæp 15 þús. tonn, svipaður og árið á undan.

Samkvæmt aflaskýrslum helstu veiðipjóða dróst afli á sóknareiningu á Norðursvæði saman á árunum 1994–1997, en var á árunum 1997–2003 nokkuð breytilegur. Afli á sóknareiningu minnkaði verulega frá árinu 2003 til ársins 2005 þegar hann var sá minnsti í 10 ár. Síðan þá hefur afli á sóknareiningu aukist og var árið 2010 svipaður og árið 2003.

2.5.4.2. Ástand stofnsins

Stofnstærð neðri stofns úthafskarfa í Grænlandshafi var mæld sumarið 2009 í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga og Þjóðverja. Var þetta í sjötta sinn frá árinu 1999 sem slíkur alþjóðlegur rannsóknaleiðangur er farinn. Til þess að meta stofnstærðina hefur svokallaðri trollaðferð verið beitt

þar sem bergmálstæknin nær ekki til þessa stofns. Mælingar 2005 og 2007 eru ekki sambærilegar við aðrar mælingar vegna breytinga sem urðu á framkvæmd leiðangursins og gæti hluti þess magns sem metið var þá tilheyrt efri stofninum. Árið 2009 mældust rúm 460 þús. tonn af karfa, sem er minnsta magn sem mælst hefur og um 32% minna en mældist árið 2003. Mest var um karfa innan íslenskrar lögsögu og á mörkum landhelginnar suðvestur af Reykjanesi.

2.5.4.3 Tillögur um hámarksafli árið 2012

Tafla 2.5.2 sýnir tillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins um aflahámark fyrir báða úthafskarfastofnana frá árinu 1989, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um aflamark fyrir Ísland frá árinu 1996, afla Íslendinga og heildarafla frá árinu 1989. Íslensk stjórnvöld hafa úthlutað aðskildu aflamarki Íslendinga fyrir Norðursvæði (neðri úthafskarfastofninn) og Suðursvæði (efri úthafskarfastofninn) frá árinu 2000.

Ráðgjafanefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins mun veita ráðgjöf um aflahámark ársins 2012 úr neðri úthafskarfastofninum í október 2011. Mun þar m.a. verða byggt á niðurstöðum mælinga á stofnstærð karfa í Grænlandshafi og nærliggjandi hafsvæðum í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga, Þjóðverja og Rússa í júní–júlí 2011.

NEAFC ákvað á fundi sínum í Reykjavík í mars síðastliðnum hvernig stjórn veiðanna úr neðri stofni úthafskarfa skyldi háttað til ársins 2014. Samkomulagið var á milli Íslands, Grænlands, Færeyja, Evrópusambandsins og Noregs. Fulltrúar Rússlands mættu ekki til fundarins og hafa mótmælt samkomulaginu.

Í samkomulaginu er stefnt er að því að árið 2014 verði aflinn í samræmi við ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Leyfilegur hámarksafli fyrir árið 2011 er 38 þús. tonn, en eftir það mun hann minnka fram til ársins 2014. Þannig verður leyfilegur hámarksafli 32 þús. tonn árið 2012, 26 þús. tonn árið 2013 og 20 þús. tonn árið 2014. Aflamark á þessu tímabili verður endurskoðað m.t.t. ráðgjafar Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Í samkomulaginu var ennfremur ákveðin skipting heildaraflamarks á milli ríkjanna en hingað til hafa þjóðir sett sér einhliða aflamark. Þannig koma rúmlega 31% í hlut Íslands og er aflamark íslenskra skipa fyrir árið 2011 um 11 800 tonn.

Eins og áður segir hafa Rússar mótmælt samkomulaginu. Þeir telja ástand úthafskarfa betra en Alþjóðahafrannsóknaráðið telur. Jafnframt eru þeir ósáttir við skiptingu heildaraflamarks á milli ríkjanna. Með tilliti til þessa hafa Rússar ákveðið einhliða að aflamark þeirra fyrir árið 2011 verði 29 500 tonn. Nær aflamarkið bæði til efri og neðri stofns úthafskarfa þar sem þeir telja að um einn stofn sé að ræða. Því er heildaraflamark ársins 2011 um 60 þús. tonn.


2.6. GRÁLÚÐA *Reinhardtius hippoglossoides*



Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera af sama stofni og hefur stofnmat og ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins og Hafrannsóknastofnunarinnar um heildarafla tekið mið af því.

2.6.1. Afli og sókn

Heildarafli grálúðu á svæðinu við Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar var 26 þús. tonn árið 2010 (mynd 2.6.1) þar af um 14 þús. tonn á Íslandsmiðum. Hlutdeild afla á Íslandsmiðum var um og yfir 90% á árunum 1982–1992 en minnkaði ört eftir það og hefur hin síðar ár verið rétt um helmingur heildaraflans. Aflamark íslenskra skipa á fiskveiði-árinu 2009/2010 var 12 þús. tonn og landaður afli var rúm 14 þús. tonn (tafla 3.6.1).




Mynd 2.6.1. GRÁLÚÐA. Afli á Íslandsmiðum og heildarafli (þús. tonna) við Ísland, Austur-Grænland og Færeyjar 1976–2010.

Fig. 2.6.1. **GREENLAND HALIBUT.** Landings from Icelandic grounds and total landings (thous. tonnes) from East Greenland, Icelandic and Faroese waters in 1976–2010.

Afli íslenska togaraflotans á sóknareiningu var nokkuð jafn árin 1985–1989 en minnkaði síðan ár frá ári og var í lágmarki árin 1995–1997 (mynd 2.6.2). Afli á sóknareiningu á þessum þremur árum var einungis tæp 30% af meðaltali árunna 1985–1989. Afli á sóknareiningu tvöfaldaðist á árunum 1998–2001, en hefur síðan minnkað um helming og hefur verið í og við sögulegt lágmark síðustu sjö ár, nálægt fjórðungi þess sem hann var árið 1985. Samkvæmt upplýsingum úr afladagbókum erlendra skipa sem veiða við Austur-Grænland hefur afli á sóknareiningu lækkað nokkuð á síðustu tveimur árum.


2.6.2. Ástand stofnsins

Stofnmæling að hausti sýnir að stofninn stækkaði nokkuð á tímabilinu 1996–2001 en var síðan í lágmarki árin 2004–2007 (mynd 2.6.2). Vísitala stofnstærðar hefur verið örlítið hærri á síðustu þremur árum. Umtalsverð aukning hefur orðið á ungfiski í stofnmælingum síðustu þriggja ára, ungfiski sem að gæti nýst til uppbyggingar hrygningarstofnsins á næstu árum.



GRÁLÚÐA. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

GREENLAND HALIBUT. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).



Mynd 2.6.2. GRÁLÚÐA. Afli á sóknareiningu hjá íslenska togarafлотanum 1985–2010 og stofnvísitala úr stofnmælingu botnfiska að hausti 1996–2010.

Fig. 2.6.2. **GREENLAND HALIBUT.** CPUE of the Icelandic fishing fleet 1985–2010 and survey indices from the Icelandic autumn survey 1996–2010.

Þróun í aflabrögðum botnvörpuflotans er í nokkuð góðu samræmi við stofnmælingar. Sama er að segja um stofnmælingar við Austur-Grænland sem ná aftur til ársins 1998. Þessar mælingar, ásamt langtímaupplýsingum um aflabrögð íslenska flotans, benda til þess að stofninn sé enn í slæmu ástandi. Stofnmat með afraksturslíkani byggt á heildarafla, ofangreindum stofnvísitölum og afla á sóknareiningu íslenska togaraflotans bendir enn fremur til þess að stofninn sé í sögulegu lágmarki og að veiðidauði sé hér.

2.6.3. Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.6.1 sýnir ráðgjöf, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um heildaraflamark og grálúðuafra frá árinu 1984. Ekkert samkomulag er milli Íslendinga, Grænlandinga og Færeyinga um nýtingu stofnsins og skiptingu aflans. Íslensk stjórnvöld gáfu hinsvegar út

13 þús. tonna aflamark innan íslenskrar lögsögu fyrir yfirstandandi fiskveiðiár og Grænlandingar 12 þús. tonn. Veiðum við Færeyjar er stýrt með sóknar-dögum. Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) fyrir árið 2011 úr öllum stofninum (Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar) er 5 000 tonn.

Á síðustu þremur árum lögðu Alþjóðahafrannsóknaráðið og Hafrannsóknastofnunin til mjög lítinn afla sem upphafsskref í sameiginlegri stjórnunaráætlun um nýtingu gráðlúðustofnsins á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. Í ljósi þess að ekkert samkomulag er um stjórn veiðanna hefur Alþjóðahafrannsóknaráðið lagt til að engar beinar veiðar verði stundaðar árið 2012.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í grálúðu miðist við þá sókn sem gefur hámarks-afrakstur til lengri tíma litið. Samkvæmt bráða-birgðaútreikningum samsvarar það því að heildaraflí grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar fari ekki yfir 12 þús. tonn fiskveiðiárið 2011/2012.

TAFLA 2.6.1.					
GRÁLÚÐA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum íslenskra stjórnvalda og aflí (þús. tonn) 1984–2010/2011.					
GREENLAND HALIBUT. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC in Icelandic waters and landings (thous. tonnes) 1984–2010/2011.					
Ár	Tillaga	Heildar-aflamark fyrir Ísland ³⁾	Aflí á Íslandsmiðum ³⁾	Aflí á öðrum miðum ¹⁾	Aflí alls
Year	Rec. TAC	National TAC in Icelandic waters ³⁾	Landings from Icelandic waters ³⁾	Landings in other areas ¹⁾	Total landings
1984 ¹⁾	25	30	30.2	3.9	34.1
1985 ¹⁾	25	30	29.2	2.9	32.2
1986 ¹⁾	25	30	31.3	2.0	33.1
1987 ¹⁾	25	30	44.9	1.9	46.8
1988 ¹⁾	30	30	49.6	1.7	51.3
1989 ¹⁾	30	30	59.4	2.1	61.1
1990 ¹⁾	30	30	37.4	2.0	39.4
1991 ²⁾	27	33	31.2	2.5	33.7
1991/92 ³⁾	25	25	30.3	3.5	33.8
1992/93 ³⁾	30	30	34.5	6.7	41.3
1993/94 ³⁾	25	30	29.5	8.4	37.6
1994/95 ³⁾	30 ⁴⁾	30	26.4	8.9	35.3
1995/96 ³⁾	20 ⁴⁾	20	22.3	13.8	36.1
1996/97 ³⁾	15 ⁴⁾	15	17.7	13.3	31.0
1997/98 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11.0	9.8	20.8
1998/99 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11.2	9.3	20.5
1999/00 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11.5	12.0	23.5
2000/01 ³⁾	20 ⁴⁾	20	20.0	11.3	31.3
2001/02 ³⁾	20 ⁴⁾	20	19.2	9.9	29.1
2002/03 ³⁾	23 ⁴⁾	23	20.3	10.2	30.5
2003/04 ³⁾	20 ⁴⁾	23	15.8	11.3	27.1
2004/05 ³⁾	15 ⁴⁾	15	13.0	11.0	24.0
2005/06 ³⁾	15 ⁴⁾	15	12.7	9.5	22.2
2006/07 ³⁾	15 ⁴⁾	15	9.6	11.3	20.9
2007/08 ³⁾	15 ⁴⁾	15	9.7	11.1	20.8
2008/09 ³⁾	5 ⁴⁾	15	15.6	11.6	27.2
2009/10 ³⁾	5 ⁴⁾	12	14.1	11.6	25.7
2010/11 ³⁾	5 ⁴⁾	13			


¹⁾ Almanaksárið. *Calendar year.*
²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*
³⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst. *Quota year September–August.*
⁴⁾ Tillögur um aflahámark fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. *TAC recommendation applied to East Greenland/Iceland /Faeroes.*

2.7. LÚÐA *Hippoglossus hippoglossus*



2.7.1. Afli og sókn

Árið 2010 var landaður lúðaafli á Íslandsmiðum um 580 tonn. Afli Íslendinga var um 550 tonn eða um 95% heildaraflans. Frá árinu 1996 hefur aflinn á Íslandsmiðum verið innan við 1 000 tonn. Upplýsingar um lúðafla liggja fyrir allt frá árinu 1905, og sýna að frá þeim tíma hefur hann aldrei verið minni en undanfarin ár. Heildarafli lúðu 1965–2010 er sýndur á mynd 2.7.1 og frá 1950 í töflu 3.7.1.




Landaður afli úr botnvörpu minnkaði stöðugt úr rúmum 1 000 tonnum árin 1985 og 1986 í um 200 tonn árið 1998 og hefur síðan verið á bilinu 110–220 tonn. Afli á línu var um 1 100 tonn árið 1991, en minnkaði hratt og var kominn niður í um 200 tonn árið 1997 og verið á bilinu 190–300 tonn síðan þá. Undanfarin ár hafa milli 70–90% af heildarafla Íslendinga í fengist í þessi tvö veiðarfæri.

Lúðaafli í dragnót hefur aldrei verið hátt hlutfall af heildarlúðafla á undanförunum árum og var landað 34 tonnum úr dragnót árið 2010. Afli á sóknareiningu í dragnót var tiltölulega mikill frá árinu 1979 til ársins 1985, mestur 38 kg í kasti árið 1984. Eftir það minnkaði afli á sóknareiningu mjög hratt og frá 1988 hefur hann verið undir tveimur kg í kasti (mynd 2.7.2). Þetta sýnir að lúðugengd á grunnslóð hefur verið mjög lítil í tvo áratugi.


2.7.2. Ástand stofnsins

Vísitala lúðu í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2011 sýnir svipaða þróun og afli á sóknareiningu í dragnót. Vísitala lúðu lækkaði hratt á fyrri hluta þessa tímabils og hefur verið í lágmarki frá árinu 1992 (mynd 2.7.2). Þessar niðurstöður staðfesta að ástand lúðustofnsins fór ört versnandi á tímabilinu 1985–1990 og er stofninn enn í mikilli lægð.



LÚÐA. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstvæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

HALIBUT. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).



Mynd 2.7.2. LÚÐA. Afli dragnótabáta á sóknareiningu (kg í kasti) 1979–2010 og vísitala veiðistofns (stofnþyngd) í stofnmælingu í mars 1985–2011. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölunni.

Fig. 2.7.2. HALIBUT. CPUE (kg per set) from seiners during the period 1979–2010 and biomass index in the Icelandic groundfish survey in spring 1985–2011. The shaded area shows one standard deviation in the biomass estimate.

2.7.3. Ráðgjöf fiskveiðiárið 2011/2012

Lúða sem veiðst hefur í stofnmælingu botnfiska í mars er að langstærstum hluta þriggja til fimm ára ókynþroska fiskur. Þessi aldurshópur hefur verið í mikilli lægð í tæpa tvo áratugi og bendir það ótvírætt til þess að viðkomubrestur hafi orðið í stofninum. Þetta ástand er orðið svo langvinnt að fyrrisjáanlegt er að stofninn muni áfram verða í lágmarki á næstu árum. Þá hefur bein sókn í stofninn aukist frá árinu 2008 en Hafrannsóknastofnunin hefur um árabíl lagt til bann við beinni sókn í lúðustofninn.


Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gefið út reglugerð um bann við beinum lúðuveiðum sem gengur í gildi um næstu áramót. Hafrannsóknastofnunin lítur á þetta sem fyrsta skref í verndun stofnsins og hyggst í framhaldi af þessu kanna hvort æskilegt sé að loka svæðum þar sem lúða er algengur meðafli við aðrar veiðar.

2.8. SKARKOLI *Pleuronectes platessa*



2.8.1. Afli

Landaður skarkolaafli árið 2010 var um 6 000 tonn sem er um 300 tonnum minna en árið 2009 (mynd 2.8.1 og tafla 3.8.1). Skarkolaafli á Íslandsmiðum frá 1950 er sýndur í töflu 3.8.1. Afli var mestur 14 500 tonn árið 1985, á bilinu 10–14 þús. tonn á árunum 1986–1997 og á bilinu 4 900–7 100 tonn síðan þá.




Mynd 2.8.1. SKARKOLI. Heildarafli (þús. tonna) árin 1965–2010 skipt eftir veiðarfærum.

Fig. 2.8.1. PLAICE. Total landings during the period 1965–2010 (thous. tonnes) divided by gear.

Uppistaða skarkolaafli á síðustu árum hefur fengist í dragnót. Árið 1992 veiddist um helmingur aflans í botnvörpu en það hlutfall fór niður fyrir 20% árið 1995. Frá árinu 1996 hefur hlutfall afla í botnvörpu aukist og verið á bilinu 24–38%. Afli annarra veiðarfæra, einkum neta, var um 5% heildarafli á síðasta ári.


2.8.2. Árgangaskipan, stofnvísitala og afli á sóknareiningu

Skipting aflans árið 2010 eftir aldri (mynd 2.8.2) sýnir að mest veiddist af sex og sjö ára skarkola og voru þessir tveir aldursflokkar 37% af fjölda




Mynd 2.8.2. SKARKOLI. Hlutfallsleg aldursdreifing (% af fjölda) í lönduðum afla 2010.

Fig. 2.8.2. PLAICE. Percentage age distribution (% by numbers) of the 2010 landings.



SKARKOLI. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

PLAICE. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).




Mynd 2.8.3. SKARKOLI. Vísitölur veiðistofns (stofnþyngd) og ungfisks (fjöldi fiska) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2011.

Fig. 2.8.3. PLAICE. Indices for fishable stock (biomass) and juveniles (number of fish) in the groundfish survey in spring 1985–2011.

landaðra fiska. Einnig var hlutfall fimm og átta ára skarkola nokkuð hátt, eða 16 og 15%.

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska (SMB) í mars árin 1985–2011 benda til þess að veiðistofn skarkola hafi minnkað verulega frá 1985–1995 (mynd 2.8.3). Vísitala veiðistofns á árunum 1997–2001 mældist að meðaltali aðeins um 17% þess sem hún mældist við upphaf SMB árið 1985 og innan við helming þess sem hún mældist árið 1991. Vísitölur hafa þó heldur hækkað frá árinu 2001.

Afli á sóknareiningu í dragnót á aðalveiðisvæðinu frá Stokksnesi vestur og norður um að Horni er reiknaður sem meðalafli úr köstum þar sem skarkolaafliinn var meiri en 10% aflans í hverju kasti. Samkvæmt afladagbókum dragnótabáta minnkaði skarkolaafli á sóknareiningu á ofangreindu svæði á árunum 1991–2000, úr um 400 kg í kasti í um 210 kg, en hefur síðan hækkað nokkuð á síðustu árum og



Mynd 2.8.4. SKARKOLI. Afli á sóknareiningu (kg í kast) hjá dragnótabátum og í botnvarpu (kg/klst) 1991–2010.


Fig. 2.8.4. PLAICE. CPUE from seiners (kg/set) and bottom trawl vessels (kg/hour) in 1991–2010.

var um 370 kg á síðasta ári (mynd 2.8.4).

Afli á sóknareiningu í botnvarpu (kg/klst), þar sem skarkolaafli var meira en 25% aflans, minnkaði um þriðjung frá árinu 1991 til ársins 2000, úr 200 í 140 kg/klst. (mynd 2.8.4). Síðan jókst aflinn í um 200 kg/klst árið 2005 og hefur verið svipaður síðan að undanteknu árinu 2007.

2.8.3 Ástand stofnsins

Útreikningar á þróun stofnsærðar, byggðir á aldurs-aflagreiningu, benda til þess að stofninn hafi minnkað um meira en helming á tímabilinu 1993–2000 og náð sögulegu lágmarki kringum árið 2000, í kjölfar mjög hás veiðhlutfalls og slakrar nýliðunar. Síðustu 10 árin hefur nýliðun (fjöldi þriggja ára fiska) verið lág en stöðug. Fiskveiðidaudi hefur hinsvegar lækkað um nær helming á því tímabili og er nú í sögulegu lágmarki. Samfara þessari sóknarminnkun hefur stærð veiðistofnsins verið vaxandi allt frá árinu 2000 og er nú metinn nálægt 40 þús. tonnum. Mælingar á stærð árganga sem eru að koma inn í veiðina hverju sinni eru ekki fyrir hendi og því mikil óvissa um stærð uppvaxandi árganga.



Mynd 2.8.5. SKARKOLI. Þróun stofnstærðar veiðistofns (> 30cm) 1987–2011 og fiskveiðidánartala 1987–2010 samkvæmt aldurs-aflagreiningu.

Fig. 2.8.5. PLAICE. Fishable stock (> 30 cm) 1987–2011 and fishing mortality 1987–2010, based on CAEGIAN model.

Tafla 2.8.1.
SKARKOLI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1991/92–2010/2011.
PLAICE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1991/92–2010/2011.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1991/92	10 000	11 000	10 200
1992/93	10 000	13 000	12 400
1993/94	10 000	13 000	12 300
1994/95	10 000	13 000	11 100
1995/96	10 000	13 000	11 000
1996/97	10 000	12 000	10 300
1997/98	9 000	9 000	8 100
1998/99	7 000	7 000	7 500
1999/00	4 000	4 000	4 900
2000/01	4 000	4 000	4 900
2001/02	4 000	5 000	4 400
2002/03	4 000	5 000	5 400
2003/04	4 000	4 500	5 800
2004/05	4 000	5 000	6 200
2005/06	4 000	5 000	5 700
2006/07	5 000	6 000	6 100
2007/08	5 000	6 500	6 600
2008/09	5 000	6 500	6 400
2009/10	5 000	6 500	6 400
2010/11	6 500	6 500	


2.8.4. Horfur og tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.8.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark og ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark síðan árið 1991.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að leyfilegur hámarksafli skarkola fiskveiðiárið 2011/2012 verði takmarkaður við 6 500 tonn. Að gefnum forsendum um að nýliðun verði með svipuðum hætti og undangengin ár mun slík takmörkun leiða til þess að fiskeiðidaudi verði áfram í sögulegu lágmarki og stærð veiðistofnsins haldist stöðug.


Einnig er lagt til að áfram verði stuðlað að verndun hrygnandi skarkola með lokun veiðisvæða á hrygningartíma, líkt og gert hefur verið allt frá árinu 2002.

2.9. SANDKOLI *Limanda limanda*




2.9.1. Afli og sókn

Afli sandkola árið 2010 var 610 tonn. Fram til ársins 1984 veiddist sandkoli aðallega sem meðafli við veiðar á öðrum tegundum og var þá oftast kastað. Frá árinu 1984 jókst landaður afli nokkuð stöðugt og náði hámarki árin 1996 og 1997, í tæpum 8 000 tonnum (mynd 2.9.1 og tafla 3.9.1). Á fiskveiðiarinu 2009/10 var aflinn um 720 tonn, þar af 570 tonn á skilgreindu aflamarkssvæði sem nær frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi.



Mynd 2.9.1. SANDKOLI. Heildaraflí (þús. tonna) árin 1984–2010.

Fig. 2.9.1. DAB. Total landings during the period 1984–2010 (thous. tonnes).




Mynd 2.9.2. SANDKOLI. Afli á sóknareiningu (kg í kast) hjá dragnotabátum úr öllum köstum þar sem sandkolaafli er skráður og á dýpi minna en 100 m.

Fig. 2.9.2. DAB. CPUE (kg per set) from seiners from settings where dab is recorded in the catch and depth is less than 100 m.

Sandkolaveiðar hafa fyrst og fremst verið stundaðar í Faxaflóa, við Reykjanes og með suðurströndinni austur að Stokksnesi. Yfir 95% aflans veiðast í dragnót.

Meðalafli sandkola í kast í dragnót á svæðinu frá Faxaflóa að Stokksnesi minnkaði um helming á árunum 1997 til 2000 (mynd 2.9.2) en jókst aftur árin 2001–2002. Síðan 2002 hefur afli í kast minnkað verulega.



SANDKOLI. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

DAB. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

2.9.2. Ástand stofnsins

Vísitala sandkola í stofnmælingu botnfiska er ekki talin áreiðanlegur mælikvarði á þróun stofnsins sökum mikils breytileika og víðra öryggismarka. Vísitalan hefur þó verið mjög lág á síðustu árum sem bendir til lélegs ástands stofnsins.

Gögn um aldursskiptan sandkolaafli eru eingöngu til fyrir tímabilið 1993 til 2010. Mat samkvæmt aldurs-aflagreiningu sýnir að árgangar endast stutt í veiði og að heildardánartala hefur verið mjög

TAFLA 2.9.1.

SANDKOLI. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) á aflamarkssvæðinu fiskveiðiarin 1995/96–2010/2011.

DAB. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) from the quota area in the quota years 1995/96–2010/2011.

Fiskveiðiar Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1995/96	7 000	-	6 800
1996/97	7 000	-	8 200
1997/98	7 000	7 000	6 000
1998/99	7 000	7 000	4 300
1999/00	7 000	7 000	2 700
2000/01	4 000	5 500	2 300
2001/02	4 000 ¹⁾	4 000	3 800
2002/03	7 000 ²⁾	7 000	4 300
2003/04	7 000	7 000	3 600
2004/05	5 000	5 000	2 600
2005/06	2 500	4 000	1 200
2006/07	1 000	2 000	800
2007/08	500	1 500	600
2008/09	500 ³⁾	1 000	700
2009/10	500 ³⁾	1 000	570
2010/11	500 ³⁾	500	

¹⁾ Upphafstillaga (3 000 tonn), endurskoðuð í janúar 2002. Initially 3 000 t, revised in January 2002.

²⁾ Upphafstillaga (4 000 tonn), endurskoðuð í janúar 2003. Initially 4 000 t, revised in January 2003.

³⁾ Engar beinar veiðar. Aflamark sem nemi áætluðum aukaafli við aðrar veiðar. No directed fishery. TAC set no higher than that which would result from dab being bycatch in other fisheries.

há undanfarin ár. Veiðin árið 2010 byggðist að mestu á fimm og sex ára fiski eða árgöngunum frá 2004 og 2005. Aflagögn benda til þess að þeir séu báðir mjög litlir.

Mat á veiðistofni í upphafi árs 2011 er háð mikilli óvissu þar sem mjög takmarkaðar upplýsingar eru til um stærð árganganna frá 2006 og 2007 sem eru að koma inn í veiðina. Fyrstu vísbendingar fengnar frá aflasýnum benda til þess að þeir séu ekki stórir. Veiðidánartala virðist einnig nokkuð há.

2.9.3. Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.9.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og sandkoolafla síðan fiskveiðiárið 1995/96.

Frá fiskveiðiarinu 1997/98 hefur sandkoolafla oftast verið minni en tillögur og mun minni en úthlutað aflamark. Mikilvægt er að úthlutaðar aflaheimildir í sandkola flytjist ekki í of miklum mæli á aðrar tegundir og leiði þar með til of mikils afla, umfram tillögur og aflamark viðkomandi tegunda. Líklegt er að sandkoolaflinn á yfirstandandi fiskveiðiári verði svipaður og á því síðasta.

Í ljósi slæms ástands sandkolastofnsins leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark fyrir fiskveiðiárið 2011/2012 verði ekki hærra en sem nemur þeim sandkoolafla sem ætla má að fáiast sem meðafli við aðrar veiðar. Miðað við mat á ástandi stofnsins gæti sá afli numið um 500 tonnum á næsta fiskveiðiári.

2.10. SKRÁPFLÚRA *Hippoglossoides platessoides*



2.10.1. Afli og sókn

Fram til ársins 1987 veiddist skrápflúra aðallega sem meðafli við veiðar á öðrum tegundum og var þá oftast kastað. Fyrstu árin eftir að byrjað var að landa skrápflúru var aflinn innan við 2 000 tonn. Á árunum 1995–1997 var landaður afli á bilinu 5 400–6 400 tonn, en hefur síðan farið minnkandi og var einungis um 220 tonn árið 2010 (mynd 2.10.1 og tafla 3.10.1). Um 70–90% skrápflúruaflans er veiddur á svæðinu frá Snæfellsnesi suður og austur um að Stokksnesi.

Afli í kasti í dragnot á aðalveiðisvæðinu, í öllum köstum þar sem skrápflúra var skráð, minnkaði á árunum 1991 til 1997, úr 990 kg í 380 kg (mynd 2.10.2). Síðan jókst afli í kasti og var rúm 600 kg árin 2002–2003, en minnkaði aftur og var um 225 kg árið 2010.


Þó svo að skrápflúran veiðist allt í kringum landið, eru aðalveiðisvæðin smá og bundin við þekkt hrygningarsvæði. Uppistaðan í veiðinni er eldri fiskur og vegna stærðarmunar kynjanna eru nær eingöngu veiddar hrygnur.

2.10.2. Ástand stofnsins

Vísitala veiðistofns skrápflúru úr stofnmælingu botnfiska í mars bendir til þess að veiðistofninn hafi minnkað umtalsvert frá árinu 2003 (mynd 2.10.2) og hefur vísitala veiðistofnsins verið í sögulegu lágmarki undanfarin ár.


Vísitölur ungfisks í stofnmælingu fóru hækkandi frá árinu 1989 og náðu hámarki árið 1994, sem bendir til góðrar nýliðunar á þessum tíma. Síðan fór nýliðunarvísitalan lækkandi til ársins 2006 en hefur hækkað nokkuð á síðustu árum.

Misræmis gætir milli afladagbóka og stofnmælinga botnfiska um þróun stofnsins. Þó sýna bæði vísitölur og afladagbækur mikla lækkun frá 2002. Líklegasta skýringin á misræminu er sú að veiðarnar beinast einkum að elsta hluta hrygningarstofnsins á afmörkuðum svæðum.




Mynd 2.10.1. SKRÁPFLÚRA. Heildarafli (þús. tonna) árin 1987–2010.

Fig. 2.10.1. LONG ROUGH DAB. Total landings during the period 1987–2010 (thous. tonnes).



SKRÁPFLÚRA. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

LONG ROUGH DAB. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).



Mynd 2.10.2. SKRÁPFLÚRA. Afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnotabátum árin 1991–2010 og vísitala veiðistofns á suðursvæði í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2011.

Fig. 2.10.2. LONG ROUGH DAB. CPUE (kg per set) from seines during the period 1991–2010 and indices of the fishable stock abundance on the southern grounds in the groundfish survey since 1985.

Sókn í skrápflúru og afli jukust mjög hratt í lok síðustu aldar og afli í kasti minnkaði um helming á sama tíma. Árin 2002–2003 var afli í kasti hlutfallslega hár, en á síðustu árum hefur hann verið við sögulegt lágmark. Mikill afli á árunum 1995–2002 virðist hafa fylgt uppsveiflu í stofnstærð.

2.10.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.10.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda, heildarafli og skrápflúruafla á aflamarkssvæðinu frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi frá fiskveiðiárinu 1995/1996.

Afli á sóknareiningu og stofnvísitölur benda til þess að stofninn hafi minnkað hratt á undanförnum árum, á sama tíma og afli var langt undir úthlutuðu aflamarki. Ólíklegt verður að teljast að sú minnkun

sem orðið hefur sé eingöngu afleiðing veiðanna. Hinsvegar er ljóst að ástand stofnsins hefur farið versnandi á undanförunum árum og þó komið hafi fram vísbendingar um vaxandi ungfisk, þá mun líða nokkur tími þar til sá fiskur fer að hafa áhrif á veiðistofninn. Í ljósi þeirrar þróunar leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark fyrir skráplúru, á veiðislóðinni frá Snæfellsnesi suður um og austur að Stokksnesi, fiskveiðiárið 2011/2012 verði ekki hærra en sem nemur þeim skráplúruafla sem ætla má að fáist sem meðafli við aðrar veiðar. Miðað við mat á ástandi stofnsins gæti sá afli numið um 200 tonnum á næsta fiskveiðiári.

TAFLA 2.10.1. SKRÁPLÚRA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) á aflamarkssvæðinu fiskveiðiárin 1995/96–2010/11. <i>LONG ROUGH DAB. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) from the quota area in the quota years 1995/96–2010/11.</i>			
Fiskveiðiár	Tillaga	Heildaraflamark	Afli
Quota year	Recommended TAC	National TAC	Landings
1995/96	5 000		5 300
1996/97	5 000		4 400
1997/98	5 000	5 000	3 400
1998/99	5 000	5 000	3 300
1999/00	5 000	5 000	2 800
2000/01	5 000	5 000	2 800
2001/02	5 000	5 000	2 500
2002/03	5 000	5 000	2 100
2003/04	5 000	5 000	1 600
2004/05	5 000	5 000	800
2005/06	2 000	3 500	600
2006/07	500	1 500	260
2007/08	500	1 000	210
2008/09	250 ¹⁾	1 000	210
2009/10	200 ¹⁾	1 000	130
2010/11	200 ¹⁾	200	


1) Engar beinar veiðar. Aflamark sem nemi áætluðum aukaafla við aðrar veiðar.
No direct fishery. TAC set no higher than that which would result from long rough dab being bycatch in other fisheries.

2.11. LANGLÚRA *Glyptocephalus cynoglossus*



2.11.1. Afli, sókn og árgangaskipan

Tilraunaveiðar á langlúru hófust haustið 1986 en fyrir þann tíma fékkst langlúra aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar og var að stórum hluta kastað. Árið 1987 hófu um 10 dragnótabátar langlúruveiðar og varð heildarafli tæp 4 600 tonn (mynd 2.11.1 og tafla 3.11.1). Afli hafði áður orðið mestur um 1 800 tonn árið 1949 en þá stunduðu nær eingöngu erlend skip veiðarnar. Á árunum 1988 til 1996 var landaður ársafli á bilinu 1 300 til 3 000 tonn. Á fiskveiðarárinu 1996/1997 var í fyrsta sinn úthlutað heildaraflamarki fyrir langlúru og hefur landaður afli síðan að öllu jöfnu verið nokkuð nærri ráðgjöf. Á árinu 2010 var landað um 1 300 tonnum af langlúru.




Mynd 2.11.1. LANGLÚRA. Heildarafli (þús. tonn) árin 1965–2010.
Fig. 2.11.1. WITCH. Total landings during the period 1965–2010 (thous. tonnes).

Meirihluti langlúruaflans hefur verið veiddur af dragnótabátum en humarbátar veiddu um 39% aflans árið 2010, en tæp 25% árið 2009. Langlúra er mjög algengur aukaafli við humarveiðar og samanburður á stærðarsamsetningu langlúru í humarleiðöngrum og í afla humarbáta bendir til umtalsverðs brottkasts smárrar langlúru.


Afli á sóknareiningu hjá dragnótabátum (afli í kasti, þar sem langlúra er a.m.k. helmingur aflans) var tæplega 1 000 kg í kasti árið 1987 en fór minnkandi til ársins 1998 (mynd 2.11.2) er hann var 330 kg í kasti. Frá 1998–2006 tvöfaldaðist afli í kasti en hefur síðan minnkað og var 470 kg á árinu 2010 (mynd 2.11.2). Sókn dragnótabáta í langlúru var mikil á árunum 1992–1995 en fór eftir það minnkandi allt til ársins 2002. Eftir nokkuð aukna sókn á árunum 2003–2005 fór hún aftur minnkandi til 2008 en hefur aukist síðan þá.

Upplýsingum um stærðar- og aldurssamsetningu langlúru í afla hefur verið safnað frá árinu 1987. Árgangar frá árunum 1998–2001 voru stórir. Á þeim árum sem þessir árgangar héldu uppi aflanum, árin



LANGLÚRA Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

WITCH. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).



Mynd 2.11.2. LANGLÚRA. Sókn og afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótabátum 1987–2010.

Fig. 2.11.2. WITCH. Effort and CPUE (kg per set) from seiners during the period 1987–2010.


2003–2008, var afli í kasti hár. Árgangar eftir 2001 virðast mun minni, eins og minnkandi afli í kasti bendir til.

2.11.2. Ástand stofnsins og nýliðun

Vísitala veiðistofns í humarleiðangri þrefaldaðist á árunum 1995 til 2005 (mynd 2.11.3) en hefur síðan farið lækkandi. Mælingar á langlúru í stofnmælingu botnfiska í mars sýna svipaða þróun.

Fjöldavísitala ungfisks, 30 cm og minni, úr humarleiðangri hækkaði umtalsvert frá árinu 1995 til 2001, en hefur verið lækkandi síðan (mynd 2.11.3).

Aldursgreindar vísitölur langlúru í humarleiðöngrum benda til þess að nokkuð gott samræmi sé í aldersgreindum vísitölum milli einstakra ára. Niðurstöður leiðangurs í maí 2011 staðfesta að árgangurinn frá 2007 er lítill og því lítillar nýliðunar að vænta í veiðistofninn. Þá hefur árgangurinn frá 2008 mælst lítill tvö ár í röð og fyrstu mælingar á 2009 árganginum benda til að hann sé einnig lítill.



2.11.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiaríð 2011/2012

Tafla 2.11.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámak, ákvörðun stjórnvalda og langlúruafli frá fiskveiðiarinu 1994/95.

Töluverð óvissa er um stofnstærð langlúru. Þau gögn sem liggja fyrir benda til þess að stærð veiðistofnsins hafi minnkað á síðustu árum og litlir árgangar frá 2007–2009 leiði til þess að veiðistofninn muni enn minnka á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að aflamark langlúru á fiskveiðiarinu 2011/2012 fari ekki yfir 1 100 tonn.

TAFLA 2.11.1.
LANGLÚRA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámak, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiarin 1994/95–2010/2011.
WITCH. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1994/95–2010/2011.

Fiskveiðiar Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1994/95	1 500		1 775
1995/96	1 400		1 659
1996/97	1 200	1 200	1 260
1997/98	1 100	1 100	954
1998/99	1 100	1 100	1 157
1999/00	1 100	1 100	1 109
2000/01	1 100	1 100	1 159
2001/02	1 350	1 350	1 220
2002/03	1 500	1 500	1 530
2003/04	1 500	1 500	2 000
2004/05	2 000	2 000	2 250
2005/06	2 200	2 400	2 200
2006/07	2 000	2 400	2 200
2007/08	2 000	2 400	1 500
2008/09	1 600	2 200	1 700
2009/10	1 600	2 200	1 300
2010/11	1 300	1 300	


2.12. ÞYKKVALÚRA *Microstomus kitt*



2.12.1. Afli, sókn og stofnvísitölur


Á tímabilinu 1951–1965 var ársafli þykkvalúru á Íslandsmiðum 1 300–2 900 tonn og veiddu erlend skip oftast meirihluta aflans (tafla 3.12.1). Frá árinu 1966 fór afli minnkandi og var óverulegur árin 1977–1984. Árið 1985 var aftur farið að nýta þykkvalúru (mynd 2.12.1) og veiddust þá tæplega 400 tonn. Síðan hefur afli aukist í nokkrum þrepum og náði 2 700 tonnum árið 2006 sem er mesti þykkvalúruafli sem fengist hefur á Íslandsmiðum síðan árið 1963. Afli árið 2010 var tæp 2 000 tonn.

Þykkvalúra veiðist mest í botnvörpu og dragnót en lítið í önnur veiðafæri. Á aðalveiðisvæðinu undan Suður- og Suðvesturlandi minnkaði afli á sóknareiningu í dragnót (þar sem þykkvalúra var a.m.k. 25% afli í kasti) úr 350–400 kg árin 1991 og 1992, í um 200 kg árin 1993–1998. Árin 1999 og 2000 var afli í kasti á þessu svæði um 280 kg en hefur aukist síðan og verið um 490 kg síðastliðin tvö ár.




ÞYKKVALÚRA. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afli (tonn/sjm²).

LEMON SOLE. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).



Mynd 2.12.1. ÞYKKVALÚRA. Heildarafli (þús. tonn) árin 1981–2010. Fig. 2.12.1. LEMON SOLE. Total landings during the period 1981–2010 (thous. tonnes).



Mynd 2.12.2. ÞYKKVALÚRA. Vísitala veiðistofns (í stofnþyngd) og ungfisks (minni en 20 cm) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2011. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölunni.

Fig. 2.12.2. LEMON SOLE. Indices for fishable stock biomass and juveniles (number of fish <20 cm) in annual groundfish surveys in March 1985–2011. Shaded area shows one standard deviation in the estimate.

Samkvæmt vísitölum úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) minnkaði veiðistofn þykkvalúru um þriðjung frá 1985 til ársins 2000. Árið 2004 hækkaði vísitalan umtalsvert og hefur haldist há síðan en hefur þó fallið nokkuð síðustu ár. Jafnframt hefur nýliðunarvísitala verið há síðan 2001 (mynd 2.12.2).

2.12.2. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.12.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1999/2000–2010/2011.

Afrakstursgeta stofnsins er ekki þekkt. Vísitölur í SMB og afli á sóknareiningu eru há og einnig virðist nýliðun hafa verið góð undanfarin ár, en áhrif aukinnar sóknar á síðustu árum eru óljós. Aldursafgreining bendir til þess að veiðidánartölur séu

TAFLA 2.12.1. ÞYKKVALÚRA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1999/2000–2010/2011. LEMON SOLE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1999/2000–2010/2011.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1999/2000	1 400	1 400	1 400
2000/2001	1 400	1 400	1 400
2001/2002	1 400	1 400	1 000
2002/2003	1 600	1 600	1 100
2003/2004	1 600	1 600	2 100
2004/2005	1 600	1 600	2 600
2005/2006	1 600	1 800	2 500
2006/2007	1 600	2 000	2 900
2007/2008	1 600	2 200	2 600
2008/2009	1 600	2 200	2 700
2009/2010	1 800	2 200	2 000
2010/2011	1 800	1 800	


mjög háar. Æskilegt er að minnka sóknina frá því sem verið hefur, þrátt fyrir háar vísitölur í stofnmælingu botnfiska.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að heildarafli þykkvalúru fiskveiðiárið 2011/2012 verði ekki meiri en 1 800 tonn.

2.13. STÓRKJAFTA *Lepidorhombus whiffiagonis*




Stórkjaftha veiðist einkum sem meðafli við aðrar veiðar. Á tímabilinu 1951–1973 var landaður ársafli 400–700 tonn og veiddu útlendingar stærstan hluta hans (tafla 3.13.1). Frá árinu 1974 minnkaði aflinn og var einungis 40–100 tonn árin 1981–1986 (mynd 2.13.1 og tafla 3.13.1). Á árunum eftir 1986 hefur landaður afli verið mjög breytilegur, farið mest í 420 tonn árið 1996 en minnst 67 tonn árið 2003. Landaður afli árið 2010 var 252 tonn.



Mynd 2.13.1. STÓRKJAFTA. Heildarafli (tonn) árin 1981–2010 og afli á sóknareiningu í dragnót (kg í kasti) 1991–2010.

Fig. 2.13.1. *MEGRIM*. Total landings during the period 1981–2010 (tonnes) and CPUE (kg per set) from seiners during the period 1991–2010.



STÓRKJAFTA. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afli (tonn/sjm²).

MEGRIM. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

Stórkjaftha veiðist sem meðafli, einkum í dragnót og humarvörpu en einnig í botnvörpu. Afli á sóknareiningu í dragnót (miðað við öll köst dýpra en 100 m og allan landaðan stórkjöftuafla úr dragnót á svæðinu frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi) minnkaði frá árinu 1992 til 1999 og hélst lítil til ársins 2003. Síðan hefur afli á sóknareiningu aukist nokkuð (mynd 2.13.1). Stofnstærð stórkjöftu, veiðiálag og afrakstursgeta stofnsins eru óþekkt.


Hafrannsóknastofnunin leggur ekki fram tillögur um hámarksafli stórkjöftu fyrir fiskveiðiárið 2011/2012.

2.14. STEINBÍTUR *Anarhichas lupus*



2.14.1. Afli og sókn


Steinbítsafli á árinu 2010 var rúm 12 600 tonn sem er minnsti ársafli síðan 1998. Á árunum 1986–1992 jókst steinbítsafli verulega, einkum á línu, úr um 10 þús. tonnum í um 15 þús. tonn á ári. Aflinn minnkaði á árunum 1993–1998, einkum vegna minni steinbítsafla í botnvörpu og var þá árlega að meðaltali um 13 þús. tonn. Síðastliðliðinn áratug hefur aflinn verið frá 12–18 þús. tonn (mynd 2.14.1 og tafla 3.14.1). Undanfarin sjö ár hefur steinbítsafli á línu og í botnvörpu verið svipaður, en fyrir þann tíma var árlegur línuafli meiri.



Sókn í stofninn var talsverð á árunum 1991 og 1992, bæði með botnvörpu og línu en verulega dró úr veiðum með botnvörpu á næstu árum. Uptaka aflareglu fyrir þorsk leiddi til minni botnvörpusóknar á Íslandsmiðum og þar með minni steinbítsafla í það veiðarfæri. Á árunum 1997–2010 jókst sókn í steinbít með botnvörpu á ný, fyrst vegna aukinna botnvörpuveiða á Íslandsmiðum en síðar vegna aukinnar beinnar sóknar togskipa í steinbít. Þessi sókn náði hámarki árið 2007, en hefur farið minnkandi síðustu ár. Sókn með línu var nokkuð stöðug á árunum 1991–1998, hún jókst árið 1999 og var nokkuð stöðug fram til ársins 2004, en frá því ári hefur hún verið heldur vaxandi.

2.14.2. Stofnmæling


Steinbítur hefur veiðst að meðaltali á um 470 af um 560 stöðvum í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) og er dreifing hans frekar jöfn yfir allt athugunarsvæðið, þó mest veiðist út af sunnanverðum Vestfjörðum. Steinbítur kemur fyrst fram í stofnmælingum eins árs gamall eða um sjö árum áður en hann kemur inn í veiðina. Mynd 2.14.2. sýnir vísitalur veiðistofns og nýliðunar samkvæmt SMB.




Vísitala nýliðunar er reiknuð sem fjöldi 20–40 cm steinbíts sem er u.þ.b. fjöggra til níu ára, en vísitala veiðistofns sem þyngd steinbíts stærra en 60 cm. Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga lækkaði vísitala veiðistofns um ríflega helming frá 1985–1995 en fór síðan vaxandi til 2008. Síðan þá hefur vísitalan farið lakkandi og í ár mældist vísitalan nálægt meðaltali frá 1985. Samkvæmt niðurstöðum úr SMB jókst nýliðun á árunum 1991–1998, en hefur síðan lækkað og var vísitalan árið 2011 sú lægsta frá upphafi stofnmælinga. Hækkandi vísitalur veiðistofns frá 1995–2008 eru í takt við háar nýliðunar-tölur árunna á undan.

2.14.3. Ástand stofnsins

Mat á stofnstærð steinbíts var byggt á aldurslengdarlíkani (Gadget, sjá Viðauka 5.1). Mynd 2.14.3 sýnir þróun veiðistofns og veiðidauga hjá steinbít sem er að fullu kominn inn í veiðina. Samkvæmt líkaninu hefur sókn frá árinu 1980





Mynd 2.14.3. STEINBÍTUR. Stærð veiðistofns (þús. tonna) 1981–2011 og veiðidánartala (F) 1981–2010 samkvæmt Gadget-líkani.

Fig. 2.14.3. WOLFFISH. Fishable stock size (thous. tonnes) 1981–2011 and F 1981–2010 based on the Gadget model.

yfirleitt verið yfir þeirri sókn sem gefur hámarksafur (F_{max}=0.29) og var fiskveiðidauði árin 2008–2010 að meðaltali 0.36. Veiðistofninn hefur samkvæmt þessu líkani minnkað um rúmlega fjórðung frá 2006.

Mat á stærð steinbítisstofnsins var einnig gert með ADAPT líkani (sjá Viðauka 5.1). Svipaðar niðurstöður fengust úr því og þegar Gadget líkanið var notað.

2.14.4. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012

Steinbítveiðar hafa verið að meðaltali 3 þús. tonn umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar síðastliðin sex fiskveiðiár (tafla 2.14.1). Þar sem steinbítur er hægvaxta og langlífur ber að nýta hann með varúð. Líklegt er að afurkstursgeta stofnsins minnki á næstu árum þegar lélegir árgangar koma inn í veiðistofninn, eins og nýliðunarvísitölur benda til.

Tafla 2.14.1
Steinbítur. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflu-
hámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og
aflu (tonn) fiskveiðiárin 1996/97–2010/2011.
Wolffish. TAC recommended by the Marine Research Institute,
national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1996/97–
2010/2011.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1996/97	13 000	13 000	11 523
1997/98	13 000	13 000	11 689
1998/99	13 000	13 000	13 051
1999/00	13 000	13 000	14 906
2000/01	13 000	13 000	18 094
2001/02	13 000	16 100	13 667
2002/03	15 000	15 000	16 953
2003/04	15 000	16 000	13 253
2004/05	13 000	16 000	14 208
2005/06	13 000	13 000	16 473
2006/07	12 000	13 000	15 796
2007/08	11 000	12 500	15 159
2008/09	12 000	13 000	15 453
2009/10	10 000	12 000	13 096
2010/11	8 500	12 000	


Hafrannsóknastofnunin leggur til að veiðidánartala miðist við að ná hámarksafurstri úr stofninum til lengri tíma litið (F_{max}=0.29) sem samsvarar 7 500 tonna afla á fiskveiðiárinu 2011/2012. Hafrannsóknastofnunin ítrekar jafnframt fyrri ráðgjöf um nauðsyn þess að steinbítur á hrygningarslóð á Látragrundi verði friðaður yfir hrygningar- og klaktíma.

2.15. BLÁLANGA *Molva dypterygia*



2.15.1 Afli og sókn


Blálonguafli á Íslandsmiðum árin 1982–2010 er sýndur á mynd 2.15.1 og frá 1966 í töflu 3.15.1. Blálonguafli hefur verið á milli 1 000 til 3 000 tonn síðan 1985 ef frá eru talin árin 1993 og eftir 2008. Afliinn 2010 var 6 900 tonn en það er mesti blálonguafli síðan árið 1981. Þar af veiddu íslensk skip 6 377 tonn. Síðastliðinn áratug hafa íslensk skip veitt yfir 95% heildaraflans.



Mynd 2.15.1. **BLÁLANGA**. Heildaraflí (þús. tonna) á Íslandsmiðum árin 1982–2010 skipt eftir veiðarfærum.


Fig. 2.15.1. **BLUE LING**. Total landings from Iceland waters during the period 1982–2010 (thous. tonnes) divided by gear.

Veiðar á hrygnandi blálongu voru stundaðar suður af Vestmannaeyjum á árunum 1980–1984 og náði blálonguafli Íslendinga um 8 000 tonnum árin 1980 og 1981. Aflaukningin 1993 byggðist að mestu leyti á tímabundnum veiðum á Franshól á mörkum fiskveiðilögsögunnar austan Reykjanes-hryggjar. Þessar miklu beinu veiðar á hrygnandi blálongu virðast hafa verið langt umfram afraksturs-



Mynd 2.15.2. **BLÁLANGA**. Stofnvísitala (þyngd) blálongu 40 cm og stærri í stofnmælingu botnfiska í október og vísitala veiðihlutfalls (afli/vísitölu) árin 2000–2010.

Fig. 2.15.2. **BLUE LING**. Biomass index in the annual groundfish survey in October 2000–2010 and F_{proxy} .



BLÁLANGA. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Öll veiðarfæri. Dökku svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

BLUE LING. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

getu stofnsins. Frá árinu 1993 til 2007 veiddist blálanga að mestu sem meðafli við botnvörpuveiðar. Á árunum 2008 til 2009 fór hlutdeild blálonguaflla sem veiddist upp í um 40% en árið 2010 var hlutur línu um 60%. Þessi mikla aukning á línuaflla frá fyrri árum skýrist af beinni sókn í blálongu yfir sumar-mánuðina. Þá veiðist blálanga í auknum mæli sem meðafli við karfa- og grálúðuveiðar djúpt út af Vestfjörðum, sem kemur saman við aukna norðvestlæga útbreiðslu tegundarinnar í stofnmælingum.

2.15.2 Ástand stofnsins

Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga tók blálongustofninn að stækka eftir 2005 en niðurstöður haustmælinga 2010 og vormælinga 2011 benda til að stofninn kunnist að fara minnkandi. Þá benda stofnmælingar til minnkandi nýliðunar. Breytingar í vísitölu veiðihlutfalls (sjá viðauka 5.1) benda til að aukning í afla sé þó mun meiri en stofnaukning samkvæmt stofnmælingu í október (mynd 2.15.2). Þannig hefur vísitala veiðihlutfalls aukist nær þrefalt síðan á árunum 2003 til 2005 (mynd 2.15.2).

2.15.3 Tillögur um hámarksaflla fiskveiðiárið 2011/2012


Þar sem veiðipól blálongu er lítt þekkt og litlar rannsóknir stundaðar á tegundinni ber að fara varlega við nýtingu hennar. Hafrannsóknastofnunin telur að sú mikla aflaukning sem verið hefur undanfarið sé umfram afrakstursgetu tegundarinnar og leggur til að afli á komandi fiskveiðiári fari ekki yfir 4 000 tonn. Sá afli mun leiða til svipaðs veiðihlutfalls og var á árunum 2006 til 2009. Þá leggur stofnunin jafnframt til að þekktum hrygningarsvæðum suður af Vestmannaeyjum og á Franshól verði áfram lokað á hrygningartíma frá 15. febrúar til 30. apríl ár hvert.

2.16. LANGA *Molva molva*



2.16.1. Afli og sókn

Lönguafliinn á Íslandsmiðum árin 1982–2010 er sýndur á mynd 2.16.1 og frá árinu 1950 í töflu 3.16.1. Aflinn varð mestur árið 1971 eða um 15 000 tonn. Á tímabilinu 1982–2005 var aflinn á milli 3 200 og 5 900 tonn en hefur aukist mikið frá þeim tíma og var um 11 000 tonn árin 2009 og 2010. Er það mesti lönguafli frá árinu 1971. Síðastliðna þrjá áratugi hafa Íslendingar veitt um 85–90% lönguafli á Íslandsmiðum, en fyrir þann tíma var hlutur erlendra skipa mun meiri (tafla 3.16.1).




Skipting lönguafli eftir veiðarfærum hefur breyst verulega síðustu árin og hefur hlutdeild línu í lönguafli meira en tvöfaldast, úr 26% árið 1994 í ríflega 66% árið 2010. Hlutfall netafla hefur dregist verulega saman á undanföllum árum og var 2010 um 4% heildarafla samanborið við um 22–37% árin 2000 til 2002. Lönguafli í botnvarpu var um 16% af heildarafla, sem er heldur lægra hlutfall en undanfarnin ár. Afli á sóknareiningu síðustu fjögur árin hefur verið hærri en sést hefur frá árinu 1991 þegar lögbundnar skráningar afladagbóka hófust.

2.16.2. Ástand stofnsins


Vísitala löngu í stofnmælingu botnfiska í mars lækkaði um meira en helming á árunum 1986–2001, en hefur hækkað mikið síðan þá og var árið 2007 sú hæsta frá upphafi stofnmælingarinnar en talið er að það ár sé útgildi og endurspegli því ekki raunverulega stofnþróun þessa árs (mynd 2.16.2). Stofnvísitala ársins 2011 er sú næst hæsta sem mælst hefur frá upphafi mælinga. Vísitala veiðistofns hefur verið svipuð frá 2008 til 2011 og er há í sögulegu samhengi.

Vísitala veiðihlutfalls (sjá viðauka 5.1) var fremur há á árunum 1994 til 2003 en lækkaði hratt



LANGA. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Öll veiðarfæri. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

LING. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).



Mynd. 2.16.2. LANGA. Stofnvísitala (þyngd) löngu 40 cm og stærri í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2011 og vísitala veiðihlutfalls (afli/stofnvísitölu).

Fig. 2.16.2. LING. Biomass index (>40 cm) in the annual groundfish survey in March during 1985–2011 and F_{proxy} (catch/index).

með hækkingu vísitölu 2004 til 2007 (mynd 2.16.2). Frá 2007 hefur vísitala veiðihlutfalls aukist og árið 2010 var hún svipuð og á árunum 1994 til 2003.

Á undanföllum misserum hefur verið unnið að smíði Gadget stofnlíkans fyrir löngu. Helsti annmarki við notkun þess er að aldursgreiningar skortir og því er ekki hægt að byggja ráðgjöf alfarið á niðurstöðum líkansins. Hinsvegar fylgir líkanið gögnum nokkuð vel eftir og eru niðurstöður þess að stofnstærð löngu hafi vaxið mikið á undanföllum árum.

2.16.3. Horfur og tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012


Tafla 2.16.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutað aflamark og afli löngu frá fiskveiðiárinu 1999/2000.

Niðurstöður stofnmælinga sem og þróun í afla á sóknareiningu benda til þess að löngustofninn hafi vaxið talsvert á árunum 2000 til 2006 og að stærð hans hafi lítið breyst síðan 2008. Hinsvegar hefur vísitala veiðihlutfalls aukist mikið meðal annars vegna veiða langt umfram ráðgjöf og úthlutaðs aflamarks. Þessi veiði er bæði vegna afla erlendra skipa og vegna tegundatílfærslna í fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að lönguafinn fiskveiðiárið 2011/2012 fari ekki yfir 8 800 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa sem verið hefur um 1 300 tonn á undanförunum fjórum árum. Ráðgjöf þessi byggir á að vísitala veiðihlutfalls verði svipuð og hún var á árunum 2004 til 2008. Frumniðurstöður stofnmats með Gadget líkani benda til að það veiðihlutfall sé nálægt kjörsókn ($F_{0.1}$).


Tafla 2.16.1. LANGA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 1999/2000–2010/2011. <i>LING. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 1999/2000–2010/2011.</i>			
Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
1999/00	-		3 961
2000/01	-	-	3 451
2001/02	3 000	3 000	2 968
2002/03	3 000	3 000	3 715
2003/04	3 000	3 000	4 608
2004/05	4 000	4 000	5 238
2005/06	4 500	5 000	6 961
2006/07	5 000	5 000	7 617
2007/08	6 000	7 000	8 560
2008/09	6 000	7 000	10 489
2009/10	6 000	7 000	10 713
2010/11	7 500	7 500	

2.17. KEILA *Brosme brosme*



2.17.1. Afli og sókn

Keiluafli á Íslandsmiðum frá 1963 til 2010 er sýndur á mynd 2.17.1 og í töflu 3.17.1. Árið 1963 var heildaraflinn í sögulegu hámarki, rúmlega 10 þús. tonn. Um allan skeið hefur keiluafli verið á bilinu 5 000–8 000 tonn og árið 2010 er áætlað að aflinn hafi verið um 9 000 tonn sem er mesti afli síðan 1992. Frá árinu 1991 hafa Íslendingar veitt 75–80% aflans en færeysk skip 20–25%. Árið 1990 jókst bein sókn Íslendinga í keilu sem fram að því hafði aðallega verið meðafli í öðrum veiðum. Keiluafli Íslendinga hefur ríflega tvöfaldast frá árinu 2004 og var um 7 000 tonn árið 2008 til 2010 sem er mesti keiluafli Íslendinga nokkru sinni.



Mynd 2.17.1. KEILA. Heildarafli (þús. tonna) og afli Íslenskra skipa á Íslandsmiðum árin 1963–2010.


Fig. 2.17.1. Tusk. Landings from Icelandic waters during the period 1963–2010 (thous. tonnes).

Á undanförunum árum hefur langmest af keilu veiðst á línu, eða ríflega 95% aflans. Markaðsáðstæður virðast að nokkru ráða beinni sókn í keilustofninn og eru vísendingar um að bein sókn í stofninn hafi verið að aukast undanfarnir þrjú ár.

2.17.2. Stofnmæling


Keila fæst að meðaltali á tæplega helmingi þeirra tæplega 600 stöðva sem eru í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB). Útbreiðsla hennar er jöfn og gott samræmi er í niðurstöðum frá ári til árs. Einnig er gott samræmi milli SMB og stofnmælingar að hausti þótt minna fáiast í haustmælingunum. Í SMB hefur keila einkum fengist út af Vestur- og Suðausturlandi.

Vísitala veiðistofns lækkaði hratt frá 1989 til 1995 en var svo stöðug til 2001 (mynd 2.17.2). Á árunum 2002 til 2006 óx vísitalan hratt og hefur verið nokkuð stöðug síðan þá en litilsháttar aukning varð á vísitölunni árið 2011 miðað við 2010. Vísitala ungfisks óx frá 1996 til 2006 er hún náði sögulegu hámarki. Síðan 2007 hefur vísitala ungfisks fallið hratt og er nú mjög lág eða svipuð og á árunum 1993 til 1996.



KEILA. Veiðisvæði keilu við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

TUSK. Fishing grounds in 2010. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).




Mynd 2.17.2. KEILA. Vísitala veiðistofns (í þyngd, fiskar 40 cm og stærr) og fjöldavísitala ungueilu (fjöldi fiska 40 cm og minni) í stofnmælingu botnfiska árin 1985–2011.

Fig. 2.17.2. Tusk. Biomass index for fishable stock (biomass 40 cm +) and abundance index for juveniles (fish less than 40 cm) in annual groundfish surveys 1985–2011.

2.17.3. Ástand stofnsins

Á síðasta ári var ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og Hafrannsóknastofnunarinnar byggð á niðurstöðum alders-lengdarlíkans (Gadget, sjá viðauka 5.1). Á síðastliðnu ári hefur líkanið verið þróað áfram bæði tölfræðilega sem og vegna aukinna aldursgagna. Af þeim sökum er mat á stofnstærð og veiðidánartölum nokkuð breytt frá í fyrra en stofnþróun svipuð. Mynd 2.17.3 sýnir þróun veiðistofns og veiðidauða hjá keilu sem er að fullu komin inn í veiðina. Veiðidánartala 0.29 er metin gefa hámarksafrakstur úr keilustofninum til lengri tíma litið (F_{MSY}) en veiðidauði hefur yfirleitt verið yfir því marki á úttektartímabilinu frá 1982. Veiðidánartala undanfarna ára hefur þó verið lág í sögulegu samhengi en þó talsvert yfir hámarksafrakstri.



Stærð veiðistofns var 15–20 þús. tonn á árunum 1980 til 1988 en minnkaði á tíunda áratugnum og var kominn í um 10 þús. tonn um aldamótin. Á undanförunum 9 árum hefur veiðistofninn stækkað mikið og er nú í sögulegu hámarki í 22 þús. tonnum. Nýliðun (3 ára) er metin góð frá 1998 til 2008 en miðað við vísbendingar úr stofnmælingum eru ekki horfur á að svo verði áfram. Því eru miklar líkur á að veiðistofn keilu minnki á komandi árum nema að sókn verði stillt í hóf.

Keila er fremur hægvoxta fiskur og árlegur vöxtur er á bilinu 3–5 cm. Keila byrjar að koma inn í veiðistofninn um 40 cm lengd en verður ekki kynþroska fyrr en um 55 cm lengd. Það eru því 3–5 ár frá því að keila kemur inn í veiðarnar þar til hún verður kynþroska. Mikil sókn getur því leitt til þess að mjög lágt hlutfall fiska náí að hrygna.

Tafla 2.17.1.
KEILA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 2001/2002–2010/2011.

Tusk. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 2001/2002–2010/2011.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings
2001/02	-		4 876
2002/03	3 500	3 500	5 046
2003/04	3 500	3 500	4 958
2004/05	3 500	3 500	4 901
2005/06	3 500	3 500	5 928
2006/07	5 000	5 000	7 942
2007/08	5 000	5 500	7 594
2008/09	5 000	5 500	8 162
2009/10	5 000	5 500	8 382
2010/11	6 000	6 000	

2.17.4. Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.17.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og keiluafla síðan fiskveiðiárið 2001/2002. Afli hefur ávallt verið talsvert meiri en sett aflamark, vegna veiði erlendra skipa samkvæmt samkomulagi við íslensk stjórnvöld og tegundatilfærslu í aflamarkskerfinu.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2011/2012 fari ekki yfir 6 900 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa á Íslandsmiðum, sem að jafnaði hefur verið um fjórðungur aflans á undanförunum fimm árum. Ráðgjöfin byggir á að hámarka afrakstur til lengri tíma litið. Jafnframt er lagt til að veiðar verði áfram bannaðar á uppvaxtar-svæðum keilu við Suðaustur- og Suðurland.

2.18. SKÖTUSELUR *Lophius piscatorius*




2.18.1. Afli, sókn og útbreiðsla

Árið 2010 var skötuselsaflinn tæp 3 300 tonn sem er næstmesti ársafli á Íslandsmiðum (tafla 3.18.1 og mynd 2.18.1). Frá og með árinu 2000 hefur um helmingur aflans veiðist í net. Hlutfall netaafila var 54% árið 2010 en 44% veiddist í dragnót og vörpur.


Frá árinu 2001 óx afli á sóknareiningu í flest veiðarfæri sem skötuselur veiðist í. Árið 2010 var afli á sóknareiningu í vörpur og humarvörpu áfram svipaður en vaxandi í önnur veiðarfæri. Þegar nýliðun var góð hjá skötusel, var hlutfall ungfisks sem meðafli í önnur veiðarfæri en net hátt, sérstaklega í humarveiðum en einnig í veiðum með dragnót og botnvörpu. Hlutfall ungfisks í afla ofangreindra veiðarfæra hefur dregist saman síðustu þrjú ár.

Veiðislóð skötusels var fyrrum aðallega bundin við svæði úti fyrir mið- og austurhluta suðurstrandarinnar. Á síðustu árum hafa helstu veiðisvæðin verið




SKÖTUSELUR. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

ANGLERFISH. Fishing grounds in 2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).




Mynd 2.18.1. **SKÖTUSELUR.** Heildarafli (tonn) árin 1965–2010.

Fig. 2.18.1. **ANGLERFISH.** Total landings (tonnes) during the period 1965–2010.



Mynd 2.18.2. **SKÖTUSELUR.** Vísitala veiðistofns (í þyngd, fiskar ≥ 60 cm) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2011. Skyggða svæðið sýnir eitt staðalfrávik í mati á vísitölunni.

Fig. 2.18.2. **ANGLERFISH.** Biomass indices for fishable stock (≥ 60 cm) in annual groundfish surveys in March 1985–2011. Shaded area show one standard deviation in the estimate.



Mynd 2.18.3. **SKÖTUSELUR.** Vísitala ungfisks (eins og tveggja ára í fjölda) í stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985–2011.

Fig. 2.18.3. **ANGLERFISH.** Abundance indices for age 1 and 2 in annual groundfish surveys in March 1985–2011.

fyrir Vesturlandi, aðallega við Snæfellsnes. Gögn úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) sýna sömu þróun í útbreiðslu. Þessi breyting á útbreiðslu skötusels er líklega vegna hækkandi sjávarhita á undanförunum árum. Við Vesturland er stærsti hluti aflans veiddur í net (83% árið 2010), en meirihluti aflans fyrir suðurströndinni í vörpur og dragnót (63% árið 2010).

2.18.2. Ástand stofnsins

Skötuselur vex mjög hratt fyrstu 4–5 ár ævinnar og sýna stofnvísitölur skötusels að veiðistofninn fór hratt vaxandi uppúr aldamótum (mynd 2.18.2) vegna góðrar nýliðunar (mynd 2.18.3). Síðan þá hefur vísitala veiðistofns haldist há miðað við tímabilið frá 1985–2000. Vísitölur eins árs fisks (mynd 2.18.3) benda til að árgangur 2010 sé álíka lélegur og árgangurinn frá 2009 sem var minnsti árgangur sem

sést hefur frá árinu 2000. Árgangurinn frá 2008 var einnig slakur þannig að þrír síðustu árgangar stofnsins eru nú metnir lélegir.

2.18.3. Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2011/2012

Tafla 2.18.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um úthlutað aflamark og afla skötusels frá fiskveiðiárinu 2001/2002.

Niðurstöður úr stofnmælingum og afli á sóknareiningu benda til að veiðistofninn sé í tiltölulega góðu ástandi en árgangar 2008–2010 eru allir taldir slakir og því fyrirsjáanlegt að veiðistofninn muni minnka á næstu árum verði sókn í hann svipuð og verið hefur undanfarin ár.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafla skötusels fiskveiðiárið 2011/2012 verði 2 500 tonn. Einnig leggur stofnunin til að leitað verði leiða til að draga úr meðafla ungs skötusels við togveiðar.


Tafla 2.18.1. SKÖTUSELUR. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) fiskveiðiárin 2001/2002—2010/2011. <i>ANGLERFISH. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) in the quota years 2001/2002–2010/2011.</i>			
Fiskveiðiár	Tillaga	Heildaraflamark	Afli
<i>Quota year</i>	<i>Recommended TAC</i>	<i>National TAC</i>	<i>Landings</i>
2001/02	-	1 500	1 001
2002/03	Óbreytt sókn	1 500	1 363
2003/04	1 500	2 000	1 903
2004/05	1 500	2 000	2 420
2005/06	2 200	3 000	2 832
2006/07	2 200	3 000	2 672
2007/08	2 200	2 500	2 921
2008/09	2 500	3 000	3 709
2009/10	2 500	3 200	3 581
2010/11	2 500	3 600	

2.19. HROGNKELSI *Cyclopterus lumpus*



2.19.1. Afli og sókn

Árið 2010 voru veidd um 8 700 tonn af grásleppu sem er mesti afli síðan árið 1987. Miklar sveiflur hafa verið í grásleppuafla síðustu áratugina (mynd 2.19.1). Afli náði hámarki árið 1984, eða um 13 þús. tonnum, en var í lágmarki árið 2000, um 2 500 tonn. Afli 2010 var um 50% meiri en árin 2008–2009 og um 40% hærri en meðalafli árána 1971–2009. Tafla 3.19.1 sýnir heildarafla grásleppu og hrognafra-meiddslu síðan árið 1971.



Mynd 2.19.1. HROGNKELSI. Heildarafla grásleppu (þús. tonna) árin 1971–2010.


Fig. 2.19.1. LUMPSUCKER. Total landings (thous. tonnes) of females 1971–2010.

Lengd vertíðar er ákvörðuð fyrirfram þannig að ákveðinn er fjöldi daga sem heimilt er að sækja í grásleppu. Auk stjórnunar með dagafjölda er fjöldi leyfa til grásleppuveiða takmarkaður. Á vertíðinni 2011 voru veiðileyfi gefin út til 50 samfelldra daga. Þetta fyrirkomulag leiðir til þess að auk ástands hrognkelsastofnsins getur veðurfar haft afgerandi áhrif á árangur við veiðarnar. Þessu til viðbótar geta aðstæður á hrognamarkaði haft mikil áhrif á sóknina. Breytingar ár frá ári í stofnvísitölum og afla á sóknareiningu geta því verið umtalsverðar.

Gögn úr veiðidagbókum, sem ásamt tölum um landanir gefa upplýsingar um sókn í grásleppu, eru tiltæk frá árinu 1980. Á sama hátt og landanir hefur sókn sveiflast talsvert frá ári til árs. Sóknin náði hámarki á milli 1994 og 1997 en var í lágmarki árið 2007. Síðan 2007 hefur aukning í fjölda grásleppuveiðileyfa leitt til umtalsverðar sóknaraukningar sem er áhyggjuefni. Þó að aukin sókn skili að jafnaði auknum afla, fylgir sóknaraukningu yfirleitt samhliða lækkun í afla á sóknareiningu (mynd 2.19.2).

2.19.2. Ástand stofnsins

Undanfarin ár hefur fjöldavísitala grásleppu, sem fjöldi fiska á stöð í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB), verið notuð við mat á ástandi stofnsins. Í þessari úttekt hefur verið valið að nota fremur




Mynd 2.19.2. HROGNKELSI. Afli á sóknareiningu og sókn árin 1980–2010.

Fig. 2.19.2. LUMPSUCKER. CPUE and effort in female fishery 1980–2010.

lífmassavísitölu grásleppu og fjöldavísitölu rauðmaga í SMB (myndir 2.19.3 og 2.19.4) sem stofnvísitölur. Ástæða fyrir þessari breytingu er að hægt er að líta á lífmassavísitöluna sem ígildi stofnstærðar í frekari greiningu og samanburði við landaðan afla. Stofnvísitala grásleppu hefur verið á niðurléið allt frá 2002, að undanskilinni vísitölu ársins 2006. Vísitala veiðihlutfalls (landaður afli / stofnvísitölu, F_{proxy} , sjá viðauka 5.1) sýnir aukningu undanfarin fjögur ár og er nálægt hámarki (mynd 2.19.5). Lækkun stofnvísitölu grásleppu, hækkun vísitölu veiðihlutfalls og lækkun fjöldavísitölu rauðmaga benda til þess að gæta þurfi aukinnar varúðar við hrognkelsaveiðarnar.

2.19.3. Ráðgjöf fiskveiðiárið 2011/2012

Ár hvert ráða markaðsaðstæður og veðurskilyrði miklu um það hver landaður afli og sókn verður á grásleppuvertíð. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar hafa stjórnað veiðum með því að takmarka lengd vertíðar, fjölda neta sem hver bátur getur lagt í sjó




Mynd 2.19.3. HROGNKELSI. Stofnvísitala grásleppu (í þyngd) samkvæmt stofnmælingu botnfiska árin 1985–2011.

Fig. 2.19.3. LUMPSUCKER. Biomass index of females from annual groundfish survey 1985–2011.

og fjölda báta með leyfi. Þó að þetta virðist hafa gefið nokkuð góða raun sem veiðistjórnun hafa á síðustu árum komið fram ýmis atriði sem valda áhyggjum. Þau eru helst aukin sókn, lækkun afla á sóknareiningu, lækkun stofnvísitalna beggja kynja (grásleppu í lífmassa, rauðmaga í fjölda) og hækkun vísitölu veiðihlutfalls. Því er ljóst að þörf er á markvissari stjórnun hrognkelsaveiðanna.


Með hliðsjón af framangreindu leggur Hafrannsóknastofnunin til að fiskveiðárið 2011/2012 verði afli á vertíð ekki meiri en sem nemur um 3 700 tonnnum sem samsvarar um 7 700 tunnum af söltuðum hrognum. Ráðgjöfin byggir á stofnvísitölu grásleppu 2011 og miðar við að vísitala veiðihlutfalls verði nálægt meðaltali tímabilsins 1985–2010. Þessi ráðgjöf verður endurskoðuð þegar nýjar upplýsingar úr stofnmælingu botnfiska í mars 2012 liggja fyrir.

Jafnframt leggur stofnunin til að leyft verði að sleppa öllum lifandi, hrygdum grásleppum, þar sem verðmæti þeirra er lítið. Auk þess að lögð verði áhersla á skráningu og eftirlit með rauðmagaveiðum og með hrognkelsi sem aukaafli við aðrar veiðar.



Mynd 2.19.4. **HROGNKELSI.** Stofnvísitala rauðmaga (í fjölda) samkvæmt stofnmælingu botnfiska árin 1985–2011.

Fig. 2.19.4. **LUMPSUCKER.** Abundance index of males from annual groundfish survey 1985–2011.



Mynd 2.19.5. **HROGNKELSI.** Vísitala veiðihlutfalls grásleppu (afli/vísitölu) árin 1985–2010.

Fig. 2.19.5. **LUMPSUCKER.** Relative fishing mortality (landings/biomass index, or F_{proxy}) for females 1985–2010.

2.20. SÍLD *Clupea harengus*



2.20.1. Sumargotssild


Sildaraflinn á tímabilinu frá 1978 til fiskveiði-ársins 2010/2011 er sýndur á mynd 2.20.1 og aflinn frá 1951 í töflu 3.20.1. Tafla 2.20.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afla frá 1990/1991.

Afli sumargotssildar á vertíðinni 2010/2011 var um 44 þús. tonn. Óvissa um þróun stærðar sildarstofnsins í yfirstandandi sýkingarfaraöldri gerði það að verkum að aflamark var ekki gefið út í byrjun vertíðarinnar í september 2010, líkt og haustin tvö þar á undan. Í kjölfar sildarleitar og bergmálmælinga rannsóknaskipa og veiðiskipa í lok október var heildaraflamark ákveðið 40 þús. tonn. Frá heildaraflamarkinu var fráðreginn 15 þús. tonna upphafskvóti sem þegar hafði verið úthlutað til veiðiskipanna.

Sildveiðar hófust því ekki af krafti fyrr en í nóvember þegar 25 þús. tonn voru veidd og 7 000 tonn í desember. Mestur hluti aflans var tekinn í og við Kiðeyjarsund í Breiðafirði líkt og árin þrjú þar á undan. Einungis voru veidd tæp 5 000 tonn utan Breiðafjarðar, mest sem meðafli í sumarveiðum á norsk-íslenski síld og makríl.


2.20.2. Aldurskipting í afla og meðalþyngd

Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 3.20.2. Hlutdeild árganganna frá 2004 og 2005 var mest í veiðinni (16% og 20%) en líkt og á síðustu fjórum vertíðum var hlutdeild árgangsins frá 2002 einnig há (12%). Spá um aflasamsetningu fyrir vertíðina gekk nokkurn veginn eftir. Þó hafði verið gert ráð fyrir lægra hlutfalli af 2005 árganginum og hærra af 2007 árganginum sem var að mestu leyti að finna við suðurströndina samkvæmt bergmálsleiðöngrum haustið 2010. Hlutfall aflans í þyngd var svipað fyrir 2004 og 2005 árgangana (17% og 18%).



Mynd 2.20.1. SÍLD. Heildaraflí (þús. tonna) skipt eftir veiðarfærum síðan 1978 (aflí fiskveiðisárs frá 1991).

Fig. 2.20.1. HERRING. Total landings by gear type (thous. tonnes) since 1978 (quota year since 1991).



SÍLD. Veiðisvæði við Ísland fiskveiðisárið 2010/11. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

HERRING. Fishing grounds in fishing season 2010/11. All gears combined. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

Tafla 3.20.3 sýnir meðalþyngd í afla og tafla 3.20.4 sýnir áætlað hlutfall kynþroska síldar eftir aldri og áætlaðan stuðul fyrir náttúrulegan dauða frá árinu 1987. Háu stuðlarnir fyrir árin 2009 og 2010 eru afleiðing sýkingarhlutfallsins í stofninum veturna tvo þar á undan en sýkingarhlutfallið lækkaði með aldri árið 2010. Við stofnstærðarmatið var sama kynþroskahlutfall notað öll árin þar sem árlegt mat með fyrirbyggjandi gögnum þykir ekki áreiðanlegt. Meðalþyngd í afla var há í öllum aldursflokkum á síðustu vertíð, eða svipuð og á síðustu sex vertíðum að undanskilinni vertíðinni 2007/2008.

2.20.3. Bergmálmælingar

Frá árinu 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssildarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferð. Þessar mælingar hafa yfirleitt farið fram í nóvember–desember og/eða í janúar við lok vertíðar. Mælingar á vertíðinni 2010/11 sem náðu yfir allt útbreiðslusvæði stofnsins fóru fram í október, eins og áður sagði, en einnig í nóvember, janúar og febrúar í Breiðafirði. Mælingin frá því í október er talin lýsa ástandi stofnsins best. Þá mældust um 500 þús. tonn af fullorðinni síld, þar af 425 þús. tonn í Breiðafirði og 75 þús. tonn í Breiðamerkurdýpi. Um 86% af síldinni sem mældist í leiðöngrunum var fullorðin síld (>26 cm) en yngri síld var að mestu leyti að finna í Breiðamerkurdýpi. Af síld þriggja ára og eldri mældist mest af árgöngum 2002, 2004, 2005 og 2007 og var hver árgangur 15–16% af heildarþjólda.


Bergmálmælingar á ungsíld fóru fram veturnin 2010/11 þriðja árið í röð eftir fimm ára hlé á þeim. Mælt var innfjarða á svæðinu frá Breiðafirði og norður í Öxarfjörð í nóvember. Jafnframt var *Ichthyophonus* sýkingarhlutfall metið. Niðurstöðurnar benda til þess að 2009 árgangurinn sé lítill, en stærsti hluti hans mældist í Eyjafirði og var sýking í

honum óveruleg eða að meðaltali um 1%. Mat á tveggja ára sild í bergmálmælingum hefur sýnt sig vera óreiðanlegt, en mælingar veturinn 2009/10 gáfu til kynna að 2008 árgangurinn gæti orðið nálægt meðalstærð. Sýking sem mælst hefur í árganginum getur hins vegar haft ófyrirséðar afleiðingar á stærð hans.

2.20.4. Ástand stofnsins og horfur

Úttekt á stofni sumargotssildar var gerð með tveimur mismunandi stofnmatslíkönum sem bæði byggja á aldursgreindum afla og aldursgreindum vísitölum úr bergmálmælingum frá árunum 1987–2011. Niðurstöður NFT-Adapt greiningar voru líkt og undanfarin ár notaðar til grundvallar ráðgjafar og framreikninga. Ástæðan fyrir valinu á þessu líkani er mikill breytileiki í veiðimynstri (veiðihlutfalli eftir aldri) en NFT-Adapt, eins og flest líkön sem byggja á VP greiningu, (sjá Viðauka 5.1) tekur tillit til breytilegs veiðimynsturs.

Stærð hrygningarstofnsins er metinn 352 þús. tonn í upphafi árs 2011. Þar af er um 120 þús. tonn sýkt sild sem að öllum líkindum hefur drepist á fyrstu mánuðum ársins sökum sýkingar eða rúm 30%



Mynd 2.20.2. **SILD.** Stærð hrygningarstofns (þús. tonn) á hrygningartíma árin 1987 til 2011 og meðalveiðidánartala (F) 5–10 ára sildar 1987–2010.

Fig. 2.20.2. **HERRING.** Spawning stock biomass at spawning time during the period 1987 to 2011 (thous. tonnes) and weighted mass F_{5-10} 1987–2010.

veiðistofnsins. Því er stærð hrygningarstofns á hrygningartíma 2011 metin 218 þús. tonn (mynd 2.20.2). Veiðidánartala síðustu vertíðar (2010/11) er metin 0.13. Samkvæmt stofnmatinu er samsetning hrygningarstofnsins árið 2011 þannig að 2007 árgangurinn er 16% af lífþyngdinni en 2002, 2004, 2005 og 2006 árgangarnir frá 11–13% hver.

Við úttekt á sildarstofninum hefur verið tilhneiging til að ofmeta stærð hans og vanmeta veiðidánartölur. Samkvæmt núverandi stofnmati eru vertíðirnar 2004/05–2006/07 og tvær síðustu þær einu síðan 1986 þar sem veiðidánartala var undir þeirri kjörsókn sem stefnt hefur verið að. Vegna þess hve varfærin nýtingarstefnan er virðist kerfisbundið ofmat ekki hafa haft alvarleg áhrif á stofninn. Þá er nokkur óvissa um stærð stofnsins sem lýsir sér í ósamræmi milli niðurstaðna bergmálmælinga og


TAFLA 2.20.1.
SILD. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1990/1991–2010/2011.

HERRING. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings in the quota years (thous. tonnes) 1990/1991–2010/2011.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli Landings (Iceland)
1990/91	80	110	105
1991/92	80	110	109
1992/93	90	110	107
1993/94	90	100	103
1994/95	120	120	132
1995/96	110	110	126
1996/97	100	100	96
1997/98	100	100	64
1998/99	90	70 ¹⁾	87
1999/00	100	100	93
2000/01	110	110	100
2001/02	125	125	95
2002/03	105	105	94
2003/04	110	110	126
2004/05	110	110	115
2005/06	110	110	103
2006/07	130	130	135
2007/08	130	150	159
2008/09	131	150	152
2009/10	40	47	46
2010/11	40	40	

¹⁾ Sjávarútvegsráðuneytið úthlutaði 70 þús. tonnum en samtals urðu veiðiheimildir um 90 þús. tonn þar sem 20 þús. tonn voru færð frá vertíðinni 1997/98. TAC was decided 70 thousand tonnes but because of transfers from the previous quota year the national TAC became 90 thousand tonnes.

stofnmatslíkana. Óvissa varðandi gefnar forsendur um afdrif sýktra silda og meðgöngutíma sýkingar skapar einnig óvissu í stofnmatinu. Skoðun á hlutfalli mismunandi sýkingarstiga í stofninum og þróun þeirra yfir síðastliðinn vetur gefur vísbendingar um að sýkingarfaraldurinn kunni að vera að ganga yfir og eins að sterkari mótstaða gagnvart sýklinum kunni að hafa þróast í stofninum. Frekari rannsóknir á sýkingu í stofninum í sumar og haust munu væntanlega gefa betra mat á þetta.



Mynd 2.20.3. **SILD.** Stærð sildarárganganna 1979–2008 sem fjöldi við þriggja ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.20.3. **HERRING.** Abundance for year classes 1979–2008 at age 3 (numbers in millions).

2.20.5. Tillögur um hámarksafla á vertíðinni 2011/2012

Eins og lýst er hér að framan er nokkur óvissa um stofnmatið, sem birtist meðal annars í viðvarandi tilhneigingu til að ofmeta stofninn. Við framreikninga stofnsins bætist svo við mikil óvissa um þróun *Ichthyophonus* sýkingar í stofninum, t.d. um afdrif sýktra sílda, hvort meira af stofninum muni sýkjast á vor- og sumarmánuðum 2011 og einnig er nokkur óvissa um nýliðun í veiðistofninn. Vegna þessa leggur Hafrannsóknastofnunin einungis fram bráðabirgða framreikninga á stofninum fyrir vertíðina 2011/2012. Að loknum bergmálsleiðangri snemma í haust verður gert nýtt stofnmat ásamt framreikningum.

Bráðabirgða framreikningar byggja á því að árgangarnir frá 2007 og 2008 séu meðalstórir sem er í samræmi við bergmálsmælingar á þeim við eins árs aldur (mynd 2.20.3). Miðað við forsendur um stofnstærð frá þessari úttekt verður hrygningar-

stofninn í byrjun vertíðar um 218 þús. tonn. Ef veitt væri samkvæmt kjörsókn ($F=0.22$) yrði aflamarkið 47 þús. tonn. Með sama aflamarki og á síðustu vertíð, 40 þús. tonn, yrði $F=0.19$. Samkvæmt þessum framreikningum yrði stofnstærðin við hrygningu árið 2012 um 250 þús. tonn.


Við eðlilegar kringumstæður hefði Hafrannsóknastofnunin lagt til að aflahámark í íslenskri sumargotssíld væri miðað við kjörsókn. Sökum óvissu um áhrif sýkingarinnar á stofninn á undanförunum mánuðum og þróun hennar á næstu mánuðum mun stofnunin hinsvegar fresta því að gera tillögu um hámarksafla þar til stofnmat hefur verið uppfært í haust að loknum bergmálsleiðangri. Til þess að tryggja nauðsynlega sýnatöku til að meta sýkingarhlutfall mælir Hafrannsóknastofnunin með því að gefið verði út 10 þús. tonna bráðabirgða-aflamark og að tryggt verði að sú sýnataka verði framkvæmd í samráði við Hafrannsóknastofnunina.

2. 20.6. Norsk-íslensk vorgotssíld

Heildaraflí og aflí íslendinga úr norsk-íslenska síldarstofninum tímabilið 1950–2010 er sýndur á mynd 2.20.4 og töflu 3.20.5. Veiðar úr stofninum frá og með 2002 voru takmarkaðar við að veiðidánartalan færi ekki yfir 0.125 samkvæmt samkomulagi frá 2001 milli Norðmanna, Rússa, Íslendinga, Færeyinga og Evrópusambandsins. Samkvæmt samkomulagi frá 2007 er hlutur Íslands 14,51% af heildarveiðinni. Fyrir árið 2010 lagði Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) til að aflinn færi ekki yfir 1 483 þús. tonn og var hlutur Íslendinga því 215 þús. tonn.


Aflí Íslendinga árið 2010 var tæp 206 þús. tonn. Langmest var veitt innan íslenskrar lögsögu, 171 þús. tonn frá maí til október. Innan færeysku lögsögunnar veiddust um 5 þús. tonn, á alþjóðlega hafsvæðinu 4 þús. tonn og tæp 26 þús. tonn innan norskrar lögsögu.

Samkvæmt stofnmati frá árinu 2010 var stærð hrygningarstofnsins metin um 9,0 milljónir tonna árið 2010 (mynd 2.20.5). Er það nokkur lækkun frá stofnmatinu árið á undan og stafar munurinn að mestu leyti af lágum bergmálsvísitölum í alþjóð-




NORSK-ÍSLENSK VORGOTSSÍLD. Veiðisvæði íslenskra skipa árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

NORWEGIAN SPRING SPAWNING HERRING. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes (nm²)).




Mynd 2.20.4. **NORSK-ÍSLENSK VORGOTSSÍLD.** Heildaraflí og aflí Íslendinga (þús. tonna) árin 1950–2010.

Fig. 2.20.4. **NORWEGIAN SPRING SPAWNING HERRING.** Total landings (thous. tonnes) and Icelandic landings since 1950.



Mynd 2.20.6. **NORSK-ÍSLENSK VORGOTSSÍLD.** Stærð árganga frá 1950–2010 sem fjöldi við eins árs aldur (milljarðar).

Fig. 2.20.6. **NORWEGIAN SPRING SPAWNING HERRING.** Abundance for year classes 1950–2010 at age 1 (numbers in billions).



Mynd 2.20.5. **NORSK-ÍSLENSK VORGOTSSÍLD.** Stærð hrygningarstofns í milljónum tonna árin 1950–2010 og vegin meðalveiðidánartala (F) 5–14 ára síldar 1950–2009.

Fig. 2.20.5. **NORWEGIAN SPRING SPAWNING HERRING.** Spawning stock size (million tonnes) since 1950 and weighted mean F_{5-14} 1950–2009.

legum leiðangri í maí 2010. Kynþroskahlutfall eftir aldri var endurmetið á árinu 2010 og kom í ljós að stórir árgangar verða seinna kynþroska en meðalstórir eða litlir árgangar. Þessar niðurstöður höfðu lítil áhrif á matið á hrygningarstofninum árið 2010 en leiddu til töluverðrar lækkunar árin 1995–1998 og 2006–2009. Árgangarnir frá 2002 og 2004 eru stærstir í hrygningarstofninum. Árgangar eftir 2004 mælast hins vegar litlir og því hefur hrygningarstofninn farið minnkandi á undanförunum árum.

Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur lagt til að ekki verði veidd meira en 988 þús. tonn árið 2011, en það er í samræmi við markmið langtíma stjórnumar á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum og var íslenskum skipum úthlutað rúmum 143 þús. tonnum.

Þar sem vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins um uppsjávarfiska hittist á haustin mun nýtt mat á stærð stofnsins og tillaga um hámarksaflla fyrir árið 2012 ekki liggja fyrir fyrr en í október 2011.

2.21. LOÐNA *Mallotus villosus*



2.21.1. Afli

Loðnuafllinn af hafsvæðinu milli Íslands/Grænlands/Jan Mayen skiptist milli Íslands, Noregs, Færeyja og Grænlands samkvæmt samningi milli þessara þjóða. Tafla 3.21.1 sýnir loðnuafllinn í þúsundum tonna á svæðinu Ísland/Grænland/Jan Mayen og skiptingu hans milli veiðitímabíla og þjóða frá því að loðnuveiðar hófust árið 1963.


Loðnuafllinn og skipting aflans í sumar-, haust- og vetrarveiði á vertíðunum 1963/64–2010/11 er sýndur á mynd 2.21.1 Engin sumarveiði hefur verið frá árinu 2004 og haustveiðin mjög lítil síðan 1989. Vetrarafli vertíðanna 2006–2011 var sá minnsti frá 1986 ef frá er talin vertíðin 1991. Veiði á vetrarvertíð 2011 hófst í byrjun janúar og var heildarveiðin 386 þús. tonn, þar af veiddu íslensk skip 322 þús. tonn.

Skipting aflans í fjölda fiska eftir aldri á sumar- og haustvertíðum 1978–2005 og 2010 er sýnd í töflu 3.21.2, en árin 2006–2009 voru engar sumar- eða haustveiðar. Skipting aflans í fjölda fiska eftir aldri á vetrarvertíðum 1979–2011 er sýnd í töflu 3.21.3.

2.21.2. Veiðar og aflabrogð á vertíðinni 2010/2011


Haustið 2010 mældist kynþroska loðna í nægjanlegu magni til að mæla með 200 þús. tonna upphafskvóta fyrir vertíðina 2010/11 en endanlegt aflamark var ákveðið 390 þús. tonn í kjölfar mælinga í febrúar. Veiðar hófust í desember og veiddust rúm 5 þús. tonn í fyrri hluta mánaðarins út af austanverðu Norðurlandi.

Veiðar hófust aftur í annarri viku janúar 2011 og gengu veiðar vel út af Norðaustur- og Austurlandi. Afli íslensku skipanna var um 80 þús. tonn í janúar. Í byrjun febrúar gekk loðnan inn á Mýrabugt og fylgdi íslenski flotinn göngunni eftir vestur með landi. Í febrúar var íslenski aflinn um 170 þús. tonn.



Mynd 2.21.1. LOÐNA. Heildarafli og skipting afla á sumar-, haust- og vetrarvertíðum 1963/64–2010/11.

Fig. 2.21.1. CAPELIN. Total landings and partitioning of the landings taken in summer, autumn and winter in the 1963/64–2010/11 fishing seasons.



LOÐNA. Veiðisvæði við Ísland vertíðna 2010/2011. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

CAPELIN. Fishing grounds in 2010/2011 fishing season. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

Veiðunum lauk inni á Faxaflóa um miðjan mars og var aflinn í mars tæp 70 þús. tonn.

Almennt gengu loðnuveiðarnar vel veturinn 2011 þegar gæftir leyfðu, en tíðarfar var óvenju slæmt alla vertíðina.

2.21.3. Stofnmælingar 2010/2011

Frá því um 1980 hefur verið farið árlega í leiðangra að hausti á tímabilinu frá október til desember til að kanna útbreiðslu og magn unglöðnu. Niðurstöður þessara leiðangra hafa verið notaðar til þess að reikna upphafsafllamark fyrir næstu vertíð. Á árunum 2001–2005 virðist útbreiðslusvæði unglöðnu hafa breyst, því erfiðlega gekk að finna og mæla hana og tókst alls ekki sum árin. Haustið 2006 mældist unglöðna í nægu magni til að hægt var að mæla með nokkrum upphafskvóta vertíðina 2007/08 en haustin 2007–2009 fannst lítið af unglöðnu á hefðbundnum slóðum út af Norðvestur- og Norðurlandi. Haustið 2010 fannst mikið af unglöðnu, einkum í Grænlandssundi og við Austur-Grænland. Þessar niðurstöður gera það mögulegt að mæla með upphafsafllamarki fyrir vertíðina 2011/2012 (tafla 3.21.6 og mynd 2.21.2).

Leiðangrar sem beinast að veiðistofninum, eru farnir að hausti (október–desember) og/eða að vetri (janúar–febrúar). Tilgangur þeirra er að mæla stærð veiðistofnsins og ákvarða endanlegt aflamark fyrir vertíðina. Frá því haustið 2000 hefur sjaldan tekist að mæla stærð veiðistofnsins fyrir áramót. Haustið 2010 mældust um 630 þús. tonn af kynþroska loðnu. Þegar tekið hafði verið tillit til náttúrulegra affalla, þyngdaraukningar og aflareglu sem gerir ráð fyrir að 400 þús. tonn verði skilin eftir til hrygningar lagði Hafrannsóknastofnunin til að bráðarbirgða heildar-aflamark loðnu fyrir vertíðina 2010/11 yrði 200 þús. tonn.

Skipulögð loðnuleit átti sér stað í byrjun janúar með samvinnu fiskiskipa og rannsóknaskips er

TAFLA 2.21.1.					
LOÐNA. Endanlegar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1984/85–2010/2011.					
CAPELIN. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1984/85–2010/2011.					
Vertíðir Seasons	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark Agreed TAC	Afli Íslandinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
1984/85	920	920	774	123	897
1985/86	1 280	1 280	987	325	1 312
1986/87	1 290	1 290	1 053	380	1 333
1987/88	1 115	1 115	912	204	1 116
1988/89	1 065	1 065	921	116	1 037
1989/90	900	900	666	142	808
1990/91	250	312	284	27	311
1991/92	740	740	635	47	682
1992/93	900	900	655	95	793
1993/94	1 250	1 250	1 001	178	1 179
1994/95	850	850	750	114	864
1995/96	1 150	1 150	883	46	929
1996/97	1 600	1 600	1 249	322	1 571
1997/98	1 265	1 265	940	260	1 245
1998/99	1 200	1 200	899	201	1 100
1999/00	1 000	1 000	844	90	934
2000/01	1 110	1 110	894	177	1 071
2001/02	1 300	1 300	1 051	198	1 249
2002/03	1 000	1 000	765	223	988
2003/04	875	875	575	167	742
2004/05	985	985	640	144	784
2005/06	215	238	193	45	238
2006/07	370	385	307	70	377
2007/08	207	207	149	54	203
2008/09	0	15	15	0	15
2009/10	150	150	111	40	151
2010/11	390	390	322	68	390


loðnan var að ganga á Austfjarðamið og grunnslóð við Suðausturland. Leitað var bæði á hefðbundnum gönguslóðum hrygningarloðunnar fyrir Norðaustur-, Austur- og Suðausturlandi og síðar í mánuðinum voru svæði fyrir Norðurlandi og Vestfjörðum könnuð í von um vestangöngu en engar slíkar göngur fundust.

Þann 5. janúar 2010 fór r/s Árni Friðriksson til mælinga á veiðistofni loðnu fyrir Norðuraustur- og Austurlandi. Er skipið kom á loðnuslóð við sunnanverða Austfirði höfðu fimm veiðiskip lokið við að kortleggja útbreiðslu hrygningargöngunnar

fyrir Austfjörðum. Lauk þeirri mælingu þann 20. janúar. Heildarmæling kynþroska loðnu á svæðinu frá Sporðagrunni austur að miðjum Austfjörðum þangað sem syðsti hluti göngunnar var kominn var 720 þús. tonn. Um 5 þús. tonn höfðu verið veidd er mælingin var gerð. Loðnan sem fannst vestan Sporðagrunns að Kögurgrunni var að mestu ókynþroska unglöðna.


Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ákvað, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, að leyfilegur hámarksafli fyrir vertíðina 2010/11 yrði 325 þús. tonn samkvæmt gildandi aflareglu um að 400 þús. tonn séu skilin eftir til að hrygna.

Önnur mæling á göngunum fyrir austan var gerð 4.–13. febrúar. Fremsta hluta göngunnar var mætt rétt austan við Ingólfshöfða og var seinasti hluti göngunnar norðaustur af Langanesi er mælingu lauk. Þarna mældust 608 þús. tonn af kynþroska loðnu. Fyrir mælingu var metið að um 180 þús. tonn hafi verið veidd. Samkvæmt því er endanlegt mat á stærð stofnsins, sem lagt er til grundvallar aflmarksútreikningum fyrir vertíðina 2010/2011, 788 þús. tonn og lagði Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksafli samkvæmt fyrrnefndri aflareglu yrði 390 þús. tonn. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fór að þeirri tillögu og jók aflamarkið um 65 þús. tonn þannig að heildaraflamarkið fyrir vertíðina 2010/11 varð að endingu 390 þús. tonn.



Mynd 2.21.2. LOÐNA. Mældur fjöldi 1 árs loðnu að hausti árin 1981–2010 (árgangar 1980–2009).

Fig. 2.21.2. CAPELIN. Acoustically measured number of age 1 capelin in autumn 1981–2010.



Mynd 2.21.3. LOBNA. Stærð veiðistofns 1. janúar og stærð hrygningarfosts (pús. tonna) á hrygningartíma á vertíðunum 1978/79–2010/11.

Fig. 2.21.3. CAPELIN. Abundance of the fishable stock 1 January in the 1978/79–2010/11 fishing seasons and the remaining spawning stock biomass at the end of each season (thous. tonnes).

Stærð loðnustofnsins í fjölda fiska eftir aldri og kynþroska miðað við 1. janúar árin 1979–2011 er sýnd í töflu 3.21.5. Taflan sýnir ennfremur heildarmagn kynþroska og ókynþroska hluta stofnsins ásamt stærð hrygningarfosts í lok vertíðar bæði í fjölda og þyngd. Stærð veiðistofns 1. janúar árin 1979–2011 og stærð hrygningarfosts við lok vertíðanna sama ár eru sýnd á mynd 2.21.3. Ljóst er að veiðistofninn hefur verið lítill síðustu sex vertíðir. Áætluð stærð hrygningarfosts í lok vertíðar 2010/2011 var um 411 þús. tonn.

2.21.4. Tillögur um hámarksafla á vertíðinni 2011/2012.

Tafla 2.21.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvarðanir stjórnvalda um heildaraflamark og loðnuafli á svæðinu Ísland/Grænland/Jan Mayen frá 1984/85–2010/2011.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um aflahámark á loðnu byggir á tveggja þrepa aflareglu, sem gerir ráð fyrir því að 400 þús. tonn séu skilin eftir til hrygningar í lok vertíðar. Fyrri þrepið er að reikna út leyfilegan hámarksafla, sem byggir á niðurstöðum úr bergmálmælingum unglöðnu að hausti, ári áður en hún kemur í veiðistofninn. Upphafskvóti er síðan settur sem 2/3 af áætluðum mögulegum heildarafla, að því tilskildu að 400 þús. tonn séu skilin eftir til hrygningar. Síðara þrepið er að mæla hrygningarfostfni sömu árganga á vertíðinni þegar þeir eru komnir í veiðina og endurreikna leyfilegan hámarksafla, sem gerir áfram ráð fyrir að 400 þús. tonn séu skilin eftir til hrygningar í lok vertíðar.

Til þess að spá fyrir um fjölda í veiðistofninum hefur verið stuðst við spálíkan, sem byggir m.a. á línulegum aðhvarfsgreiningum. Þar er annars vegar borinn saman mældur fjöldi ársgamallar loðnu að hausti og fjöldi kynþroska tveggja ára loðnu árið eftir, og hins vegar heildarfjöldi tveggja ára loðna og fjöldi kynþroska þriggja ára loðna ári seinna (tafla 3.21.6).

Í ágúst 2009 var haldinn vinnufundur á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins þar sem farið var yfir gögn og líkön sem eru notuð til að meta stærð loðnustofnsins og til ákvörðunar á bráðabirgða aflamarki. Líkönin voru ekki samþykkt þar sem ástæða þótti til að ætla að sá náttúrulegi dánarstuðull ($M=0.035$ á mánuði) sem hefur verið notaður frá því um miðjan níunda áratuginn sé of lágur. Lögð var til að frekari skoðun og greining á gögnum og líkönum og er sú vinna enn í gangi.

Veiðar á næstu loðnuvertíð (2011/2012) ættu að byggjast á kynþroska hluta árgangsins frá 2009, en auk þess á þeim hluta árgangsins frá 2008 sem ekki hrygnði vorið 2011. Um 92 milljarðar af ókynþroska loðnu mældust haustið 2010 (mynd 2.21.2).

Síðan 1992 hefur sama spálíkanið verið notað við útreikninga á bráðabirgða aflamarki þegar mæling á eins árs loðnu er til staðar. Upphafsaflamark hefur verið sett sem 2/3 af því. Samkvæmt þessari reglu hefði upphafskvóti á vertíðinni 2011/12 orðið 488 þús. tonn sem samsvarar 2/3 af 732 þús. tonnum. Einu sinni á tímabilinu frá 1992 hefur upphafsaflamark verið hærra en lokaafliamark. Það hefði ekki gerst ef upphafsaflamark hefði verið sett sem helmingur reiknaðs aflamarks í stað 2/3. Í ljósi ofangreinds og þess að spálíkanið er ekki samþykkt af Alþjóðahafrannsóknaráðinu þá leggur Hafrannsóknastofnunarinn til að lægra hlutfallið verði notað við ákvörðun á upphafskvóta. Tillagan um upphafsaflamark er því 1/2 af 732 þús. tonnum eða 366 þús. tonn. Jafnframt leggur Hafrannsóknastofnunarinn til að veiðar á komandi vertíð hefjist ekki fyrr en í október, þar sem loðnan eykur þyngd sína og fituinnihald hratt fram að þeim tíma.


Ráðgjöf um endanlegt aflahámark verður kynnt eftir mælingu á stærð veiðistofnsins haust/vetur 2011/12 með það viðmið að 400 þús. tonn verði skilin eftir til hrygningar í mars 2012.

2.22. KOLMUNNI *Micromesistius poutassou*



2.22.1. Veidarnar

Kolmunnaafli í Norðaustur-Atlantshafi frá 1970 er sýndur á mynd 2.22.1 og í töflu 3.22.1. Á árunum 1970–1981 jókst aflinn úr um 40 þús. tonnum í um 1,1 milljón tonn. Næstu ár minnkaði aflinn aftur og hélst nokkuð stöðugur á tímabilinu frá 1982–1997, um 600 þús. tonn. Þá jókst aflinn hratt frá 1998 og náði hámarki árið 2004 er hann var 2,4 milljónir tonna. Hann hefur minnkað síðan og var aflinn árið 2009 um 636 þús. tonn og árið 2010 er hann talinn hafa verið um 540 þús. tonn.



Mynd 2.22.1. KOLMUNNI. Heildarafi (þús. tonna) í NA-Atlantshafi árin 1970–2010.

Fig. 2.22.1. BLUE WHITING. Total landings (thous. tonnes) 1970–2010 from the NE-Atlantic Ocean.


Afli Íslendinga jókst ört á tímabilinu 1997–2003, úr rúmum 10 þús. tonnum í rúm 500 þús. tonn, en hefur farið minnkandi síðan (mynd 2.22.1). Afli Íslendinga árið 2009 var 120 þús. tonn og árið 2010 um 88 þús. tonn. Á árunum 1995–2005 voru 54–100% íslenska aflans veidd í íslenskrri lögsögu, en á árunum 2006–2007 voru rúm 60% íslenska aflans veidd í færeyskrri lögsögu. Árin 2006 og 2007 var 20% aflans veiddur á alþjóðlega hafsvæðinu vestur af Bretlandseyjum og árin 2008–2010 var nánast allur íslenski aflinn veiddur utan íslenskrar lögsögu.

2.22.2. Aldursskipting í afla

Upplýsingar um aldursskiptingu heildaraflans árið 2010 liggja ekki fyrir en í heildaraflanum árið 2009 voru árgangarnir frá 2003–2004 um 57% af fjölda veiddra fiska. Árgangarnir frá 2002 og 2005 voru um 24% af fjölda í veiði þannig að árið 2009 voru árgangarnir frá 2002–2005 um 81% í fjölda veiddra fiska. Árið 2008 báru árgangar 2002–2004 uppi veiðina og voru samtals um 77% veiddra fiska.

2.22.3. Ástand stofnsins


Í október ár hvert er gerð úttekt á kolmunnastofninum á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Nýjasta mat á stærð stofnsins er því frá október 2010. Samkvæmt því stofnmati stækkaði



KOLMUNNI. Veiðisvæði íslenskra skipa árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).


BLUE WHITING. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

hrygningarstofninn úr 2,2 milljónum tonna 1996 í um 6,8 milljón tonn árið 2003 með tilkomu mjög stórra árganga frá 1995–2004 en hefur minnkað síðan og er metinn um 1,3 milljónir tonna 2010 sem er lægra en skilgreind hættumörk (1,5 millj. tonn). Stærð hrygningarstofnsins í upphafi árs 2011 er samkvæmt stofnmati einungis tæp 800 þús. tonn. Þetta er nærri 90% minnkun á tímabilinu 2003–2011. Mynd 2.22.2 sýnir einnig meðalveiðidánartölu sem hefur verið á bilinu 0,40–0,57 á árunum 1998–2009. Fjöldi eins árs nýliða á árunum 1981–2009 er sýndur á mynd 2.22.3. Allir árgangar frá 1995–2004 eru taldir stórir eða mjög stórir og jafnframt sést að þeir eru allir metnir álíka stórir eða stærri en stærsti




Mynd 2.22.2. KOLMUNNI. Stærð hrygningarstofns 1981–2010 og meðalveiðidánartala (F) 3–7 ára kolmunna 1981–2009.

Fig. 2.22.2. BLUE WHITING. Spawning stock biomass 1981–2010 and mean F_{3-7} during 1981–2009.



Mynd 2.22.3. **KOLMUNNI.** Mat á stærð árganga 1980–2009 við eins árs aldur (í milljörðum).

Fig. 2.22.3. **BLUE WHITING.** Size of the 1980–2009 year classes. Number of recruits at age 1 (in billions).



Mynd 2.22.4. **KOLMUNNI.** Niðurstöður bergmálmælinga (vísitala í þyngd) á stærð kolmunnastofnsins á hrygningarslóð 1991–2011. Norskar mælingar 1991–2003 en fjölþjóðlegar mælingar frá þeim tíma.

Fig. 2.22.4. **BLUE WHITING.** Acoustic biomass index at spawning grounds since 1991. Norwegian results 1993–2003 but results from international surveys thereafter.

árgangurinn frá 1980–1994. Mat á stærð árganganna 2005–2008 bendir til þess að þeir séu allir litlir.

Norðmenn og Rússar hafa metið stærð hrygningarstofnsins með bergmálmælingum á hrygningarstöðvunum vestan Bretlandseyja og við Færeyjar í mars–apríl hvert ár síðan árið 1983. Frá árinu 2004 hafa rannsóknirnar verið gerðar í samstarfi margra þjóða. Þótt niðurstöður bergmálmælinga á uppsjávarfiskum séu oft taldar mæla raunverulega stofnstærð er talið að svo sé ekki um kolmunna þar sem nokkur óvissa er um endurvarpsstuðul hans. Því eru niðurstöður bergmálmælinganna notaðar sem vísitalur sem endurspeglar breytingar í stofnstærð. Niðurstöðurnar sýna að vísitala hrygningarstofns hefur verið á bilinu 4,1–11,1 milljónir tonna árin 1991–2009 (mynd 2.22.4.). Í mars–apríl 2010 var nokkur tímamunur milli skipa við mælingarnar og var vísitalan metin 3,1 milljón tonn sem var um 50% lækkun frá fyrra ári. Í mars 2011 var bráðabirgðamat á hrygningarstofninum 4,5 milljónir tonna. Þessi nýja vísitala hrygningarstofns ásamt aldursgreindum aflagögnum frá 2010 munu verða notuð við næstu úttekt á stofninum haustið 2011.

2.22.4. Horfur og tillögur um hámarksafla á árinu 2012

Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur lagt til að ekki verði veitt meira en 40 þús. tonn af kolmunna árið 2011. Þetta samsvarar fiskveiðidánartölu nálægt 0,05 og er í samræmi við varúðarsjónarmið og samþykktu nýtingarstefnu sem Íslendingar, Norðmenn, Færeyingar og Evrópusambandið hafa gert með sér um veiðar úr kolmunnastofninum. Vegna mjög lélegrar nýliðunar á undanförmum árum hefur hrygningarstofninn minnkað mjög hratt. Byggt á því samkomulagi þá var ákveðið á aðalfundi Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndar (NEAFC) í október 2010 að veiðar úr þessum stofni yrðu ekki meiri en 44 þús. tonn árið 2011. Þetta er 93% minni afli en mælt var með 2010. Hlutur Íslendinga í heildarveiðinni árið 2011 er um 6 500 tonn.


Aflatillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir árið 2012 munu liggja fyrir í október 2011 að loknum haustfundi ráðgjafanefndar þess.

2.23. MAKRÍLL *Scomber scombrus*




2.23.1. Afli, sókn og árgangaskipan

Aflapróun í makrílveiðum í Norðaustur-Atlantshafi frá því árið 1987 er sýnd á mynd 2.23.1 og í töflu 3.23.1. Afliinn var tiltölulega stöðugur á árunum 1987–2009, að meðaltali 667 þús. tonn, mestur 825 þús. tonn árið 1993 og minnstur 473 þús. tonn árið 1996. Áætlaður afli árið 2010 er rúm 900 þús. tonn, sem er mesti afli síðan 1970. Veididánartölur (F) árunum 1987–2009 eru sýndar á mynd 2.23.2. Eftir mikla aukningu á árunum 1998–2002 dró verulega úr fiskveiðidaða og árið 2009 var hann nálægt skilgreindum varúðarmörkum (F_{pa}) sem eru 0.23.



MAKRÍLL. Veidissvæði íslenskra skipa árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

NORTHEAST ATLANTIC MACKEREL. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).



Mynd 2.23.1. MAKRÍLL. Heildarafli (þús. tonna) árin 1987–2010.
Fig. 2.23.1. NORTHEAST ATLANTIC MACKEREL. Total landings (thous. tonnes) 1987–2010 from the NE-Atlantic.

Sumrin 2008, 2009 og 2010 var afliinn um 112, 116 og 130 þús. tonn, mestmegnis fenginn í beinum veiðum. Aðal veiðisvæði makríls á Íslandsmiðum hafa verið Austur- og Suðausturmið en jafnframt jókst veiðin á Suðvesturmiðum á árinu 2010. Aðeins óverulegur hluti íslenska aflans hefur veiðst utan íslenskrar lögsögu seinustu þrjú árin.


Upplýsingar um aldursskiptingu aflans árið 2010 liggja ekki fyrir. Árið 2009 báru árgangarnir frá 2002–2006 uppi veiðina með samtals um 86% af fjölda veiddra fiska.

2.23.2. Stofnmælingar

Þriðja hvert ár síðan 1977 hefur magn makríleggja verið metið í fjölþjóðlegum leiðangri, sem nær yfir tímabilið frá janúar til júlí. Árið 2010

Megin veiðisvæði makríls eru í Norðursjó og við Bretlandseyjar. Á því svæði er veiðin mest á haustin og fram á vor.

Síðustu ár hefur orðið vart við makríll á Íslandsmiðum í vaxandi mæli á sumrin og fram á haust og auknar göngur á Íslandsmiðum eru taldar tengjast hlýnun sjávar. Árið 2006 fór makríll að sjást sem meðafli í sumarsíldveiðum í flotvörpu fyrir Austurlandi og veiddust þá rúm 4 000 tonn. Sumarið eftir jókst þessi afli í rúm 36 þús. tonn.




Mynd 2.23.2. MAKRÍLL. Stærð hrygningarstofns 1987–2010 og veididánartala (F) 4–8 ára makríls 1987–2009.
Fig. 2.23.2. NORTHEAST ATLANTIC MACKEREL Spawning stock biomass 1987–2010 and mean F_{4-8} during the period 1987–2009.

TAFLA 2.23.1. MAKRÍLL. Tillögur Alþjóðahafsrannsóknaráðsins um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonna) 1998–2011.
MACKEREL. TAC recommended by ICES, national TAC and landings (thous. tonnes) 1998–2011.

Ár	Tillaga	Heildaraflamark	Afli
Year	Rec. TAC	Sum of National TAC	Landings
1998	498	549	667
1999	437	562	640
2000	642	612	738
2001	665	670	737
2002	694	683	773
2003	542	583	670
2004	545	532	650
2005	320–420	422	543
2006	373–487	444	473
2007	390–509	502	579
2008	349–456	458	611
2009	443–578	749 ¹⁾	735
2010	527–572	866 ¹⁾	930 ²⁾
2011	592–646	864 ¹⁾	

¹⁾ Ekkert samkomulag. No agreement.

²⁾ Með áætluðu brottkasti. Including estimated discards.



tóku bæði Færeyingar og Íslendingar þátt í þessum rannsóknum í fyrsta sinn. Hafsvæðinu vestur af Evrópu var skipt milli landanna í undirsvæði og 6 tímabil og hófust rannsóknirnar við strendur Portúgals í janúar. Leiðangur Hafrannsóknastofnunarinnar var í júní og stóð í tvær vikur. Niðurstöður fjölþjóðlega leiðangursins sýna að megin hrygning makrils á sér stað á hefðbundnum slóðum vestur af Bretlandseyjum, en hrygningin nær nú mun norðar en áður var og m.a. varð vart við makrilegg innan íslenskrar lögsögu. Niðurstöður leiðangursins eru notaðar við mat á stofnstærð makrils.

Í júlí–ágúst 2010 tók Hafrannsóknastofnunin þátt í alþjóðlegum leiðangri, annað árið í röð, sem hefur það að markmiði að rannsaka vistfræði og útbreiðslu og magn uppsjávarfiska í hafinu í kringum Ísland, Færeyjar og í Noregshafi. Þar sem þessar rannsóknir hafa aðeins verið gerðar í tvö ár eru niðurstöður þeirra ekki notaðar í mati á stærð stofnsins.

2.23.3. Ástand stofnsins og ráðgjöf

Úttekt á makrílstofninum á vegum Alþjóða-hafrannsóknaráðsins er gerð á haustin. Síðasta haust voru upplýsingar um magn makrileggja úr fjölþjóðlega leiðangrinum 2010 nýttar við úttektina ásamt aldursgreindum afla. Samkvæmt því stofnmati hefur hrygningarstofninn farið vaxandi allt frá 2003, er hann var 1,7 milljón tonn, upp í 3,0 milljónir tonna árið 2009 (mynd 2.23.2). Árið 2010 er hrygningarstofninn talinn hafa verið um 2,9 milljón tonn. Allir árgangar frá 2001–2008 nema 2003 og 2007 árgangarnir eru stærrir en meðaltal árana 1972–2008 (mynd 2.23.3). Óvissuþættir í stofnmatinu eru nokkrir. Þannig er mikil óvissa um stærð árganga sem eru að koma inn í veiðistofninn. Þá eru uppi vísbendingar um að árlegur heildarafli úr stofninum hafi verið mun meiri í gegnum árin en opinberar tölur gefi til kynna sem þá veldur vanmati á stofnstærðinni reiknaðri með aldurs-afla líkönum.

Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til að heildarafllinn árið 2011 yrði á bilinu 592–646 þús. tonn sem samsvarar veiðidánartölu 0.20–0.22 (tafla 2.23.1). Þá yrði hrygningarstofninn um 2,8 milljón tonn árið 2012. Þetta er talið samræmast varúðarsjónarmiðum. Ekki hefur náðst samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr stofninum um skiptingu aflans og aflu undanfarinna ára því verið langt umfram ráðgjöf. Aflatillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir árið 2012 munu liggja fyrir í október 2011 að loknum haustfundi ráðgjafanefndar þess.

2.24. NORRÆNA GULLDEPLA *Maurolicus muelleri*



2.24.1 Veiðar og líffræði

Tilraunaveiðar með flotvörpu á norrænu gulldeplu hófust í desember 2008 og þá veiddust nokkur tonn. Aflinn árið 2009 var rúm 46 þús. tonn, tæp 18 þús. tonn á árinu 2010 og um 9 þús. tonn í janúar–febrúar 2011.


Gulldepla er mjög smávaxinn fiskur af ætt silfurfiska. Hún verður kynþroska eins árs gömul og er þá um 2,5 cm að lengd en getur orðið 5 ára gömul og allt að 9 cm að lengd. Gulldepla finnst víða við Ísland í hlýja sjónum á svæði frá Vesturlandi að Suðausturlandi. Gulldepla hrygnir á vorin og sumrin á norðurhluta útbreiðslusvæðisins sem svæðið við Ísland fellur undir en allt árið sunnar.

Lítið er vitað um útbreiðslu og magn gulldeplu sem og annarra miðsjávarfiska í heimshöfunum en talið er að til norðurs takmarkist útbreiðsla við mörk hlýsjávar. Norðurmörkin í Atlantshafi eru þannig við Ísland og Norður-Noreg. Í Norður-Atlantshafinu finnst gulldepla í úthafinu ásamt öðrum miðsjávarfiskum eins og laxsildum. Gulldepla virðist blandast öðrum miðsjávartegundum í Grænlandshafi og í Suðurdjúpi á sumrin en lítið er vitað um dreifingu hennar á veturna. Líklegt er að hafstraumar hafi þar veruleg áhrif vegna smáðar fisksins.

2.24.2 Ástand stofnsins

Í janúar 2010 stóð Hafrannsóknastofnunin fyrir leiðangri með því markmiði að kortleggja útbreiðslu gulldeplu á Íslandsmiðum og jafnframt að reyna að meta hversu mikið magn af henni gæti verið um að ræða. Stofnunin taldi þó fyrirfram að erfitt gæti reynst að meta magnið, þar sem endurvarpstuðlar tegundarinnar eru óþekktir. Stofnunin hefur unnið að úrvinnslu gagna úr leiðangrinum en þeirri úrvinnslu er ekki enn að fullu lokið.

Bráðabirgðaniðurstöður leiðangursins sýna að gulldeplu var að finna frá Vesturlandi og allt austur að Austfjörðum. Mestur var þéttleikinn þó á sama svæði og veiðiskipin voru á þeim tíma, þ.e. í og við Grindavíkurdýpi. Til þess að hægt sé að meta magn gulldeplu með viðunandi öryggi er þörf á frekari rannsóknum á endurvarpsstuðlum tegundarinnar, en slíkar rannsóknir hafa ekki farið fram í Atlantshafi. Rannsóknir á skyldri tegund í Kyrrahafi hafa verið gerðar með tilliti til endurvarpsstuðla. Séu þeir stuðlar notaðir má áætla að magn gulldeplu í leiðangrinum hafi verið minna en 250 þús. tonn, þar af um 140 þús. tonn á því svæði sem veiðin hefur verið, sunnan við vestanvert landið. Þá sýna lengdardreifingar aflans að líklegast sé uppistaðan af magninu úr tveimur árgöngum, þar sem eldri árgangurinn var mest á veiðislóðinni, en yngri vestan við landið.



NORRÆNA GULLDEPLA. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

PEARLSIDE. Fishing grounds in 2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.24.3 Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2011/2012


Með hliðsjón af því að stofnstærð og afrakstursgeta gulldeplu á Íslandsmiðum er lítt þekkt sem og fæðutengsl gulldeplu við aðra nytjastofna, leggur Hafrannsóknastofnunin til að varlega verði farið í nýtingu stofnsins og að veiðar á næstu árum verði ekki auknar umfram það sem veiðst hefur að meðaltali undanfarin 2 ár, eða um 30 þús. tonn.

2.25. GULLLAX *Argentina silus*



2.25.1. Afli og sókn

Gulllax hefur veiðst í botnvörpu við Ísland um langt árabíl, einkum sem aukaafli við karfaveiðar og var lengst af kastað. Árið 1997 jókst áhugi á gulllaxveiðum verulega og mörg skip fengu leyfi til tilraunaveiða með botnvörpu. Aflinn jókst úr rúmum 800 tonnum árið 1996 í rúm 13 þús. tonn 1998 (mynd 2.25.1 og tafla 3.25.1), er beinar veiðar voru stöðvaðar í júlí það ár. Á árunum 2000–2007 var aflinn á bilinu 2 500–4 800 tonn. Mikil aukning varð í veiðum árið 2008 er aflinn náði 8 800 tonnum og svo með hverju ári þar á eftir eða um 11 þús. tonn árið 2009 og rúm 16 þús. tonn 2010. Breytingar á lönduðum afla endurspeglar markaðsaðstæður á undanföllum árum.



Mynd 2.25.1. GULLLAX. Heildarafli (þús. tonna) á Íslandsmiðum árin 1988–2010.


Fig. 2.25.1. GREATER SILVER SMELT. Total landings from Icelandic waters during the period 1988–2010 (thous. tonnes).

2.25.2. Ástand stofnsins

Gulllax er hægvaxta tegund og afrakstursgeta hans talin lítil. Upplýsingar um stærð og ástand stofnsins við Ísland eru takmarkaðar sem og tengsl hans við gulllax á nærliggjandi hafsvæðum.

Gulllax veiðist í árlegri stofnmælingu botnfiska í október. Hinsvegar er mikil óvissa í vísitölum sem helgast af hegðun tegundarinnar þar sem gulllax veiðist oft í fáum stórum togum og leitar einnig oft upp í sjó og er því illmælanlegur með botnvörpu. Til þess að minnka óvissuna hafa vísitölur verið endurreiknaðar út frá breyttum forsendum. Samkvæmt endurreiknuðum stofnvísitölum virðist stofnstærð gulllax hafa verið nokkuð stöðug frá 2004 til 2009 en lækkað um 40% árið 2010 (mynd 2.25.2).

Mikil breyting hefur orðið í aldursamsetningu gulllaxafla á undanföllum árum. Árið 1998 var meðalaldur í afla um 16 ár og meirihluti aflans eldri en 15 ára. Síðan 2008 hefur meðalaldur í afla verið tæp 10 ár og meirihluti aflans yngri en 10 ára. Samsvarandi breytingar sjást í meðallengd í afla.




GULLLAX. Veiðisvæði við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

GREATER SILVER SMELT. Fishing grounds 2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

Vísitala veiðihlutfalls (sjá viðauka 5.1) hefur aukist mikið síðastliðin þrjú ár og er nú um fimmfalt hærra en hún var 2007 (mynd 2.25.2).

2.25.3. Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2011/2012

Hafrannsóknastofnunin leggur til að afli gulllax fari ekki yfir 6 000 tonn fiskveiðiárið 2011/2012. Ráðgjöfin byggir á lækun stofnvísitalna og að vísitala veiðihlutfalls verði svipuð og var á árunum 2007 til 2009 er stofninn virtist vera í jafnvægi. Þá ítrekar Hafrannsóknastofnunin fyrri ráðgjöf um að varúðar sé þörf við nýtingu stofnsins og stjórnun veiðanna.



Mynd 2.25.2. GULLLAX. Vísitala veiðistofns (>30 cm og dýpi > 400 m) í stofnmælingu í október og þróun vísitölu veiðihlutfalls 2000–2010.


Fig. 2.25.2. GREATER SILVER SMELT. Index of fishable biomass (>30 cm and depth > 400 m) in annual groundfish survey in October and F_{proxy} (Yield/Index) in 2000–2010.

2.26. HUMAR *Nephrops norvegicus*



2.26.1. Afli og sókn

Alls var landað 2 540 tonnum af humri árið 2010 en 2 464 tonnum árið 2009. Þá var afli á sóknareiningu (kg á togtíma á tímabilinu maí–ágúst, staðlað við eitt troll) 74 kg árið 2010, samanborið við 80 kg og 113 kg árin 2009 og 2008. Humarafli árin 1970–2010 er sýndur á mynd 2.26.1 en heildarafli allt frá 1951 er sýndur í töflu 3.26.1 og í fjölda eftir aldri árin 1982–2010 í töflu 3.26.3.





Skipting humarafafla eftir svæðum á árunum 1970–2010 er sýnd í töflu 3.26.2. Árið 2010 veiddust 1 173 tonn á Suðvesturmiðum, 652 tonn við Vestmannaeyjar og á Suðausturmiðum 715 tonn. Afli var svipaður við Suðvesturland miðað við 2009, jókst um nær 40% á Vestmannaeyjamiðum en minnkaði nokkuð á Suðausturmiðum. Í heildina var afli á togtíma hár miðað við skráningar sem ná allt aftur til 1960 en þó talsvert lakari en metárin 2007 og 2008 (mynd 2.26.2).


2.26.2. Stofnmæling

Stofnvísitala humars í maí 2011 hefur farið hratt lækkandi frá árinu 2008 (mynd 2.26.2). Vísitalan mælist enn yfir meðaltali síðastliðins aldarfjórðungs og fylgir nokkuð vel afli á sóknareiningu. Samkvæmt stofnmælingu 2011 var 8–9 ára humar (árgangar 2002 og 2003) mest áberandi miðað við fjölda. Hlutfall 10–12 ára og á sumum svæðum enn eldri humars er þó áfram hátt. Einkum varð vart við góða nýliðun hjá 5 og 6 ára humri (árgangar 2004 og 2005) á humarslóð norðan við Eldey og er humar þar áberandi smærri en á undanförmum árum. Á öðrum svæðum voru ekki merki um að vænta megi góðrar nýliðunar í veiðistofni.

Stórauknar veiðar við Vestmannaeyjar árið 2005 og aukning í afli á sóknareiningu síðan þá byggðust á árgöngum frá 1994–1999 en sókn í þá hafði verið fremur lítil á árunum 2001–2004. Í stofnmælingu humars í maí 2006 komu fram vísbendingar um batnandi aflahorfur á vestustu svæðunum við



Reykjanes en þau höfðu verið slök um langt árabil. Afli árin 2007, 2009 og 2010 varð í kjölfarið sá mesti síðan á öndverðum áttunda áratugnum. Þetta verður með engu móti rakið til nýliðunar yngri árganga í stofninn á svæðinu enda hefur veiðin byggst mikið á 10–15 ára humri en einnig að verulegu leyti á enn eldri humri. Þróun nýliðunar




TAFLA 2.26.1.
Humar. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (tonn) árin 1984–2010/2011.

Nephrops. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1984–2010/2011.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark National TAC	Afli alls Total landings
1984	2 400	2 600	2 500
1985	2 300	2 400	2 400
1986	2 500	2 500	2 600
1987	2 700	2 800	2 700
1988	2 600	2 600	2 200
1989	2 100	2 100	1 900
1990	2 100	2 000	1 700
1991	2 100	2 100	2 200
1991/92 ¹⁾	2 100	2 100	2 200
1992/93 ¹⁾	2 200	2 400	2 400
1993/94 ¹⁾	2 200	2 400	2 200
1994/95 ¹⁾	2 200	2 200	1 000
1995/96 ¹⁾	1 500	1 500	1 600
1996/97 ¹⁾	1 500	1 500	1 200
1997/98 ¹⁾	1 500	1 200	1 400
1998/99 ¹⁾	1 200	1 200	1 400
1999/00 ¹⁾	1 200	1 200	1 300
2000/01 ¹⁾	1 400	1 400	1 400
2001/02 ¹⁾	1 500	1 500	1 577
2002/03 ¹⁾	1 600	1 600	1 687
2003/04 ¹⁾	1 600	1 600	1 437
2004/05 ¹⁾	1 500	1 500	2 035
2005/06 ¹⁾	1 600	1 800	1 946
2006/07 ¹⁾	1 700	1 800	1 946
2007/08 ¹⁾	1 900	1 900	1 999
2008/09 ¹⁾	2 200	2 200	1 999
2009/10 ¹⁾	2 200	2 200	2 456
2010/11 ¹⁾	2 100	2 100	


¹⁾ Fiskveiðiaríð september–ágúst. *Quota year September–August.*

suðvestanlands hefur verið mun óljósari heldur en á flestum öðrum svæðum. Stækkun stofnsins vegna árganga frá tíunda áratugnum og jafnvel fyrir 1990 fór þannig ekki að endurspeglast í auknum afla og afla á sóknareiningu fyrr en árið 2006 og þó sérstaklega 2007–2008. Í framhaldi veiðanna undanfarin ár mátti þó gera ráð fyrir einhverjum samdrætti í stærri humri eins og berlega kom í ljós í veiði 2010 og stofnmælingu 2011.



Mynd 2.26.4. HUMAR. Stærð veiðistofns (6 ára og eldri) ásamt hluta stórhumars (10 ára og eldri) árin 1971–2011 (þús. tonn), skv. stofnmati.

Fig. 2.26.4. NEPHROPS. Fishable stock (6+) and large category (10+) biomass during the period 1971–2011 (thous. tonnes).



Mynd 2.26.5. HUMAR. Spá um aldersdreifingu í aflanum (% af fjölda) 2011 og 2012.

Fig. 2.26.5. NEPHROPS. Prognosis of age distribution (% in numbers) of the 2011 and 2012 catches.

2.26.3. Stofnmat og horfur

Samkvæmt stofnmati með alders-afla greiningu eru árgangar kringum 1990 metnir frekar litlir. Humarstofninn var því í lágmarki og veiðarnar tregar á árunum um og upp úr 1995. Með batnandi nýliðun árganga frá og með 1994 jókst aflinn og árin 2007–2010 var afli á sóknareiningu í sögulegu hámarki.

Veiðidánartölur frá 1970 eru sýndar á mynd 2.26.3 og frá 1982 í töflu 3.26.5. Frá 1995 hefur verið stefnt að því að miða veiðar við kjörsókn í stofninn ($F=0.15$). Þó að það hafi að jafnaði gengið eftir hafa sveiflur í stofnstærð og/eda mismunandi aðstæður eftir veiðisvæðum stundum leitt til óvenju mikillar sóknar tímabundið á tilteknum miðum.

Veiðistofn humars (6 ára og eldri) árið 2011 telst samkvæmt núverandi mati vera rúm 16 þús. tonn (mynd 2.26.4 og tafla 3.26.4) eða nokkru minni en gert hafði verið ráð fyrir á síðasta ári. Þetta byggist á því að elstu árgangar eru að jafnaði metnir heldur minni en í síðustu úttekt auk þess sem veiði ársins 2010 var meiri en áætlað var.

Mynd 2.26.5 sýnir spá um aldersdreifingu humars í aflanum árin 2011 og 2012. Gert er ráð fyrir því að átta ára gamall humar verði mest áberandi í fjölda í veiðinni 2011 og 2012, þ.e. árgangar frá 2003–2004. Miðað við þyngd mun þó 10–11 ára humar (árgangar 2000–2002) vega hvað mest bæði árin. Búast má við að árin 2011 og 2012 verði humarinn stærstur á Suðvesturmiðum, líkt og undanfarin ár.

Í framreikningum á stofnstærð til ársins 2013, sem sýndir eru í töflu 2.26.2, eru árgangar 2006–2007 áætlaðir jafn stórir og meðalnýliðun árána 1995–2004. Þessir árgangar munu bætast í veiðistofninn árin 2012–2013. Þá er reiknað með að meðalþyngd eftir aldri verði eins og sýnt er í töflu 3.26.6 og að afli fiskveiðisársins 2010/11 verði 2 200 tonn.

2.26.4. Tillögur um hámarksafla fiskveiðiaríð 2011/2012

Tafla 2.26.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda og humaraflann frá árinu 1984. Humarstofninn hefur stækkað


verulega á undanförunum áratug eftir lægð í stofnstærð um miðjan tíunda áratuginn. Stækkun stofnsins má rekja til aukinnar nýliðunar og hóflegar sóknar í stofninn.

Hafrannsóknastofnunin leggur sem fyrr til að aflinn miðist við kjörsókn ($F=0.15$) og að humarafli fiskveiðiárið 2011/2012 fari ekki yfir 2 000 tonn.

TAFLA 2.26.2. HUMAR. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð veiðistofnsins (tonn) árið 2013. <i>NEPHROPS. Projection of fishable stock biomass (tonnes) in 2013 for</i> <i>different management strategies.</i>						
2011			2012		2013	
Stofn 6+	Afli	Aflhá- mark TAC	Stofn 6+	F ¹⁾	Stofn 6+	
Stock 6+	Catch		Stock 6+	F ¹⁾	Stock 6+	
16 300	0.17	2 200	1 800	16 300	0.14	16 800
			2 000	16 300	0.15	16 600
			2 200	16 300	0.17	16 300

¹⁾ F=Meðalveiðidánartala 6–13 ára humars.
Mean fishing mortality of age groups 6–13.

2.27. RÆKJA *Pandalus borealis*



2.27.1. Afli og sókn


Rækjuveiðar hafa verið stundaðar á Íslandsmiðum síðan á 4. áratug síðustu aldar en lengst af var eingöngu um að ræða takmarkaðar veiðar á grunnslóð. Rækjuveiðar á djúpslóð hófust upp úr 1980 og urðu fljótlega mun umfangsmeiri en veiðarnar á grunnslóð (tafla 3.27.1 og mynd 2.27.1).

Rækjuveiðar á Íslandsmiðum náðu hámarki á árunum 1994–1997 þegar aflinn var yfir 70 þús. tonn á ári. Frá 1997 hefur hann hins vegar dregist mjög hratt saman og náði lágmarki árið 2006 þegar aflinn var aðeins 860 tonn. Síðan þá hefur hann aukist smám saman, var 5 500 tonn árið 2009 og 7 500 tonn árið 2010.

2.27.2. Ástand rækju á grunnslóð 2010/2011 og tillögur að upphafsafli á fiskveiðiárinu 2011/2012


Í töflu 3.27.2 er yfirlit yfir veiðisvæði rækju á grunnslóð síðan 1990/91. Undanfarnir ár hafa veiðar nær eingöngu verið á svæðinu við Snæfellsnes. Árið 2010 voru aðeins stundaðar veiðar í Arnarfirði og við Snæfellsnes og var afli alls 1 100 tonn. Mynd 2.27.2 sýnir yfirlit yfir afla á einstökum svæðum en þar sést einnig að rækjustofnarnir norðanlands hrundu á árunum 1997–2000 og kemur það bæði fram í stofnvisitölum og afla. Sama gerðist í Ísafjarðardjúpi á árunum 2002–2004 og í Arnarfirði 2004–2005. Á öllum þessum svæðum er talið að afrán þorsks og ýsu hafi átt verulegan þátt í hruni rækjustofnanna.

Tafla 2.27.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvarðanir stjórnvalda um heildaraflamark og rækjuafli á grunnslóð vertíðarnar 1984/85–2010/11. Mat á ástandi rækjustofna á grunnslóð byggir á stofnmælingu í apríl (við Snæfellsnes) og september/október (norðan- og norðvestanlands). Hafrannsóknastofnunin leggur til að ekki verði gefinn út upphafskvóti fyrir fiskveiðiárið 2011/2012 á öðrum svæðum en við Snæfellsnes.



Mynd 2.27.1. RÆKJA. Heildarafla í Íslandsmiðum á grunnslóð og djúpslóð árin 1964–2010.

Fig. 2.27.1. NORTHERN SHRIMP. Total landings at Iceland from inshore and offshore areas during 1964–2010.



RÆKJA. Veiðisvæði úthafsækju við Ísland árið 2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn á sjm²).

NORTHERN SHRIMP. Fishing grounds in 2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes nmi²).


Á miðunum við Snæfellsnes hefur afli verið lítil undanfarnir ár. Árið 2009 veiddust 194 tonn inni á Breiðafirði og 25 tonn árið 2010. Í Kolluál veiddust 580 tonn árið 2009 en 787 tonn árið 2010. Í Jökuldjúpi hefur afli verið óverulegur undanfarnir ár nema árið 2000 er hann var rúm 1 100 tonn (mynd 2.27.2). Lagt er til að afli á miðunum við Snæfellsnes verði að hámarki 850 tonn á fiskveiðiárinu 2011/2012. Þó

Tafla 2.27.1.

RÆKJA Á GRUNNSLÓÐ. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (í tonnum) vertíðarnar 1984/85–2010/2011.

NORTHERN SHRIMP, INSHORE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1984/85–2010/2011.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark TAC	Afli Catch
1984/85	7 200	7 400	7 400
1985/86	5 900	6 000	6 100
1986/87	2 900	3 000	2 600
1987/88	3 400	3 800	3 800
1988/89	3 500	3 800	3 800
1989/90	4 200	4 500	4 500
1990/91	6 800	6 900	7 000
1991/92	6 900	6 900	7 100
1992/93	7 400	7 400	7 400
1993/94	8 000	8 000	8 000
1994/95	9 100	9 100	9 100
1995/96	11 900	11 900	11 900
1996/97	10 000	10 000	10 000
1997/98	6 900	6 900	6 900
1998/99	4 900	4 900	4 900
1999/00	3 290	3 290	3 300
2000/01	2 500	2 500	2 500
2001/02	2 400	2 400	2 400
2002/03	1 950	1 950	1 700
2003/04	750	800	800
2004/05	650	650	700
2005/06	200	200	250
2006/07	200	200	300
2007/08	550	550	700
2008/09	900	900	1 400
2009/10	1 200	1 200	1 100
2010/11	850	850	



svæðið heyrir til úthafs-rækjuveiða, virðist sem rækjan í Kolluáll og Jökuldjúpi tilheyrir ekki úthafs-rækju en sé af sama stofni og rækjan í sunnanverðum Breiðafirði. Leggur Hafrannsóknastofnunin því til að svæðinu við Snæfellsnes (Kolluáll, Jökuldjúp og

Breiðafjörður) verði lokað fyrir rækjuveiðum þegar ráðlögðu aflamarki er náð.

Samkvæmt stofnmælingu árið 2010 var rækjustofninn við Eldey enn lítill. Engar veiðar hafa verið leyfðar við Eldey frá því að rækjustofninn á

svæðinu hrundi árið 1997 (mynd 2.27.2).

Samkvæmt stofnmælingu veturinn 2010/2011 var rækjustofninn í **Arnarfirði** undir meðallagi (mynd 2.27.2). Rækjan mældist einkum í Borgarfirði og var útbreiðsla rækjunnar að hausti svipuð og hún hefur verið frá árinu 2004. Magn þorsks og ýsu var meira en haustið 2009. Eftir haustkönnun árið 2010 voru lagðar til veiðar á 400 tonnum af rækju. Hafrannsóknastofnunin mun ekki leggja fram tillögu um upphafsafli fiskveiðiárið 2011/2012 fyrr en að lokinni könnun svæðisins í október 2011.

Samkvæmt stofnmælingu í október mældist rækjustofninn í **Ísafjarðardjúpi** nálægt sögulegu lágmarki. Eins og á flestum grunnslóðasvæðum var þorskgengd mjög mikil árin 2003–2005. Mikil fiskgengd er talin hafa valdið mestu um minnkunina frá árinu 2007. Í október 2010 mældist fjöldi af þorski og ýsu yfir meðallagi og því ólíklegt að rækjustofninn þar muni vaxa á næstunni. Ekki er lagður til upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2011/2012.

Í stofnmælingu í október 2010 mældust litlar breytingar frá fyrri árum á stærð rækjustofna í **Húnaflóa**, **Skagafirði**, **Skjálfanda** og **Öxarfirði** (mynd 2.27.2). Rækjustofnar á þessum fjórum svæðum hafa verið í lögð og veiðar ekki stundaðar síðustu 10–12 vertíðir. Hrun stofnanna var rakið til aukinnar fiskgengdar á svæðunum. Hlutfallslega mikið var af ungrækju í Skagafirði og Skjálfanda en þar hefur magn ungrækju ekki mælst hærra síðan fyrir hrun stofnanna. Almennt var mun minna eða svipað magn af ýsu en árið 2009 á þessum fjórum svæðum. Í Húnaflóa var ýsumagn þó langt yfir meðaltali árána 1996 til 2010. Þorskmagn var hins vegar svipað eða meira en árið 2009 og í Skagafirði hefur þorskmagn ekki mælst meira síðan 2002. Ekki er lagður til upphafsafli fyrir þessi svæði fiskveiðiárið 2010/2011.

Meðalstærð rækju (fjöldi/kg) eftir svæðum er sýnd í töflu 3.27.4. Smæst var rækjan á grunnslóð árið 2010 í Skagafirði (500 stk/kg) og í Húnaflóa (428 stk/kg). Rækjan árið 2010 var stærst í Breiðafirði (181 stk/kg) og við Eldey (199 stk/kg).

2.26.3. Þróun úthafs rækjuveiða og aflabróð

Úthafs rækjuveiðar fyrir Norðurlandi hófust á áttunda áratugnum og voru fremur litlar til ársins 1984 en þá jukust þær verulega og náðu hámarki árið 1997, rúm 65 þús. tonn. Frá 1998 til 1999 minnkaði afli úr 49 þús. tonnum í 27 þús. tonn og hélst á bilinu 20–27 þús. tonn til ársins 2003. Árin 2004 og 2005 minnkaði aflinn enn meira og var aðeins um 600 tonn árið 2006 (tafla 3.27.3). Frá 2006 hefur aflinn aukist og var rúm 6 000 tonn árið 2010. Undanfarni átta ár hefur rækjuafli verið minni en leyfilegur hámarksafli. Úthafs rækjuafli einstakra undirsvæða er sýndur í töflu 3.27.3.


Afli á togtíma (staðlaður miðað við 1600 möskva vörpu) hefur verið nokkuð breytilegur frá því að veiðar hófust en náði hámarki árið 1996, 200 kg/klst

en féll hratt eftir það í 83 kg/klst árið 1999. Á árunum 2001–2003 jókst afli á togtíma aftur en minnkaði árin 2004 og 2005 í um 100 kg/klst (mynd 2.27.3). Síðan þá hefur hann aukist talsvert og er nálægt meðaltali árána 1988–2010, en þar gæti áhrif minnkandi sóknar ráðið fremur en stækkun stofnsins. Meðalstærð rækju frá 1990–2010 eftir svæðum er sýnd í töflu 3.27.5. Árið 2010 var úthafs rækjan smæst í Bakkaflóadjúpi og Langanesdjúpi (288 stk/kg). Hún var stærst á Rauða torgi (146 stk/kg) og Norðurkanti (149 stk/kg). Meðalstærð breytist aðallega eftir styrk árganga á hverju svæði.

Rauða torgið og **Hali** eru utan hefðbundins stofnmælingarsvæðis. Á Rauða torginu hefur rækjuafllinn verið upp í 1 400 tonn en 2 000 tonn á Halanum. Engin rækjuveiði hefur verið á þessum svæðum frá árinu 2005, fyrir utan 99 tonna afli á Halanum árið 2009 (tafla 3.27.3).

2.26.4. Stofnmælingar

Hafrannsóknastofnunin hefur staðið fyrir stofnmælingum á úthafs rækju (SMR) allt frá árinu 1988. Árið 2006 var stofnmælingin endurskoðuð og stöðvum fækkað um helming. Samanburður við fyrri stofnmælingar, reiknaður út frá sömu stöðvum og notaðar voru árið 2006–2008, leiddi ekki í ljós marktækan mun á niðurstöðum frá árunum 1988–2005 en óvissan í vísitölunum jókst um 40%. Stofnmælingin nær til allra úthafs rækjumíðanna fyrir Norðvestur-, Norður- og Austurlandi. Stofnvísitalan 2010 mældist örlítið lægri en árið 2009 og er enn nálægt sögulegu lágmarki. Vísitala kvendýra mældist lægri en síðustu ár og er hrygningarstofninn nú undir meðaltali árána 1988–2010. Litið er á tveggja ára rækju sem nýliðun, en fjöldavísitala tveggja ára árið 2010 var sú lægsta sem mælst hefur frá upphafi stofnmælinga úthafs rækju (mynd 2.27.4). Það lítur því út fyrir að árgangar 2002–2008 séu allir mjög litlir.




Mynd 2.27.3. **RÆKJA**. Staðlaður afli á sóknareiningu (kg/klst.) 1974–2010 á helstu úthafs rækjusvæðum og stofnvísitala úthafs rækju 1988–2010.

Fig. 2.27.3. **NORTHERN SHRIMP**. Standardized CPUE during 1974–2010 and stock biomass indices in 1988–2010 in major offshore fishing grounds.

2.26.5. Stofnmat og forsendur

Afrán þorsks á rækju er talið hafa veruleg áhrif á stofnstærð rækju en til þess að geta metið afránið þarf að hafa mat á magni þorsks á útbreiðslusvæði rækjunnar. Mynd 2.27.5 sýnir þrjár mismunandi vísitölur um magn þorsks á Norðurmiðum, þ.e. vísitölur þorsks í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB 1985–2010), vísitölur þorsks í stofnmælingu úthafsækju (SMR) í júlí–ágúst 1987–2010 og vísitölur þorsks í stofnmælingu að hausti (SMH 1996–2010). Vísitölur SMB og SMH gefa vísendingar um magn þorsks fyrir öllu Norður- og Austurlandi (frá Norðurlandi að Berufirði) að hausti og vetri. SMR vísitölur sýna þorskmagn þar sem rækjan heldur sig í djúpunum fyrir norðan og austan að sumri.

Vísitölurnar úr SMR og SMB gefa mjög ólíka mynd af þorskmagni á útbreiðslusvæði rækju. Samkvæmt SMR er mun meira af þorski á árunum 1996–2010 en árin 1987–1995. Á árunum 1989–1995 fékkst nánast enginn þorskur en á þeim tíma náði úthafsækjuafliinn hámarki. Mikið hefur mælst



Mynd 2.27.4. RÆKJA. Nýliðun tveggja ára úthafsækju (fjöldi) á svæðinu Norðurkantur—Héraðsdjúp árin 1988–2010.

Fig.2.27.4. NORTHERN SHRIMP. Recruitment indices of 2 year old shrimp in the area Norðurkantur—Héraðsdjúp during 1988–2010.

af þorski í SMR og SMH á undanförunum 8 árum.

Fjölstofnalíkani (Gadget) hefur verið beitt við stofnmat á rækju. Líkanið tekur bæði tillit til lengdar og aldurs rækjunnar. Í líkaninu er gert ráð fyrir að náttúruleg dánartala af völdum þorsks sé í réttu hlutfalli við magn þorsks á rækjussvæðinu. Í líkaninu eru notaðar niðurstöður úr mismunandi stofnmælingum sem mælikvarði á afrán þorsks á rækju.

Niðurstöður stofnmatslíkansins benda til að rækjustofninn sé í mun verra ástandi en stofnmæling úthafsækju bendir til. Munurinn virðist tengjast nýliðunarvísitölum en eins og sést á mynd 2.27.4 hefur nýliðun rækju undanfarin sex ár verið mjög lítil. Þessi lélega nýliðun getur engan veginn haldið stofninum í stöðugu ástandi eins og niðurstöður SMR gefa þó til kynna. Samband nýliðunar og nýliðunarvísitalna virðist því flóknara en talið hefur verið og þarfnast frekari rannsóknna.

2.26.6. Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2011/2012

Niðurstöður SMR árið 2010 benda til að stofninn sé lítill, afrán þorsks frekar mikið og nýliðun virðist vera léleg eins og verið hefur undanfarin ár. Sókn í stofninn hefur verið mjög lítil undanfarin ár og skýrir það að vísitala kvendýra hefur verið fyrir ofan meðallag síðustu ár, þrátt fyrir mikið afrán þorsks. Þó virðist þorskurinn síður éta stóru rækjuna. Lækkun kvendýravísitölu árið 2010 gæti skýrst af aukinni sókn síðustu tveggja ára.

Í ljósi ofangreindra upplýsinga telur Hafrannsóknastofnunin að ekki séu forsendur fyrir breytingu á aflamarki og leggur til að heildaraflamark úthafsækju á fiskveiðiárinu 2011/2012 verði 7 000 tonn, sem er sama aflamark og lagt var til fyrir síðustu fimm fiskveiðiár.


2.26.7. Rækjuveiðar á öðrum hafsvæðum

Talið er að meirihluti rækjustofnsins á **Dohrnbanka** og við Austur-Grænland haldi sig vestan miðlinu milli Íslands og Grænlands, en sú lína liggur yfir nyrstu rækjumíðin á Dohrnbanka. Engir samningar eru um sameiginlega stjórn veiða og

Tafla 2.27.2. ÚTHAFSRÆKJA. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (í tonnum) árin 1987–2010/2011. NORTHERN SHRIMP, OFFSHORE. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (tonnes) 1987–2010/2011.

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Heildaraflamark TAC	Afli Catch
1987 ¹⁾	30 000	30 000	33 400
1988 ¹⁾	30 000	30 000	24 500
1989 ¹⁾	20 000	20 900	20 900
1990 ¹⁾	22 000	24 600	24 400
1991 ¹⁾	28 000	-	30 700
1991/92 ²⁾	35 000	40 000	34 200
1992/93 ²⁾	35 000	40 000	41 800
1993/94 ²⁾	40 000	52 000	53 200
1994/95 ²⁾	60 000	62 000	61 200
1995/96 ²⁾	40 000 ³⁾	63 000	65 000
1996/97 ²⁾	55 000	60 000	57 300
1997/98 ²⁾	70 000	75 000	60 900
1998/99 ²⁾	40 000 ⁴⁾	40 000	30 700
1999/00 ²⁾	20 000	20 000	20 700
2000/01 ²⁾	25 000	25 000	22 100
2001/02 ²⁾	35 000	35 000	27 400
2002/03 ²⁾	30 000	30 000	24 300
2003/04 ²⁾	20 000	20 000	18 000
2004/05 ³⁾	15 000 ⁵⁾	10 000	5 100
2005/06	10 000	10 000	800
2006/07	7 000	7 000	1 570
2007/08	7 000	7 000	1 340
2008/09	7 000	7 000	3 164
2009/10	7 000	7 000	6 316
2010/11	7 000	-	-

¹⁾ Almanaksár. Calendar year.
²⁾ Fiskveiðiár. Quota year.
³⁾ Tillaga um upphafsaflla. Provisional TAC.
⁴⁾ Tillaga um leyfilegan hámarksafla var upphaflega 60 þús. tonn en var endurskoðuð í janúar 1999 og breytt í 40 þús. tonn. Recommended TAC originally set at 60 thous. tonnes, but revised to 40 thous. tonnes in January 1999.
⁵⁾ Engin tillaga um hámarksafla en sagt að óbreytt sókn leiði af sér 15 þús. tonna afla. TAC not set but unchanged effort gives 15 thous. tonnes.



aflskiptingu úr stofninum. Afli allra þjóða við Austur-Grænland var tæp 5 þús. tonn árið 2007, tæp 3 þús. tonn árið 2008 og tæp 5 þús. tonn árið 2009, samanborið við rúm 12 þús. tonn að meðaltali á árabílinu 1994 til 2003. Afli Íslendinga á Dohrnbanka hefur lengst af verið mjög breytilegur enda liggur oft ís yfir miðunum. Afliinn fór mest í 2 900 tonn árið 1997. Frá 2006 hafa Íslendingar nánast ekkert veitt á Dohrnbanka. Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðiráðið (NAFO) leggur til að afli fyrir allt svæðið við Austur-Grænland verði ekki meiri en 12 400 tonn fyrir árið 2011. Þetta er sama aflamark og fyrir árin 2004–2010. Afli Grænlandinga og Norðmanna á sóknareiningu hefur verið mikill nær öll árin 2001–2009, einkum norðan 65°N og bendir það til að ástand stofnsins sé gott.

Árið 1993 hófust veiðar á **Flæmingjagrunni**, alþjóðlegu hafsvæði austan Kanada. Heildaraflinn jókst í tæp 64 þús. tonn árið 2003 en minnkaði í rúm

18 þús. tonn árið 2006. Árið 2008 var rækjuafli tæp 13 þús. tonn og rúm 5 þús. tonn árið 2009. Litlar upplýsingar hafa fengist um rækjuafli árið 2010 en þær verða teknar saman af NAFO í október 2011. Afli Íslendinga jókst úr um 2 200 tonnum árið 1993 í tæplega 21 þús. tonn árið 1996. Á árunum 1997–2005 var aflinn á bilinu 3 600–9 300 tonn. Árið 2006 var aflinn tæp 2 000 tonn (tafla 3.27.1) en síðan þá hafa íslensk skip ekki stundað veiðarnar.

Rækjuveiðar hófust á **Miklabanka** árið 1993 en lítið veiddist fyrstu tvö árin. Færeyingar stunduðu tilraunaveiðar á árunum 1996–1999 og árið 2000 ákvað NAFO 6 000 tonna aflahámark og skyldu Kanadamenn veiða 5 000 tonn en 1 000 tonn skiptast á milli aðildarþjóða NAFO. Þannig komu 67 tonn í hlut hverrar þjóðar. NAFO lagði til að aflahámark á Miklabanka yrði aukið í 13 þús. tonn fyrir árin 2004 og 2005. Þetta svaraði til 144 tonna fyrir hverja þjóð utan Kanada. Leyfilegur hámarksafli jókst í 22 þús. tonn fyrir árin 2006–2007 þar sem vísindanevnd NAFO ákvað að veiða mætti 12% af vísitölu veiðistofns árunum 2002–2004. Aflamarkið fyrir árið 2010 var 30 þús. tonn.


Aflahámark íslenskra skipa fyrir árin 2006 og 2007 var 245 tonn. Skráður afli íslensku skipanna árið 2006 var 226 tonn (tafla 3.27.1). Á árunum 2007 til 2009 var enginn skráður afli íslenskra skipa en árið 2010 var aflinn 185 tonn (tafla 3.27.1).

2.28. HÖRPUDISKUR *Chlamys islandica*



2.28.1. Afli og sókn

Hörpudisksveiðar voru ekki heimilaðar fiskveiðiárið 2010/11, áttunda árið í röð. Heildaraflinn var að jafnaði 9 500 tonn á árunum 1996–2000, þar af 8 500 tonn í Breiðafirði (mynd 2.28.1 og tafla 3.28.1). Á árunum 1996–1999 var meðalafli á sóknareiningu (á togtíma miðað við einn plóg) í Breiðafirði um 1 600 kg en minnkaði í 709 kg árið 2003 þegar veiðar voru síðast stundaðar (mynd 2.28.2).




Mynd 2.28.1. HÖRPUDISKUR. Heildaraflí 1969–2010 og afli í Breiðafirði.

Fig. 2.28.1. ICELAND SCALLOP. Total landings during the period 1969–2010 along with landings from the Breiðafjörður area.

2.28.2. Ástand stofnsins

Samkvæmt stofnmælingu í Breiðafirði í apríl 2001 mældist vísitala veiðistofnsins, í þyngd um 27% lægri en að jafnaði árin 1993–2000. Þessi þróun hélt síðan áfram í stofnmælingum sem gerðar voru árin 2002–2008. Hörpudisksstofninn mældist í sögulegu lágmarki árin 2007 og 2008 eða um 13% af meðaltali árunum 1993–2000 og var vísitalan 2010 áfram mjög lág eða 14% af meðaltali árunum 1993–2000. Sú breyting hefur þó orðið í síðustu mælingum að hlutdeild 60 mm skelja og stærri hefur aukist. Yngri skeljum fer aftur á móti áfram fækkandi í stofninum enda mælast allir árgangar 2004–2009 við sögulegt lágmark. Aukningu í þyngd stofnsins frá 2008 til 2010 má því rekja til vaxtar eldri skelja.

Samfara hnignun stofnsins hefur útbreiðslu-svæðið farið minnkandi og náttúruleg dauðsföll mælst há. Rannsóknir sýna að samband er á milli minnkunar stofnsins og dauðsfalla sem ekki tengjast veiðum. Líkleg orsök affallana er umtalsverð frumdýrasýking samfara vefjabreytingum í samdráttarvöðva hörpudisksins. Sýkingin kemur einnig fram í skertri þroskun kynkirtla sem að líkindum, ásamt litlum hrygningarstofni, hefur haft neikvæð áhrif á nýliðun. Tíðni dauðsfallanna fór vaxandi með stærð/aldri skeljanna og þeirra gætti einkum í veiðistofninum en minna meðal yngri skelja. Sú aukning sem kom fram í eldri hluta stofnsins frá 2007–2010 virðist samfara minnkandi




HÖRPUDISKUR. Veiðisvæði við Ísland árin 1995–2003. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

ICELAND SCALLOP. Fishing grounds in 1995–2003. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nm²).

dauðsföllum og sýkingu miðað við árin þar á undan. Vöðvafylling skeljanna hefur einnig verið betri undanfarin tvö ár. Jákvæð merki um betri nýliðun sáust einnig í aukinni ásetu lirfa hörpudisks haustið 2010 en hún hefur verið vöktuð síðan árið 2005.

2.28.3. Horfur og tillögur um hámarksafli fyrir fiskveiðiárið 2011/2012

Mikil umskipti hafa orðið í stærð stofnsins síðan árið 2000 og mælist hann nærri sögulegu lágmarki. Flest allir árgangar frá 2004–2009 mælast mjög slakir og eru því ekki horfur á að ástand veiðistofnsins batni verulega á næstu árum. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að veiðar á hörpudiski verði ekki heimilaðar fiskveiðiárið 2011/2012.



Mynd 2.28.2. HÖRPUDISKUR. Stofnvísitala í Breiðafirði árin 1977–2010 og afli á sóknareiningu hjá skelbátum á sama svæði og sama tíma.

Fig. 2.28.2. ICELAND SCALLOP. Survey biomass index in Breiðafjörður 1977–2010 and CPUE from scallop boats in the same area during the same period.

2.29. KÚFSKEL *Arctica islandica*




2.29.1. Afli og sókn

Fram til ársins 1987 var kúfskel veidd í takmörkuðum mæli til beitu en veiðar á kúfskel til mannelis voru stundaðar frá Vestfjörðum á árunum 1987–1999. Veiðisvæði náði frá Breiðafirði að Skagatá og var landaður afli á bilinu 1 100 til 7 700 tonn (tafla 3.29.1). Árið 1996 var gefið leyfi til veiða á 12 þús. tonnum af kúfskel á svæðinu frá Skagatá austur um að Ingólfshöfða. Veiðar á þessu svæði voru stundaðar með hléum til ársins 2001 og var landaður afli á bilinu 700 til 7 400 tonn (mynd 2.29.1 og tafla 3.29.1). Síðastliðin níu fiskveiðiár hafa verið veitt tilraunaveiðileyfi til veiða á 24 þús. tonnum af kúfskel á ári, á svæðinu frá Garðskaga réttislausis að Ingólfshöfða. Veiðar hafa verið takmarkaðar frá 2005 vegna markaðsaðstæðna og var landaður afli 2010 aðeins eitt tonn (tafla 3.29.1). Afli á sóknareiningu samkvæmt afladagbókum var svipaður árin 2001–2008, 7 000–10 100 kg/klst en sóknin var mismikil. Árið 2009 lögðust allar hefðbundnar veiðar með vatnsprýstiplógi af en í staðinn notaður lítill tannplógur þar sem eingöngu eru veiddar smærri skeljar sem seldar eru lifandi á markaði.

2.29.2. Ástand stofnsins

Kúfskel er langlíf og hægvoxta og uppistaða veiðistofnsins eru stórar og gamlar skeljar. Elsta kúfskel sem aldursgreind hefur verið við Ísland var yfir 400 ára gömul. Talið er að nýliðun sé lítil.

Þéttleiki kúfskeljar á 5–50 m dýpi var kannaður í Faxaflóa, Breiðafirði og við Suðausturland árið 1987, en við Vestfirði, Norður- og Norðausturland árið 1994. Magn kúfskeljar við Norðausturland var endurmetið árið 2005 og var þá stofninn á þessum svæðum áætlaður um 1,3 milljónir tonna. Magn kúfskeljar sunnanlands frá Garðsskaga að Tvískerjum hefur enn ekki verið metið.



KÚFSKEL. Veiðisvæði við Ísland árin 1998–2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).


OCEAN QUAHOG. Fishing grounds in 1998–2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.29.3. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012

Aflamark hefur hingað til ekki verið svæðisbundið en til að koma í veg fyrir ofnýtingu einstakra svæða og tryggja að sókn dreifist jafnar á útbreiðslusvæði stofnsins, ætti aflamark að vera bundið ákveðnum veiðisvæðum.

Í varúðarskyni er lagt til að á hverju 4–7 ára tímabili verði að jafnaði ekki veitt meira árlega en sem nemur 2,5% af áætluðu magni kúfskeljar á hverju veiðisvæði. Þar sem þéttleiki kúfskelja sunnan lands er óþekktur er ekki hægt að veita ráðgjöf varðandi aflamark á því svæði.

Með hliðsjón af ofansögðu leggur Hafrannsóknastofnunin til að heildarafli af kúfskel verði ekki meiri en 31 500 tonn fiskveiðiárið 2011/2012 á veiðisvæðunum fyrir vestan, norðan og austan land.



MYND 2.29.1 KÚFSKEL. Afli á Íslandsmiðum eftir veiðisvæðum 1994–2010.

FIG. 2.29.1 OCEAN QUAHOG. Landings from Icelandic fishing grounds by sub areas 1994–2010.


2.30. BEITUKÓNGUR *Buccinum undatum*



Tilraunaveiðar á beitukóngi hófust í Breiðafirði árið 1996 og var landað um 500 tonnum það ár. Síðan þá hefur aflinn verið sveiflukennndur vegna markaðsaðstæðna, mest 1 284 tonn árið 1997 en nánast enginn árin 1998 og 2002. Árið 2003 jókst sóknin aftur vegna hagstæðari markaða og fór aflinn upp í 991 tonn árið 2005. Eftir það hefur aflinn dregist saman og var einungis 142 tonn árið (tafla 3.30.1).

Meðalafli í hverja dregna gildru árið 2010 var 3,3 kg samanborið við 2,6 kg kg árið 2009. Þetta er nokkuð undir meðaltali árána 1996–2005 en þá var aflinn að jafnaði 3,6 kg í dregna gildru. Frá upphafi veiða hefur afli í gildru verið á bilinu 1,9–4,8 kg (tafla 3.30.1).

Þar sem stofnstærð er óþekkt og lítið vitað um afraksturgetu tegundarinnar ber að fara varlega í nýtingu stofnsins þar til frekari upplýsingar um afrakstursetu liggja fyrir.



BEITUKÓNGUR. Veiðisvæði við Ísland árið 2000–2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

WHELK. Fishing grounds in 2000–2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.31. SÆBJÚGA *Cucumaria frondosa*




2.31.1 Afli og sókn

Tilraunaveiðar á sæbjúgum til mannelis hófust í sunnanverðum Breiðafirði árið 2003 en landaður afli var lítil til ársins 2008, þegar hann var tæplega 1 000 tonn. Landaður afli var aðeins 50 tonn árið 2006 en jókst eftir það og var 2 246 tonn árið 2010. Aðalveiðislóðir árið 2010 voru í Faxaflóa (1 300 tonn), úti fyrir Austurlandi (700 tonn) og við Vestfirði (200 tonn). Afli á sóknareiningu árið 2010 samkvæmt afladagbókum var að meðaltali 1 030 kg/klst sem er svipað og var árið á undan (tafla 3.31.1).

Skilgreind veiðisvæði sæbjúgna við landið eru þrjú (Reykjanesviti-Skagatá, Skagatá-Glettinganes og Glettinganes-Reykjanesviti) og hafa þrjár bátar leyfi á hverju svæði. Engar veiðar eru leyfðar í júní og júlí vegna hrygningar.

2.31.2 Ástand stofnsins

Lítið er vitað um útbreiðslu og magn sæbjúgna við Ísland en talið er að útbreiðslan sé mjög blettótt. Stofnstærðarmæling hefur aðeins farið fram á fjórum veiðislóðum innan eins skilgreinds veiðisvæðis við landið, þ.e. í mynni Aðalvíkur (3 100 tonn) og á þremur slóðum í Faxaflóa (alls rúm 15 000 tonn). Veiðihæfni plógsins sem notaður er við veiðarnar er ekki þekkt en við mat á stofnstærð er gert ráð fyrir 100% veiðihæfni.



SÆBJÚGA. Veiðisvæði við Ísland árin 2008–2010. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

SEA CUCUMBER. Fishing grounds in 2008–2010. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.31.3 Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2011/2012


Hafrannsóknastofnunin leggur til að afli fiskveiðiárið 2011/2012 á hverri þekktri veiðislóð innan hvers skilgreinds veiðisvæðis fari ekki yfir 10% af áætlaðri stofnstærð þeirrar slóðar og að fjöldi veiðileyfa verði áfram takmarkaður. Eins og komið er fram hefur stofnunin ekki metið stærð stofna á öllum veiðislóðum, sem fer fjölgandi, en mun áfram vinna að því í samvinnu við útgerðir veiðiskipa. Ef fram koma vísbendingar um breytingar í aflabrögðum á einhverjum veiðisvæðanna þriggja mun Hafrannsóknastofnunin áætla stofnstærð innan hvers svæðis. Í framhaldi þeirra mælinga mun stofnunin leggja fram tillögur að heildaraflamarki hverrar veiðislóðar.

2.32. ÍGULKER *Strongylocentrotus droebachiensis*



